# FRÉTTABLAÐIÐ

276. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 5. FEBRÚAR 2016




Föstudagsviðtalið

# Vonar að flokkurinn þurrkist ekki út

Katrín Júlíusdóttir, varaformaður Samfylkingar, segir lítið svigrúm fyrir pönk í pólitík. Mikil ólga er innan flokksins og Katrín segir ríka kröfu flokksmanna um breytingar eðlilega.

SÍÐUR 10-12

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Seðlabankinn hefur þrisvar brotið lög um jafnan rétt

**JAFNRÉTTISMÁL** Kærunefnd jafnréttismála hefur í þrígang á þremur árum komist að þeirri niðurstöðu að Seðlabanki Íslands hafi brotið gegn lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Til að mynda kærðu tvær konur að byrjunarlaun þeirra voru lægri en karls sem ráðinn var á sama tíma í jafnverðmætt starf. Konurnar fengu 17 prósent álag á laun sín en karlmaðurinn 32,4 prósent. Niðurstaða kærunefndar var að Seðlabankanum hefði ekki tekist að sýna fram á að launamunurinn væri byggður á öðru en kynferði.

Ein kvennanna sem kærði til kærunefndar jafnréttismála segir að hún viti fyrir víst að brotið hafi verið á fleiri konum og í upphafi hafi þær verið fleiri í kæruferlinu. Hún segist jafnframt vita að kynbundinn launamismunur viðgangist enn þá innan Seðlabankans.

Heimildarmaður segir að málið hafi ekki verið rætt innanhúss við starfsmenn. Bankinn hafi ekki upplýst starfsmenn um til hvaða ráðstafana hann hyggst grípa ef önnur sambærileg mál koma upp og ekkert rætt um niðurstöðu úrskurðanna við starfsmenn.

– sg / sjá bls. 6

**17%** álag var á launum kvennanna.

**32,4%** álag var á launum karlsins.

### Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Bergur Ebbi er þjakaður af úreltum hugmyndum. 16-18

**SPORT** Justin getur bætt stoðsendingametið í kvöld. 22

**MENNING** Kjarvalssýning verður opnuð á Safnanótt. 30-32

**LÍFIÐ** Frægir selja fötin sín. 38-42

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● FÓLK ● UPPLÝSINGATÆKNI


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


HNÍFAPARATÖSKUR

12 MANNA ÁSAMT FYLGIHLUTUM
YFIR 15 TEGUNDIR

VERÐ FRÁ KR.24.990



Tékk KRISTALL 45 ÁRA

LAUGAVEGI 178 – SÍMI 568 9955




ÖSKUDAGS-BÚNINGAR

OPIÐ FRÁ 10-18 ALLA HELGINA

Finndu okkur á f

PARTÝBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

## Veður




Austan og norðaustan 18-25 m/s norðan til á landinu í fyrramálið og talsverð snjókoma, en lægir og léttir til norðanlands undir hádegi, en norðvestan til seint á morgun. Suðaustan 8-15 m/s í öðrum landshlutum og dálítil él. Hiti 0 til 5 stig sunnantil á landinu, en annars vægt frost.

SJÁ SÍÐU 28

# 300 milljóna tap MS

**LANDBÚNAÐUR** Mjólkursamsalan tapaði um 300 milljónum á síðasta rekstrarári en vonir standa til að reksturinn batni á þessu ári. „Til þess þarf að selja meira," segir Egill Sigurðsson, stjórnarformaður Auðhumlu, aðaleiganda MS.

„Við eigum eftir að skoða þetta nákvæmlega en svo virðist sem tapið á síðasta rekstrarári verði um 250 til 300 milljónir," segir Egill. Mjólkursamsalan ehf. er rekstrarfélag sem annast framleiðslu, vöruþróun, markaðssetningu og dreifingu á mjólkurafurðum. Að fyrirtækinu standa Auðhumla og Kaupfélag Skagfirðinga. Auðhumla á um 90% hlut í MS og er félag í eigu tæplega 700 mjólkurframleiðenda.

Baldur Helgi Benjamínsson, framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda, segir tap fyrirtækisins mjög lítið hlutfall af veltu fyrirtækisins. Velta MS sé tæpir 25 milljarðar á ári. „Þetta tap er afleiðing þess að ákvörðun var tekin um að borga fullt verð fyrir mjólk frá framleiðendum. Ekki er hægt að selja allt prótín og því er það selt á hrakvirði til útlanda. Einnig skýrir misræmi verðs milli mjólkurfitu og mjólkurprótíns á innanlandsmarkaði þetta tap," segir Baldur Helgi. – sa

> Við eigum eftir að skoða þetta nákvæmlega en svo virðist sem tapið á síðasta rekstrarári verði um 250 til 300 milljónir.



Egill Sigurðsson, stjórnarformaður Auðhumlu, aðaleiganda MS

# Vetrarhátíð sett í vetrarstormi



**Slett á strigann** Vetrarhátíð var formlega sett við Hörpu í gærkvöld. Glæsilegt opnunaratriði hátíðarinnar, Slettireka, breytir ljósahjúp Hörpu í gagnvirkan striga sem almenningur getur myndskreytt með sýndarmálningu í gegnum símtæki. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Björn Blöndal formaður borgarráðs voru meðal gesta hátíðarinnar sem tóku þátt í gjörningnum og létu óveðrið ekki hafa áhrif á gleðina. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Sigurjón í fimm ára fangelsi

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur Íslands þyngdi dóm yfir Landsbankamönnum og dæmdi Sigurjón Þ. Árnason í eins og hálfs árs fangelsi fyrir markaðsmisnotkun í gær.

Þrír fyrrverandi starfsmenn bankans voru einnig dæmdir. Ívar Guðjónsson var dæmdur í tveggja ára fangelsi, Júlíus Steinar Heiðarsson í eins árs fangelsi og Sindri Sveinsson í níu mánuði.

Sigurjón hafði áður verið dæmdur í þriggja og hálfs árs fangelsi í svokölluðu Ímon-máli og verður refsing hans nú hegningarauki. Hann er því samanlagt dæmdur í fimm ára fangelsi.

Fjórmenningarnir voru fundnir sekir um að hafa átt viðskipti fyrir reikning bankans með bréf bankans. Þannig hafi þeir tryggt óeðlilegt verð og búið til verð á hlutabréfunum sem gáfu eftirspurn og verð hlutabréfanna ranglega og misvísandi til kynna. – jhh






# Hröð fjölgun umhverfis höfuðborgarsvæðið

**Byggðarlög í námunda við höfuðborgarsvæðið vaxa hratt. Fólki fækkar mikið á Vestfjörðum og á Austurlandi. Verulegt áhyggjuefni, segir prófessor við HA.**

**MANNFJÖLDI** Fólki fjölgar tvöfalt hraðar í kraganum utan um höfuðborgarsvæðið en á höfuðborgarsvæðinu sjálfu. Þetta sýna nýjar tölur Hagstofunnar um mannfjölda á landinu á síðasta fjórðungi ársins 2015. Mikil fjölgun er á Akranesi, á Suðurnesjum og austan Hellisheiðar. Áframhaldandi fækkun á Vestfjörðum er staðreynd sem og að íbúum fækkar á Austurlandi.

Í lok fjórða ársfjórðungs í fyrra bjuggu 332.750 manns á Íslandi, 213.760 á höfuðborgarsvæðinu en 119.000 utan þess. Fjölgar íbúum um rúmt eitt prósent bæði á höfuðborgarsvæðinu og í landsbyggðunum. Hins vegar ef tölurnar eru skoðaðar kemur í ljós að staðan er misgóð í landsbyggðunum. Til að mynda fjölgar mjög mikið á Akranesi, á Suðurnesjum og austan Hellisheiðar. Eru þetta byggðarlög í kringum höfuðborgina sem njóta góðs af nálægð við þá þjónustu sem þar er í boði.

„Byggðarlög á Suðvesturlandi í allt að 50 km fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu vaxa tvöfalt hraðar en höfuðborgarsvæðið. Þessi þróun hefur staðið í allmörg ár og er sambærileg við þróun byggða víða annars staðar á Vesturlöndum," segir Þóroddur Bjarnason, prófessor við Háskólann á Akureyri og fyrrverandi formaður Byggðastofnunar. „Margir sækjast eftir því að sameina helstu kosti þéttbýlis og dreifbýlis með búsetu í meðalstórum byggðarlögum í seilingarfjarlægð frá borginni. Það er mikilvægt að rugla þessum svæðum ekki saman við borgina, þau hafa umtalsverða sérstöðu og þróast eftir eigin lögmálum."

Annars staðar á landinu stendur mannfjöldi í stað á flestum svæðum eða eykst örlítið. Þó er marktæk fækkun íbúa á Austurlandi staðreynd sem og að íbúum á Vestfjörðum heldur áfram að fækka, nú um 1,3 prósent milli ára. „Það er verulegt áhyggjuefni að íbúum Vestfjarða fækkar enn milli ára. Raunar stendur mannfjöldi Ísafjarðarbæjar í stað og fólki fjölgar í Vesturbyggð, en víða annars staðar á Vestfjörðum er veruleg fólksfækkun," segir Þóroddur.

sveinn@frettabladid.is



Fjölgun á höfuðborgarsvæðinu er aðeins helmingur á við fjölgun í nærsveitum þess. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Fjölgun eða fækkun íbúa á völdum svæðum á landinu 2014-2015**

| | |
|---|---|
| Höfuðborgarsvæðið | 1,2% |
| Suðurnes | 2,4% |
| Akranes | 2,1% |
| Austan Hellisheiðar | 2,4% |
| Austurland | -0,6% |
| Vestfirðir | -1,3% |

** Heimild Hagstofan*

> Margir sækjast eftir því að sameina helstu kosti þéttbýlis og dreifbýlis með búsetu í meðalstórum byggðarlögum í seilingarfjarlægð frá borginni.



Þóroddur Bjarnason, prófessor




# LJÓSLEIÐARINN

## Gæðasamband heimila og fyrirtækja

Í bás okkar á **UTmessunni** færð þú að upplifa gæðasamband Ljósleiðarans frá Gagnaveitu Reykjavíkur. Prófaðu ýmis snjalltæki, upplifðu sýndarveruleika í leiknum Gunjack frá **CCP,** horfðu á sjónvarpsefni í 4K gæðum **OZ** í boði **365** og reyndu þekkingu þína á Ljósleiðaranum í **QuizUp**. Allt þetta fer um tvær hraðar og snarpar 1 gígabita tengingar frá Ljósleiðaranum um net **Vodafone**. Ljúffengur ís frá Valdísi í boði fyrir gesti og gangandi.

**Komdu til okkar á UTmessunni og kynntu þér Ljósleiðarann**

**Fróðleikur og sýning fyrir alla fjölskylduna – frítt inn laugardaginn 6. febrúar**

**ljosleidarinn.is**

Þú færð gæðasamband Ljósleiðarans hjá:

vodafone 365 Símafélagið Hringiðan Hringdu

Samstarfsaðilar okkar á UTmessunni eru:

QuizUp CCP OZ

Gæðasamband Ljósleiðarans er hratt og snarpt Internet með 500 megabita tengingu

# VLFA skrifaði undir nýjan kjarasamning án ákvæðis um SALEK

**KJARAMÁL** „Samband íslenskra sveitarfélaga féll frá því að SALEK-samkomulagið væri hluti af þessum kjarasamningi þannig að á grundvelli þess gátum við skrifað undir,“ segir Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness (VLFA).

Skrifað var undir nýjan kjarasamning félagsins og sveitarfélaganna í húsnæði ríkissáttasemjara í Reykjavík í dagslok á miðvikudag. Kynning á samningnum hefst í þessari viku.

> Menn sýndu því skilning að þarna var ekki karpað um krónur og aura heldur framtíðarsamningsfrelsi okkar.“



Vilhjálmur Birgisson
formaður VLFA

Nýr samningur gildir til 31. mars 2019 og er í öllum meginatriðum eins og aðrir samningar sem sveitarfélögin hafa gert eftir að samkomulag náðist á grunni SALEK í október, utan þess að Akraneskaupstaður tryggir að hann gildi frá 1. maí 2015, auk sérákvæða um fjögurra prósenta hækkun til handa ófaglærðum starfsmönnum á leikskólum.

„Þetta er bara eitt skref af mörgum í að vinna í því að samningsrétturinn verði ekki skertur hjá íslensku launafólki,“ segir Vilhjálmur.

Í veginum var ekki annað en ákvæðið um SALEK sem sveitarfélögin hefðu viljað hafa tengt nýjum samningi. „Það var enginn ágreiningur um það. Okkar aðalmál var að SALEK-samkomulagið yrði ekki fylgiskjal með kjarasamningnum sem hefði gert það að ígildi kjarasamnings,“ segir Vilhjálmur. Í kjölfarið var bókað hjá ríkissáttasemjara að hvað þetta mál varðaði væri frekari málarekstur fyrir félagsdómi eða dómstólum úr sögunni. „Við erum fyrsta stéttarfélagið sem undirritar slíkan samning við sveitarfélögin,“ segir Vilhjálmur og kveðst nokkuð ánægður með gerðan samning.

Vilhjálmur segir þann stuðning, sem félagsmenn VLFA hafi sýnt baráttunni gegn SALEK-ákvæðinu, hafa skipt miklu máli. „Menn sýndu því skilning að þarna var ekki karpað um krónur og aura heldur framtíðarsamningsfrelsi okkar.“ **olikr@frettabladid.is**



Kæri borgarstjóri
Við í Háaleitisskóla Hvassaleiti
Værum mjög mikið til í að fá
battavöll eins og er á mögum
Skólalóðum í Reykjavík
Við erum búin að bíða lengi.

Undirskriftir
Björgvin
Eysteinn
Ragnar I
Birgir
Hinrik Örn
Haukur
Birta Ósk
Emma
Vignir

Bréf til borgarstjóra.

## Við erum búin að bíða lengi

**SKÓLAMÁL** „Kæri borgarstjóri. Við í Háaleitisskóla Hvassaleiti værum mjög mikið til í að fá battavöll eins og er á mörgum skólalóðum í Reykjavík. Við erum búin að bíða lengi,“ skrifa nemendur í Háaleitisskóla til borgarstjórans í Reykjavík.

Bréfinu, sem lagt var fram til kynningar á fundi borgarráðs í síðustu viku, fylgja undirskriftir 55 barna. **– gar**

## Olíusamráð staðfest

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær að Olís, Skeljungur og Olíufélagið, nú Ker, hefðu gerst sek um langvarandi brot á samkeppnislögum.

Olíufélögin þurfa því að greiða 1,5 milljarða króna sekt vegna brotanna. Málið nær aftur til ársins 2004 en þá tók Samkeppnisráð ákvörðun þess efnis að olíufélögin hefðu framið alvarleg brot á samkeppnislögum. **– þv**

# Laun hækkuðu um 38% í fyrra

**Eftirlaun dómara hækkuðu um alls 38 prósent í fyrra með tveimur ákvörðunum kjararáðs. Meðalhækkun eftirlauna hjá ríkinu var 11,8 prósent. Sanngjörn og eðlileg hækkun, segir formaður Dómarafélagsins.**



Mikið álag var á dómurum í kjölfar efnahagshrunsins 2008, segir kjararáð sem frá 2011 hefur ákveðið dómurum sérstakt tímabundið álag á föst laun. Álagið hefur nú verið fellt inn í föst laun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**KJARAMÁL** Eftirlaun dómara hækkuðu um samtals 38 prósent á liðnu ári með ákvörðunum kjararáðs 17. nóvember og 18. desember.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu á þriðjudag hækkuðu eftirlaun dómara og makalífeyrir dómara um 26 prósent í kjölfar ákvörðunar kjararáðs viku fyrir jól. Tímabundnar álagsgreiðslur, sem dómarar höfðu fengið í kjölfar hrunsins, voru þá felldar inn í dagvinnulaun. Raunhækkun launa starfandi dómara var 8 prósent. Kom sú hækkun ofan á 9,3 prósenta almenna hækkun mánuði fyrr. Alls hækkuðu laun dómaranna því í raun um 18 prósent.

„Fram hefur komið að sífellt flóknara laga- og viðskiptaumhverfi geri auknar kröfur til dómara og fyrir dómstólum liggja flóknari og umfangsmeiri mál en áður. Við ákvörðun launakjara dómara verður ekki litið fram hjá þessari staðreynd,“ sagði meðal annars í niðurstöðu kjararáðs.

„Lífeyrir dómara á eftirmannsreglu hækkuðu um 9,3 prósent samkvæmt úrskurði kjararáðs frá 17. nóvember 2015. Úrskurðurinn frá 17. desember hafði í för með sér rúmlega 26 prósent hækkun sem fyrr greinir. Samtals var hækkunin rúmlega 38 prósent vegna þessara tveggja úrskurða,“ svarar Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins því hver hafi verið heildarhækkun eftirlauna dómara á árinu 2015.

Með þessum hækkunum fóru meðaleftirlaun þeirra 29 sem fá eftirlaun dómara úr 441.328 krónum á mánuði í 609.033 krónur. Meðalhækkunin nemur þannig 167.705 krónum á mánuði.

Til samanburðar má geta þess að hækkun ellilífeyris hjá Tryggingastofnun ríkisins er 9,7 prósent milli áranna 2015 og 2016 og meðalhækkun eftirlauna hjá skjólstæðingum LSR í svokallaðri B-deild í fyrra var 11,8 prósent. Sá sem er í sambúð og hefur eingöngu ellilífeyri frá TR hækkaði um 18.814 krónur og fær nú 212.776 krónur á mánuði með öllum viðbótargreiðslum.

Í svari frá lífeyrissjóðnum segir að mikla vinnu þyrfti til að greina hvaða hópur hækkaði næstmest í eftirlaunum á eftir dómurum. „Við munum ekki til þess að neinn annar hópur hafi skorið sig sérstaklega úr í fyrra,“ segir þó í svarinu.

Eftir frétt Fréttablaðsins á þriðjudag skrifaði Skúli Magnússon, formaður Dómarafélags Íslands, grein þar sem hann útskýrði ákvörðun kjararáðs um laun dómara.

„Frá árinu 2009 höfðu laun dómara þróast þannig að þau samanstóðu að verulegu leyti af yfirvinnugreiðslum sem ákveðnar voru fyrir ári til árs. Þessi launagrunnur dómara var löngu orðinn óásættanlegur, meðal annars með hliðsjón af alþjóðlegum viðmiðum um kjör dómara og sjálfstæði þeirra í starfi. Það var þó ekki fyrr en með umræddum úrskurði kjararáðs að þetta var lagfært að nokkru og laun dómara í auknum mæli skilgreind sem grunnlaun,“ skrifaði Skúli.

Þá sagði Skúli að hækkun grunnlauna dómara leiddi til þess að eftirlaun þeirra sem falli undir svonefnda eftirmannsreglu tækju í ríkara mæli mið af launum dómara í reynd. Á því hafi verið vaxandi misbrestur.

„Þessi breyting fól í sér sanngjarna og eðlilega leiðréttingu á eftirlaunum þessara dómara eða maka þeirra. Það er virðingarleysi við aðstæður og ævistarf þessa fólks að láta að því liggja að það hafi með úrskurði kjararáðs 17. desember síðastliðinn fengið óvenjulega eða óeðlilega hækkun eftirlauna sinna,“ sagði formaður Dómarafélags Íslands í grein sinni. **gar@frettabladid.is**

> Þessi breyting fól í sér sanngjarna og eðlilega leiðréttingu á eftirlaunum þessara dómara eða maka þeirra.



Skúli Magnússon,
formaður Dómarafélags Íslands

**11,8%**
hækkun varð að meðaltali á eftirlaunum ríkisstarfsmanna í fyrra.






Van Twuijver hafði áður fengið 11 ára dóm eða hámarksrefsingu í héraði. MYND/STÖÐ2

## Hæstiréttur mildaði dóm

**DÓMSMÁL** Mirjam Foekje van Twuijver frá Hollandi var dæmd í átta ára fangelsi í Hæstarétti í dag. Hún var sakfelld fyrir fíkniefnasmygl en allt bendir til þess að hún hafi verið burðardýr í málinu.

Héraðsdómur hafði áður sakfellt hana og dæmt í 11 ára fangelsi en hámarksrefsing í málaflokknum er tólf ár. Atli Freyr Fjölnisson, sem veitti meintum fíkniefnum viðtöku við Hótel Frón nokkrum dögum eftir komu Mirjam til landsins, var dæmdur í fjögurra ára fangelsi.

Til frádráttar fangelsisdómunum kemur gæsluvarðhald beggja en Mirjam hefur verið í varðhaldi undanfarna tíu mánuði eða frá komu hennar til landsins 4. apríl. Atli Freyr var í gæsluvarðhaldi í tvær vikur eftir að hann handtekinn í fyrrnefndri tálbeituaðgerð. **– ktd / jhh**




# REYNSLUAKTU NÝJUM SUBARU LEVORG Í DAG

Levorg er nýr sportlegur fjölskyldubíll frá Subaru. Levorg er búinn skynvæddu fjórhjóladrifi sem aðstoðar ökumann við að komast leiðar sinnar á öruggan hátt við erfiðar aðstæður. Ný gerð af stiglausri Lineartronic sjálfskiptingu tryggir að nýja 170 hestafla BOXER vélin skili ávallt hámarksnýtingu afls með eldsneytiseyðslu í lágmarki.

**SUBARU LEVORG Premium. Verð: 5.290.000 kr.**
Bensín / sjálfskiptur / 170 hestöfl / Eyðsla 6,9 l/100 km*

**SUBARU LEVORG Lux. Verð: 5.690.000 kr.**
Bensín / sjálfskiptir / 170 hestöfl / Eyðsla 6,9 l/100 km*
Aukalega í Lux: Svört leðuráklæði, sóllúga, rafdr ökumannssæti m. mjóbaksstuðningi.

SUBARU
*Confidence in Motion*

B|L

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516



**Dagur ætlar að einbeita sér að borgarmálunum.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Fer ekki í formanninn

**STJÓRNMÁL** „Ég ætla ekkert að blanda mér í þetta. Ég deili áhyggjum af stöðunni og það þarf að finna leiðir til að breyta henni,“ segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri um krísuna sem komin er upp í Samfylkingunni. Í gærkvöldi ákvað stjórn Samfylkingarinnar að leggja það til við framkvæmdastjórn flokksins að landsfundi yrði flýtt.

Flokkurinn hefur aldrei mælst lægri í skoðanakönnunum en nú um stundir. Bæði Ungir jafnaðarmenn og Samfylkingin á Akureyri hafa ályktað að vegna dræms fylgis sé nauðsynlegt að boða til landsfundar fyrir vorið. Síðasti landsfundur flokksins var haldinn í mars á síðasta ári.

Aðspurður þvertekur Dagur fyrir það að hann geti hugsað sér að verða formaður flokksins. „Nei. Við í meirihlutanum [í Reykjavík] erum stödd í miðju verkefni og það á hug minn allan. Ég svara þessu mjög skýrt við alla sem hafa léð máls á því.“ **– snæ**

**» Dagur B. Eggertsson var varaformaður Samfylkingarinnar frá 2009 til 2013.**

## Samningur Kyrrahafsríkja undirritaður



**TPP-samningnum mótmælt** Fulltrúar tólf Kyrrahafsríkja undirrituðu í gær fríverslunarsamning sem hefur verið afar umdeildur. Samningurinn felur í sér niðurfellingu tolla og fleira sem auðveldar ríkjunum að eiga viðskipti sín á milli. Sú leynd sem hvílt hefur yfir viðræðunum hefur verið harðlega gagnrýnd. Einnig hefur gagnrýnin beinst að möguleikum fyrirtækja til þess að lögsækja ríki til að tryggja stöðu sína. Samningurinn nær til flestra vöru- og þjónustuviðskipta og samtals nema viðskipti ríkjanna 40 prósentum af viðskiptum allra ríkja jarðar. NORDICPHOTOS/AFP

# Kynbundinn launamunur í Seðlabanka

**Í þrígang á stuttum tíma hefur Seðlabankinn brotið jafnréttislög bæði hvað varðar ráðningu og byrjunarlaun. Forsvarsmenn Seðlabankans segja að dreginn hafi verið viðeigandi lærdómur af málunum. Bankinn hefur þó ekkert rætt málið við starfsmenn.**

**JAFNRÉTTISMÁL** Seðlabanki Íslands hefur í þrígang brotið gegn lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, samkvæmt niðurstöðu kærunefndar jafnréttismála.

Í lok árs 2012 úrskurðaði nefndin að Seðlabanki Íslands hefði brotið gegn lögunum við ráðningu í starf sérfræðings í lánamálum ríkisins. Kvenumsækjandi taldi að brotið hefði verið gegn jafnréttislögum með því að ráða karl í starfið sem hún taldi óhæfari en sig. Fram kemur í úrskurðinum að kærunefnd jafnréttismála taldi konuna að minnsta kosti jafn hæfa til að gegna starfinu og þann er ráðinn var. Konur í starfi sérfræðings í bankanum voru umtalsvert færri og bar því Seðlabankanum að leitast við að jafna stöðu kynjanna hvað þau störf varðar.

Úrskurðað var um tvö mál í lok október 2015. Tvær konur kærðu að byrjunarlaun þeirra væru ákvörðuð lægri en karlmanns. Öll þrjú voru ráðin í jafnverðmætt starf en konurnar greindu frá því að þær hefðu fengið 17 prósent álag á laun sín en karlmaðurinn 32,4 prósent.

Konurnar voru ráðnar í stöðu sérfræðings í undanþágudeild gjaldeyriseftirlits Seðlabanka Íslands en karlinn var ráðinn í stöðu sérfræðings í rannsóknardeild gjaldeyriseftirlitsins á sama tíma.



FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

**» Tvær kvennanna sem kærðu fengu 17 prósent álag á laun sín á meðan karlmaður í sambærilegu starfi fékk 32,4 prósent.**

Samkvæmt úrskurðinum greindi Seðlabankinn frá því að ákvörðun um álag á laun þeirra hefði verið byggð á hlutlægum viðmiðum á grundvelli upplýsinga úr umsókn og starfsviðtali. Niðurstaða kærunefndar var að Seðlabankanum hefði ekki tekist að sýna fram á að launamunurinn væri byggður á öðru en kynferði.

Sérfræðingarnir tóku allir til starfa þann 1. maí 2014. Karlmaðurinn fékk launahækkun við fastráðningu 1. nóvember 2014. Önnur konan fékk ekki fastráðningu og hætti störfum, en hin konan fékk launahækkun við fastráðningu þann 1. febrúar 2015.

Óskað var eftir viðbrögðum frá Seðlabankanum vegna málsins. Þau svör fengust að málin hefðu verið yfirfarin innan bankans og viðeigandi lærdómuar dreginn. Þá hefði þeim verið lokið í sátt við viðkomandi aðila.

Heimildarmaður Fréttablaðsins segir hins vegar að málið hafi ekki verið rætt innanhúss við starfsmenn. Bankinn hafi ekki upplýst starfsmenn um til hvaða ráðstafana hann hyggst grípa ef önnur sambærileg mál koma upp og ekkert rætt um niðurstöðu úrskurðanna við starfsmenn.

**saeunn@frettabladid.is**




# Assange losnar úr sendiráðinu

**BRETLAND** Breska útvarpið BBC fullyrti í gær að úrskurðarnefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna hefði komist að þeirri niðurstöðu að Julian Assange væri í raun haldið föngnum í sendiráði Ekvadors í London og það bryti í bága við alþjóðasamninga.

Wikileaks segir að Assange muni þó bíða þess að fá formlega staðfestingu frá nefndinni sjálfri. Nefndin mun birta niðurstöðu sína í dag.

Assange hafði fyrr í gær lýst því yfir á Twitter-síðu sinni að hvernig sem niðurstaða nefndarinnar yrði þá myndi hann yfirgefa sendiráð Ekvadors í dag. Yrði niðurstaða nefndarinnar honum ekki í vil mundi hann gefa sig fram við lögreglu í Bretlandi, en yrði niðurstaðan jákvæð vænti hann þess að fá þegar í stað vegabréf sitt afhent og hætt yrði við allar tilraunir til að handtaka hann.

Úrskurðarnefndin sem um ræðir hefur það hlutverk að rannsaka mál einstaklinga sem hafa verið sviptir frelsi og skera úr um hvort það sé gert með ólöglegum hætti.



**Fjölmiðlafólk safnaðist saman fyrir utan sendiráð Ekvadors í gær og beið átekta.** NORDICPHOTOS/AFP

Assange hefur haldið til í sendiráði Ekvadors í London frá júnímánuði árið 2012. Hann hefur átt það á hættu að lögreglan handtaki hann, hætti hann sér út fyrir hússins dyr. Sænsk stjórnvöld hafa óskað eftir framsali hans vegna ásakana um kynferðisbrot, sem þau vilja yfirheyra hann um.

Þá telur Assange sig eiga á hættu að hann verði framseldur til Bandaríkjanna, þar sem yfir honum vofa málaferli og fangelsi vegna uppljóstrana Wikileaks um framferði bandaríska hersins. **– gb**


RISA-
LOKADAGAR!
ÚTSALA
ELLINGSEN
SÝNISHORNASLÁR
- 5 verðflokkar -
990 KR.
1.990 KR.
3.990 KR.
5.990 KR.
12.990 KR.
20-70%
AFSLÁTTUR
ENN MEIRI
LÆKKUN
Allur fatnaður 30% afsláttur eða meira. Áður 25%
Ferðavörur 40% afsláttur Áður 30%
Hjól og hjólavörur 40% afsláttur Áður 30%
Veiði-fatnaður 40% afsláttur Áður 30%
Columbia barnaúlpur og sett 60% afsláttur Áður 40%
Allir skór 30% afsláttur eða meira. Áður 25%
Grill-aukahlutir 70% afsláttur Áður 30%
Ungbarna-gallar 70% afsláttur Áður 40%
Grill 50% afsláttur
REYKJAVÍK
Fiskislóð 1
Sími 580 8500
AKUREYRI
Tryggvabraut 1–3
Sími 460 3630
OPNUNARTÍMI
Mán.–fös. 10–18
Lau. 10–16
Ellingsen
- FULLT HÚS ÆVINTÝRA
Verð og stærðir birt með fyrirvara um prentvillur.

# Orð ráðherra þvert á réttindasáttmála

**Formaður Þroskahjálpar furðar sig á orðum innanríkisráðherra um nákvæma skráningu á ofbeldi gegn fötluðu fólki – sem fyrst og síðast snýr að konum og börnum. Gengur þvert á samning um réttindi fatlaðs fólks sem Alþingi vinnur í að staðfesta.**


Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is




**VELFERÐARMÁL** Skráningu í málaskrá lögreglu var breytt í byrjun desember og kærð nauðgunarbrot gegn fólki sem á við alvarlega geðsjúkdóma eða andlega fötlun að glíma eru nú sérstaklega færð til bókar. Að öðru leyti er ekki haldið miðlægt utan um kærð kynferðisbrot eða annað ofbeldi gegn fötluðu fólki sérstaklega, hvort sem fötlun þess fólks sem um ræðir er andleg eða líkamleg.

Þetta kom fram í svari Ólafar Nordal innanríkisráðherra við fyrirspurn Katrínar Júlíusdóttur, þingmanns Samfylkingarinnar, á Alþingi á mánudag þar sem spurt var um rannsóknir á kynferðisbrotum gegn fötluðu fólki. Þar var sérstaklega spurt um hvort væri haldið miðlægt utan um kærð kynferðisbrot, meint og dæmd, gegn fötluðu fólki og hvort til greina kæmi að hefja sérstaka rannsókn á umfangi slíkra brota. Eins hvort kæmi til greina að setja saman sérstakt teymi til að halda utan um slík mál.

Í svari sínu sagði Ólöf að nákvæm skráning á öllum kynferðisbrotum gegn fötluðum yrði aldrei möguleg, meðal annars vegna þess að skilgreining á fötlun sé ekki einföld. „Svo má líka velta því fyrir sér hvort rétt sé að skrá þetta eitthvað frekar en brot gegn öðrum hópum ef fötlun hefur ekki lagalega eða refsiréttarlega þýðingu,“ sagði Ólöf og bætti við að með þeirri hugleiðingu væri hún ekki að taka nokkra afstöðu til þess álitamáls. Eins að starfandi væri stýrihópur með aðkomu fjölmargra aðila sem hefur það hlutverk að undirbúa aðgerðaáætlun til fjögurra ára til að vinna gegn ofbeldi í samfélaginu. Samstarfið sé leitt af velferðarráðuneytinu og vinnunni miði vel áfram. Hún telur rétt að bíða niðurstöðu stýrihópsins til að sjá til hvaða aðgerða hann telur nauðsynlegt að grípa og í framhaldinu verði stjórnvöld að meta tillögur og hrinda þeim í framkvæmd sem líklegastar teljist til bóta.

Katrín svaraði ráðherra með þeim orðum að þó að hópurinn fatlað fólk sé gríðarlega víður og ólíkur innbyrðis þá vildi hún brýna ráðherra „til að láta ekki vandann við að skilgreina hvernig hópurinn lítur út tefja okkur eða koma í veg fyrir að við söfnum mikilvægum upplýsingum. Það má safna þessum upplýsingum án þess að þær séu endilega persónugreinanlegar. Ég hef trú á, og veit að ráðherrann er sammála mér um það, að upplýsingar séu grunnurinn að því að við getum ráðist í alvöru aðgerðir og tekið upplýstar ákvarðanir um framhaldið.“



**Nákvæm upplýsingaöflun og tölfræði um ofbeldi gegn fötluðum er sérstaklega nefnt í alþjóðasáttmála um réttindi fatlaðs fólks sem grunnur allra aðgerða gegn slíku ofbeldi.** NORDICPHOTOS/GETTY

> Svo má líka velta því fyrir sér hvort rétt sé að skrá þetta eitthvað frekar en brot gegn öðrum hópum ef fötlun hefur ekki lagalega eða refsiréttarlega þýðingu.



Ólöf Nordal, innanríkisráðherra, á Alþingi 1. desember

## Furðar sig á orðum innanríkisráðherra



Íslenska ríkið skrifaði undir samning Sameinuðu þjóðanna (SÞ) um réttindi fatlaðs fólks árið 2007 og hefur síðan unnið að því að undirbúa fullgildingu samningsins. Innleiðingarferlið hefur því nú staðið í á níunda ár en á þeim tíma hafa um 150 ríki fullgilt samninginn frá því það var fyrst mögulegt árið 2007.

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður Landssamtakanna Þroskahjálpar, lýsir yfir miklum vonbrigðum og áhyggjum af því sem kom fram í ræðu innanríkisráðherra. Ástæðan er einföld. Í fyrrnefndum samningi SÞ um réttindi fatlaðs fólks er sérstaklega fjallað um að aðildarríkin skuldbindi sig til þess að safna viðeigandi upplýsingum, þar með talið tölfræði og rannsóknargögnum, sem gera þeim kleift að móta og innleiða stefnu samningsins svo með honum náist árangur, eins og þar stendur í 31. grein.

„Af svari ráðherra verður alls ekki ráðið að íslensk stjórnvöld hafi unnið markvisst að því að tryggja fötluðu fólki þá vernd sem því ber. Af svari ráðherra verður heldur ekki ráðið að þessi mál séu tekin eins alvarlega af hlutaðeigandi stjórnvöldum og eðlilegt er með tilliti til eðlis þeirra, og þeirra hagsmuna og réttinda fatlaðs fólks sem eru í húfi. Heldur ekki að þessi mál hafi verið og séu í þeim forgangi hjá ráðherra mannréttinda, lögreglu og dómsmála eins og þau ættu að vera,“ segir Bryndís.





Ef þú ert að leita að rúmgóðum bíl er Golf Variant Metan svarið. Hann er umhverfisvænn, fær frítt í stæði, gengur bæði fyrir metani og bensíni og kemur þér allt að 1.300 km á áfyllingunni. Skiptu yfir í Golf Variant Metan og láttu fara vel um þig og þína.

**Golf Variant Trendline 1.4 TGI Metan beinskiptur:**
**3.190.000 kr.**
**Sjálfskiptur: 3.390.000 kr.**

Volkswagen

www.volkswagen.is

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði




| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Klettháls 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18 |

MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

## FÖSTUDAGSVIÐTALIÐ



„Stjórnarskrárbreytingin hefði skipt okkur mjög miklu máli því fólk vildi sjá ákveðna núllstillingu á samfélaginu og hún var liður í því," segir Katrín. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Lítið svigrúm fyrir pönk í pólitík

**„Ég ætla nú rétt að vona að Samfylkingin sé ekki að þurrkast út. Þörfin fyrir jafnaðarmannaflokk á Íslandi er gríðarlega mikil," segir Katrín Júlíusdóttir, varaformaður Samfylkingarinnar. Fylgi flokksins mælist undir 10 prósentum. Fundað var í gær í stjórn Samfylkingarinnar og ákveðið að leggja fram tillögu um að flýta formannskjöri. Katrín hefur ekki ákveðið hvort hún bjóði sig fram til formanns.**

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is
Viktoría Hermannsdóttir
viktoria@frettabladid.is



Katrín segir líklega margar skýringar á fylgistapinu. „Síðastliðið ár höfum við verið á niðurleið. Við komum illa út úr kosningum, en vorum svo komin með um 20% fyrir rúmu ári. Það leit út fyrir að við værum á uppleið – svo gerist eitthvað upp úr áramótum í fyrra sem veldur því að það fer að fjara undan. Ekki bara hjá okkur heldur öðrum flokkum. Það er mikið fylgi að færast til Pírata," segir Katrín.

Hún segir stöðuna óásættanlega. „Það er ólga í flokknum og það er skiljanlegt að flokksmenn rísi upp og geri kröfu um breytingar. Fyrir jafnaðarmannahreyfingu eins og okkar, sem var stofnuð sem sameinandi afl til að hrista upp í kerfinu er staðan algjörlega óásættanleg. Við þurfum að skoða vandlega hvað við eigum að gera, hvernig við komum okkar hugmyndum á framfæri og hvort við þurfum ekki að fara að finna ný verkfæri til að koma þeim áleiðis. Þetta er eitthvað sem ég held að pólitík þurfi almennt að horfast í augu við."

*Þú talar um að Samfylkingin nái ekki að miðla hugmyndum sínum. Þarf að skipta um mann í brúnni?* „Það eru margir sem halda að það sé svo. Ég held að það sé ekki stóra málið. Ég held að þó að komi nýr formaður núna verði ekki sú kúvending sem margir halda. Þetta snýst um svo margt. Það er bara þannig að sumir formenn fiska og aðrir ekki. Sumir fiska við þessar aðstæður en illa við aðrar, þetta fer allt eftir aðstæðum og umhverfi. Við erum líka bara í stöðu þar sem mér sýnist flestir flokkar vera í vanda, þessir flokkar sem hafa verið á sviðinu í einhvern tíma."

Á landsfundi Samfylkingar bauð Sigríður Ingibjörg Ingadóttir sig óvænt fram gegn Árna Páli, en Árni marði sigur með einu atkvæði.

*Fyrir þá sem fyrir utan standa virðist vanta upp á samstöðu í flokknum.* „Þegar við mælumst svona illa er ekkert óeðlilegt að það komi upp óánægjuraddir. Það er skiljanlegt. Það á að taka mark á þeim. Það geri ég sem varaformaður. Þetta er snúin staða. Ég held samt að það sé ekki nóg í þeirri stöðu sem við erum í að ætla bara að skipta um formann. Það er svo margt annað sem þarf að gera líka. Við erum núna t.d. að hefja mikla hugmyndavinnu, vinna með okkar hugsjónir, erum búin að starta hugmyndasmiðjum þar sem við tökum málaflokka og reynum að horfa á þá frá nýjum hliðum."

Píratar mælast langstærstir allra flokka í skoðanakönnunum. Katrín segist halda að fólk líti til Pírata sem róttæks afls sem muni breyta einhverju. Undirliggjandi sé óánægja í samfélaginu og það skorti traust til þeirra flokka sem hafi verið lengi til.

„Það er undirliggjandi tilfinning sem ég hef stundum líka, að það sé erfitt að breyta þessum stóru mekanismum í samfélaginu. Maður vill sjá margt breytast. Þegar við vorum í ríkisstjórn gátum við gert mikið af alls konar breytingum, en okkur tókst ekki að breyta kvótanum, sjávarútvegsumhverfinu og okkur tókst ekki að fara í gegn með stjórnarskrána. Þessi stóru mál. Það mætir svo mikilli andstöðu. Við ætluðum okkur mikið, vorum bjartsýn og trúðum raunverulega að við næðum þessu í gegn en andstaðan var svo sterk. Ég skil alveg þessa stöðu núna. Svona löngu eftir hrun er fólk tilbúið að treysta einhverju og til í að taka sénsinn á að mögulega geti Píratar hrist upp í einhverju af þessum kerfum."

### Ekkert flipp

Katrín segir þó að þegar á reyni geti reynst erfitt að vera róttækur. Hér þurfi að reka ákveðin kerfi og það sé ekki endilega pláss fyrir pönkið þegar komi að því að stýra ríkisfjármálum. „Þegar á hólminn er komið þá geturðu ekki verið hreinn anarkisti í verkefnum ríkisins. Við þurfum að reka heilbrigðiskerfi sem kostar tugi milljarða og sjá til þess að skólarnir séu reknir. Síðan ertu að sjá til þess að þeir sem eiga sitt lifibrauð undir ríkinu eins og öryrkjar og ellilífeyrisþegar fái til sín fjármuni til þess að geta lifað með reisn. Um það snýst þessi pólitík. Það er takmarkað svigrúm fyrir pönkið. Þú ert ekkert að flippa með þetta. Það vill enginn að þú flippir með mennta- og heilbrigðiskerfið. Við viljum kannski breytingar á því en þú ert ekkert að fara að kúvenda því."

> **Okkur tókst ekki að breyta kvótanum, sjávarútvegsumhverfinu og okkur tókst ekki að fara í gegn með stjórnarskrána.**

### Aukið gagnsæi

Katrín hefur talað fyrir auknu gagnsæi í stjórnsýslunni. „Ég held að við þurfum að ráðast í það í okkar samfélagi að gera allt stjórnmálavafstur opnara. Það er mál sem ég hef lagt fram tvisvar á þinginu og er að fara að leggja fram aftur í aðeins breyttri mynd, og það er aðgangur að fjármálaupplýsingum ríkisins. Að þær séu bara opnar á netinu."

Hún segist vilja að allar upplýsingar um fjármál ríkisins séu settar á netið og almenningur hafi aðgang að þeim. „Ég myndi jafnvel vilja ganga það langt að þú gætir flett upp einstaka kvittunum í stað þess að fjölmiðlar þurfi að senda fyrirspurnir með öllum þeim aðdraganda og tíma sem það tekur. Það er ekkert að fela. Við eigum líka að gera auknar kröfur til stóru fjármálastofnananna.

Það virðist vera lenska á Íslandi að koma einhverjum hópi fólks í sérstaka aðstöðu til þess að hagnast umfram aðra. Það er svona þjóðarsport. "

### Armslengd ráðherra

*Er mikil spilling í stjórnkerfinu?* „Ég veit ekki hvað maður á að kalla spillingu. Ég held að það sé oft maður sem þekkir mann og við séum oft að horfa upp á verkferla sem mættu vera opnari.

Þú sækir í hópa fólks sem þú þekkir til. Tökum sem dæmi ráðningar í stjórnarráðinu, ég hefði viljað sjá að við byggjum til sjálfstæða einingu sem sæi bara um mannaráðningar. Ég fann það þegar ég var í iðnaðarráðuneytinu og við þurftum að ráða að það tekur ótrúlega langan tíma fyrir ráðuneytin og er kostnaðarsamt. Síðan er líka snúið að gera það þannig að vel sé. Þá er best að það sé eining innan stjórnarráðsins sem sérhæfir sig í því. Þá er líka þessi ➡

# CITROËN C4
# CACTUS



## HVER ER ÞESSI umtalaði CACTUS?

Hugmyndafræðin að baki Citroën C4 Cactus er bylting í hönnun bíla. Ekkert prjál, einungis hlutir sem skipta máli í dag. Hagnýt og djörf hönnun, einfaldleiki og lágt verð. C4 Cactus er líka sérstaklega sparneytinn en hann eyðir einungis frá 3,4 l/100 km og losar aðeins 89 g/km.

C4 Cactus hefur aldeilis slegið í gegn. Nú þegar hefur hann hlotið 25 verðlaun víðsvegar um heiminn. Þar á meðal hlaut hann titilinn Bíll ársins 2016 á Íslandi í sínum flokki.

VERÐ FRÁ EINUNGIS **2.690.000** KR.

Velkomin í reynsluakstur

Frá **3,4** l/100 km

$CO_2$ Frá **89** g/km

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

citroen.is
Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

CITROËN

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



„Það er ólga í flokknum og það er skiljanlegt að flokksmenn rísi upp og geri kröfu um breytingar,“ segir Katrín um slæmt fylgi Samfylkingar og umræðu um nýjan formann flokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

armslengd ráðherranna til staðar.“

### Erfitt verkefni

„Það var auðvitað dáldið stúríð fyrir mig, sem jafnaðarmann og okkur, að loksins þegar við komumst í ríkisstjórn og leiðandi stöðu, þá vorum við að taka við 216 milljarða fjárlagagati. Það var erfitt verkefni að taka við búinu eftir hrun fjármálakerfisins og ég veit að það hefur áhrif á okkur líka. Við hefðum miklu frekar viljað geta sýnt hverjar okkar raunverulegu áherslur eru gagnvart heilbrigðiskerfi, eldri borgurum og öryrkjum, frekar en að taka til og ýta á restart-hnappinn. Það tókst vel. Við hlífðum velferðarkerfinu og heilbrigðiskerfinu eins og við gátum. Þetta eru stórir liðir í fjárlögunum, en við hlífðum þeim eins og við gátum og vorum stundum gagnrýnd fyrir að ganga ekki lengra. Við fórum líka í skattahækkanir á breiðum grunni, það var hvergi risahækkun en allir fengu smá. Það var smurt þunnt víða, til að reyna að láta þetta bíta sem minnst í bókhaldið hjá fyrirtækjum og fólki. Það gekk ágætlega en við hefðum auðvitað viljað vera í ríkisstjórn við aðrar aðstæður.“

### Blóð, sviti og tár

*En er það ekki vandinn? Fólki finnst þið kannski bara hafa klúðrað þessu?* „Ég veit það ekki. Finnst fólki við endilega hafa klúðrað endurreisninni? Ég held ekki. Ég meina, við sjáum bara á hagtölunum að hún klúðraðist ekki. Við lokuðum fjárlagagatinu með blóði, svita, tárum og erfiðum ákvörðunum. Við fórum úr 18,6 prósenta verðbólgu niður í rúmlega 4 prósent, stýrivextir úr 18 prósentum í sex. Við skiluðum ágætis búi efnahagslega, en síðan komu hins vegar málin sem við nefndum áðan. Málin þar sem okkar hugsjónir brenna. Stjórnarskrárbreytingin hefði skipt okkur mjög miklu máli því fólk vildi sjá ákveðna núllstillingu á samfélaginu og hún var liður í því.“

### Stjórnarskrármálið ekki klúður

*En var stjórnarskrármálið ekki aðalklúðrið fyrir flokkinn?* „Ég vil ekki segja að það hafi verið klúður. Það er enn þá í gangi og við allavega settum af stað ferli sem ég held að enginn flokkur sé tilbúinn að segja í dag að hann vilji stöðva alveg. Hvort sem það endar með því að þetta verði kosningamál og klárað eftir næstu kosningar, eða hvort menn klára eitthvað af viti núna. Það verða gerðar einhverjar breytingar.“

> Núna má ekki gagnrýna og þetta er bara leið til þöggunar. Mér finnst líka ótækt hvað menn ganga langt í að vaða alltaf í persónur.

### Hörundsár ríkisstjórn

Katrín segir núverandi ríkisstjórn ekki þola gagnrýni og vera gríðarlega hörundsára.

„Núna má ekki takast á um hugmyndir þá er það orðið einelti, árás, óvild eða neikvæðni. Við erum kosin til þess að takast á um hugmyndir. Ef við getum það ekki, hvað erum við þá að gera í pólitík? Maður er ekkert sammála öllu en það er þannig sem þetta gerist. Við ræðum saman þangað til við komumst að niðurstöðu.“

Katrín segist ekki hafa tekið gagnrýni svo persónulega þegar hún var ráðherra. „Núna má ekki gagnrýna og þetta er bara leið til þöggunar. Mér finnst líka ótækt hvað menn ganga langt í að vaða alltaf í persónur. Ef við ætlum að reyna að lokka gott fólk inn í pólitíkina þá getum við ekki unnið svona. Ef maður er forsætisráðherra þá má maður ekki vera svo hörundsár að maður fari í manninn, en ekki málið eins og gerist mjög ítrekað núna. Ég er ósátt við þetta.“

### Aldraðir og öryrkjar út undan

Katrín segir velferðarmál hafa orðið út undan hjá núverandi ríkisstjórn. Eldri borgarar og öryrkjar sitji eftir.

„Mér þykir leiðinlegt hvað þessi ríkisstjórn virðist búa í bönker, það má aldrei gagnrýna hana þá er það orðið einelti eða einhvers konar rætni eða ósanngirni. Við erum að kalla eftir því að eiga samtal við ríkisstjórnina um þessa hluti. Hvernig ætlum við að bæta stöðu eldri borgara og öryrkja? Hvernig ætlum við að bæta í heilbrigðiskerfið? Ég kalla eftir því að við náum sameiginlega og þverpólitískt einu sinni að búa til langtímaáætlun um hvernig við ætlum að bæta í hjá eldri borgurum og öryrkjum og hvernig við ætlum að byggja upp heilbrigðiskerfi.“

Katrín vill sjá áætlun um hvert við ætlum að vera komin eftir tíu ár. „Við þurfum að taka þverpólitíska ákvörðun sem stendur í gegnum kosningar, sama hver verður ofan á.“

### Ótti ekki drifkraftur

Flóttamannamálin hafa verið mikið í umræðunni og hafa aðgerðir danskra yfirvalda gegn flóttamönnum vakið reiði. „Ég er sjokkeruð og finnst þeir ganga allt of langt. Þarna er verið að taka ákvörðun um að lengja í tíma sem fjölskyldur geta sameinast. Að allir fjármunir sem þú átt yfir x upphæð séu teknir inn í greiðslu til hins opinbera. Þeir taka persónulega muni og allt sem þeir geta metið til einhvers. Mér finnst þetta mjög óhuggulegt. Ég er sjokkeruð yfir því að Danir, þessi fyrrum frjálslynda, opna, glaða þjóð, séu farnir að grípa til svona aðgerða. Forsætisráðherra Svíþjóðar, Stefán Löven, segir að þeir muni ekki grípa til þessara ráða. Samt er Svíþjóð búin að taka óhemju mikið af flóttamönnum til sín. Það er einhver ótti í þessu, maður skynjar það. Fólk hefur verið drifið af miklum ótta og ótti er aldrei góður drifkraftur í pólitík.“

### Vilja taka á móti fleira fólki

Kollegar Katrínar í danska Jafnaðarmannaflokknum kusu með lögunum. „Því miður. Ég veit að það er mikil óánægja með þetta innan jafnaðarmannahreyfingarinnar úti um allt. Mér skilst að sem betur fer hafi þeir ekki verið alveg einhuga, það voru einhverjir sem studdu þetta ekki en forystan gerði það. Ég er afar ósátt við það og þetta myndum við ekki gera hér. Við í Samfylkingunni höfum tekið þessi flóttamannamál mjög alvarlega og við viljum taka á móti fleira fólki. Við teljum það skipta máli. Við teljum að íslenskt samfélag þoli það mjög vel. Við munum auðgast af því. Við höfum næga vinnu, við erum með skemmtilegt og fjölbreytt samfélag sem má vel við því að fá aukin utanaðkomandi áhrif.“

### Útlendingaandúð grasserar

*Heldurðu að svipuð þróun geti orðið á Íslandi?* „Maður heyrir alveg í umræðunni að útlendingaandúð, ef maður getur orðað það þannig, er farin að grassera. Það er áhyggjuefni og við þurfum að taka á því. Það gerum við með því að eiga samtal um þetta. Það er ótrúlega óþægilegt hvað það er mikill jarðvegur fyrir þessa umræðu en sem betur fer er hún í minnihluta.“ Katrín segir að okkur beri skylda til að hjálpa.

„Það er bara þannig, ef manneskja þarf að flýja vegna stríðs heima fyrir eða ofsókna eða hvað það er, þá ber okkur sem manneskjum skylda til að hjálpa henni. Það sem bíður þessa fólks heima eru hrakningar og í flestum tilfellum dauði.“




# Útsölunni lýkur um helgina!

## 25-50 afsláttur af húsgögnum og gjafavöru


-25%

### Islandia borðstofuhúsgögn

Mikið úrval af skápum, hillum, sjónvarpsskápum, sófaborðum, stækkanlegum borðstofuborðum o.fl.. Fáanleg í eik og hnotu. Nú með 25% afslætti.
Borðstofuborð 100 x 200/300 cm kr. 359.000,-, **nú 269.250,-.** Borðstofuborð 100 x 160/260 cm, kr. 338.000,- **nú 253.500,-.** Glerskápur 110 x 200 cm,kr. 329.000,-, **nú 246.750,-.**
Skenkur 3ja hurða 189 x 50 x 88 cm, kr. 323.000,-, **nú 242.250,-.** Skenkur 4ra hurða 240 x 50 x 88 cm, kr. 429.000,-, **nú kr. 321.750,-.**
Borðstofustóll í leðri, 32.700,-, **tilboðsverð (-30%) kr. 22.890,-.**



**Riverdale rammar,**
frá kr. 2.400,-, **nú frá kr. 1.200,-**



**Riverdale lukt,**
frá kr. 8.400,-, **nú frá kr. 4.200,-**


-30%

**Stoffus** tungusófi
Stærð; 285 x 180 cm. Litir: dökkbrúnt og ljósbrúnt
Verð kr. 526.000,-, **nú 368.200,-**

-30%


**Idp coco** Sófasett í leðri 3+2
Stærð: 3ja 200 x 95 cm, 160 x 95 cm
Litir; svart og grátt. Verð kr. 731.000,- , **nú kr. 511.700,-**




**Riverdale kassi f/ritföng,**
kr. 14.800,-, **nú kr. 7.400,-**



**LSA kokteilglös 4 stk/pk,**
kr. 9.600,-, **nú kr. 4.800,-**



**Borðstofustóll,**
kr. 33.500,-, **nú kr. 20.100,-**



**Borðstofustóll,**
kr. 37.800,-, **nú kr. 22.680,-**

-30%


**HTL 10558** hvíldarsófasett í leðri 3+1+1
Litir: svart, grátt og brúnt. Verð kr. 878.000,-, **nú kr. 614.600,-.**

# HEIMAHÚSIÐ

**Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18 og laugardaga 11 -16.**

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 78371 02/16



# TVÖFALT MEIRI PARÍS

## Áætlunarflug til Orly hefst 28. mars

**Nýr áfangastaður Icelandair**

Orly flugvöllurinn í París verður 27. áfangastaður Icelandair í Evrópu og önnur flughöfn félagsins í höfuðborg Frakklands, ásamt með Charles De Gaulle vellinum. Til Orly verður flogið allt að sex sinnum í viku og með því opnast nýjar og spennandi tengingar innan Frakklands og við Suður-Evrópu, bæði í lofti og á landi. Með því að bjóða flug til tveggja flugvalla í París fjölgar möguleikum stuðningsmanna íslenska landsliðsins til að fylgja liðinu eftir og hvetja til dáða á EM í sumar.



+ Bókaðu núna á icelandair.is

Vertu með okkur

ICELANDAIR

# Refsigleði



Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Hæstiréttur mildaði í gær dóma yfir burðardýri og sendli í umfangsmiklu fíkniefnamáli. Maður sem gerður var út hér heima til að sækja fíkniefnin fær fjögurra ára dóm í stað fimm og dómur yfir hollenskri konu sem gerð var út með efnin á milli landa var styttur um þrjú ár. Hún fær átta ár í stað ellefu í héraði.

Dómarnir eru engu að síður þungir, sér í lagi í því ljósi að þarna er ekki um að ræða glæpalýð þann sem að smyglinu stendur, heldur smælingja, verkfæri hinna raunverulegu glæpamanna.

Þannig vekur dómurinn spurningar um hvort hér hafi orðið einhver stefnubreyting þegar kemur að refsingum fyrir fíkniefnabrot. Vitanlega er um alvarlega glæpi að ræða og hver og einn hlýtur að vera ábyrgur gjörða sinna, meira að segja fíklar og vesalingar aðrir. En ef dómstólar fara nær alla leið í að fullnýta refsiramma þann sem lög bjóða upp á þegar kemur að einhverjum peðum í glæpunum sjálfum, líkt og gerðist í héraði, má velta því fyrir sér hvort ekki sé orðin innbyggð skekkja í kerfið þegar kemur að stærri fiskum.

Þá vaknar spurningin um það hvort burðardýr og aðrir sem lent hafa á glapstigum eigi ekki að njóta þess í frekara mæli að hafa sýnt samstarf við að upplýsa brot.

Í dómi Hæstaréttar kemur fram að við ákvörðun refsingar konunnar hafi fyrst og fremst verið litið til þess að „um var að ræða fádæma mikið magn sterkra fíkniefna sem hún flutti hingað til lands að yfirlögðu ráði“, en einnig hafi verið höfð hliðsjón af því að hlutverk hennar hafi einvörðungu verið í því fólgið að koma efnunum hingað til lands og fá þau öðrum í hendur. „Til refsilækkunar kom að hún bauð lögreglu aðstoð og tók síðan að undirlagi hennar þátt í aðgerð til að upplýsa málið frekar,“ segir í dómnum.

Velta má því fyrir sér hversu viljug burðardýr sem vonandi á eftir að grípa síðar verða til samstarfs við að upplýsa mál ef þau mega engu að síður eiga von á dómum á borð við þann sem hollenska konan fékk.

Þá verður að segjast að dómurinn er undarlegur í því ljósi að enn virðast ekki öll kurl komin til grafar varðandi rannsóknina á glæpnum sjálfum. Þannig fór út um þúfur með klúðurslegum hætti tálbeituaðgerð lögreglu sem konan tók þátt í og fyrir liggur að lögreglufulltrúi sem kom að stjórnun aðgerða á vettvangi sætir rannsókn héraðssaksóknara vegna ásakana frá samstarfsmönnum um spillingu í starfi.

Vitað er að þyngd refsinga hefur sáralítinn fælingarmátt. Þá er enginn skortur á örvæntingarfullu fólki og veiklunda sem glæpamenn geta notað í skítverk sín. Varhugavert væri að feta svipaða slóð og Bandaríkjamenn hafa gert með sín yfirfullu fangelsi.

Betur fer á því að réttarkerfið horfi til þess að betra fólk en beita hörðum refsingum. Þannig verður kostnaður samfélagsins minnstur. Þá hefði maður haldið að akkur væri í því að umbuna fyrir samstarf við lögreglu við lausn mála. Ef frekari heimildir í lögum til slíks skortir, þá er það löggjafans að bregðast við því.

**Dómarnir eru engu að síður þungir, sér í lagi í því ljósi að þarna er ekki um að ræða glæpalýð þann sem að smyglinu stendur, heldur smælingja, verkfæri hinna raunverulegu glæpamanna.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Óvæntur liðsstyrkur**
Eygló Harðardóttir húsnæðismálaráðherra fékk óvæntan liðsstyrk úr röðum Samfylkingarinnar í gær. Á meðan kollegar hennar í samstarfsflokknum leggja kapp á að gagnrýna húsnæðisfrumvörp hennar segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri það vera mikla réttarbót fyrir leigjendur og aðra á húsnæðismarkaði að frumvörpin verði samþykkt. „Ef umræða þingmanna um húsnæðisfrumvörpin sem sjá má í fjölmiðlum endurspeglar umræðuna á Alþingi er ábyrgðarleysið þar að ná nýjum hæðum. Staðan á húsnæðismarkaði er grafalvarleg og kallar á aðgerðir – og það strax!“ Skrifar Dagur á Facebook-síðu sína.

**Dómínóið í Samfylkingunni**
Allt stefnir í að barátta verði um formannssæti Samfylkingarinnar á árinu, jafnvel nokkrum mánuðum áður en hún átti upphaflega að vera. Ólína Þorvarðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, ýtti dómínóinu af stað með kröfu um að landsfundi yrði flýtt. Í kjölfarið var hlaupið upp til handa og fóta og margir vilja drífa sig í að skipta um mann í brúnni. En fylgisvandi Samfylkingarinnar hlýtur að vera djúpstæðari en svo að nægi að skipta um óvinsælan formann. Ef allir hegðuðu sér líkt og grasrót Samfylkingarinnar væri hér skipt um forsætisráðherra á sex mánaða fresti.

stefanrafn@frettabladid.is

# Kári og 11 prósentin



Guðmundur Edgarsson
málmenntafræðingur

Kári Stefánsson stendur nú fyrir undirskriftasöfnun í því skyni að framlög ríkisins til heilbrigðismála verði aukin í 11% af þjóðarframleiðslu og verði þannig á pari við það sem þekkist hjá frændþjóðum okkar á Norðurlöndum.

**Bandaríkin og 16 prósentin**
En hví er markið ekki sett enn hærra og miðað við þau tæp 17% sem Bandaríkjamenn verja til heilbrigðismála? Það væri ekki skynsamlegt því þvert á það sem fólk heldur stafar hinn óheyrilegi kostnaður vegna heilbrigðiskerfisins í Bandaríkjunum af síaukinni þátttöku ríkisins í heilbrigðisgeiranum sem smám saman hefur grafið undan skilvirkni markaðarins á því sviði. Til marks um hve umfangsmikill ríkisrekstur er orðinn í heilbrigðiskerfinu þar vestra má nefna að meðal-Bandaríkjamaður borgar nú meira í skatt vegna heilbrigðisþjónustu en meðal Norðurlandabúinn. Þróun bandaríska heilbrigðiskerfisins frá fyrirkomulagi þar sem einkarekstur var ráðandi til kerfis sem einkennist æ meir af miðlægum ákvörðunum og kostnaðarþátttöku ríkisins hefur nefnilega leitt til meiri óhagkvæmni en áður voru dæmi um.

**Aukum frelsi og samkeppni**
Reynsla Bandaríkjamanna bendir til að vægi einkaframtaks í heilbrigðiskerfinu þyrfti að aukast en þá að mestu án niðurgreiðslna sem gjarnan brengla verðvitund neytandans. Slík einkavæðing með tilsvarandi skattalækkunum gæti nefnilega hentað vel í heilsugæslunni sem og á einkastofum sem sinna smærri aðgerðum. Ríkið gæti þá einbeitt sér að stærri aðgerðum og alvarlegri veikindum, hugsanlega með aukinni aðkomu sjálfstæðra tryggingafélaga að því tilskildu að skattar lækki til samræmis.

Átak Kára er á margan hátt lofsvert. Heilbrigðiskerfinu hér á landi hefur hnignað undanfarin ár sem merkja má af gömlum tækjabúnaði, sífelldum vinnudeilum og löngum biðlistum. Því er mikilvægt að setja heilbrigðismál í forgang á næstu misserum. En gætum að einu. Aukin ríkisframlög ein og sér leysa ekki vandann til frambúðar. Á þessu hafa hin norrænu ríkin nú áttað sig. Fyrr en síðar þarf nefnilega að losa um miðstýringuna og yfirbygginguna í heilbrigðiskerfinu og auka þess í stað rými fyrir einkaframtak í fjölbreytilegu samkeppnisumhverfi. Með þeim fyrirvara skrifa ég glaður undir hjá Kára.

**Aukin ríkisframlög ein og sér leysa ekki vandann til frambúðar.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Erfðaskrá



Bergur Ebbi

Þó að farsímar séu nú búnir að vera til í áratugi þá eru margir með áskrift að heimasíma. Við getum ekki bara keyrt með hann út í skóg og skilið hann eftir eins og labrador með liðagigt þó að við höfum ekki sömu not fyrir hann og áður. Heimasíminn lifir enn góðu lífi og það lítur út fyrir að honum verði fasað út hægt og rólega. Hlutirnir í kringum okkur þurfa aðlögunartíma. Ég man að pabbi hélt tryggð við ritvélar löngu eftir að það var komin tölva á heimilið. Til að sýna tryggð sína keypti hann nýja ritvél í Nýherja cirka 1996. Þetta var ritvél af bestu sort, með leiðréttingar-fídus og sjálfvirkri línuskiptingu; stór græja sem þurfti umönnun. Pabbi sinnti henni af alúð, sá til þess að hún var aldrei bleklaus og fyllti samviskusamlega á leiðréttingarvökvatankinn.

Í huga mínum er þetta allt ein stór fjölskylda. Snjallsíminn er sonur farsímans, sem er endurbætt útgáfa heimasímans, en móðirin er tölvan sem er dóttir ritvélarinnar og vasareiknisins. Þetta er persónulegt, þessir veraldlegu hlutir eru stór þáttur heimsmyndar minnar og ég get ekki slitið þá úr samhengi hverja frá öðrum. Þó að ég vilji ekki gera öðrum upp lífsskoðanir þá verður að teljast líklegt að stór hluti mannkyns upplifi þetta öðruvísi. Upp vex nú risastór kynslóð, einkum í Asíu, sem hefur engar minningar um tölvur, ritvélar eða síma en hefur nú öll snjallsíma í hönd. Það var hoppað yfir nokkur þróunarstig, og kannski var einmitt hoppað yfir þau þróunarstig sem gera heimsmynd mína óþarflega flókna.

**Eg, unnandi hluta**

Það hefur stundum verið sagt að kommúnismi virki ekki. Ekki vegna þess að hann skapar stríð og hörmungar heldur vegna þess að fólk er í grunninn unnendur hluta. Skömmu eftir að börnin læra að segja „mamma“ læra þau að segja „mitt“ og svo fara fyrstu tuttugu ár mannsævinnar í að læra að bera ábyrgð á hlutunum, merkja þá með nafni, flokka og geyma. Sumt fólk lærir það aldrei og er fyrir vikið utanveltu í samfélaginu. Í þessu felst ekkert gildismat. Svona er þetta bara. Við erum samfélag sem er kjölfest í eignarrétti.

Fólk vill eiga hluti. Það vill keyra um á eigin bílum en ekki taka strætó sem allir eiga saman. Það vill búa í eigin húsum, fylla þau með eigin dóti og helst eiga bílskúr líka sem er troðfullur af skíðum, skautum og gömlum teikningum sem börnin sköpuðu og merktu skilmerkilega með nafni og aldri. Ég er of tengdur inn í þetta kerfi til að geta í raun sett neitt út á það. Ég geri þetta bara eins og ég mér var kennt, hús og bíll og hlaupaskór. Fyndnast þykir mér þó hvað ég á mikið af töskum. Ég á sérstaka tösku undir badmintonspaða, aðra tösku undir tennisspaða, sérstaka skautatösku, sérstaka skíðatösku og ég á meira að segja tösku sem er gerð til að geyma töskur. Í heimsmynd minni er til sérstakt hólf fyrir þetta allt.

**Front Facing Camera**

Fyrir mér er snjallsími í besta falli kirsuber á kökunni og í versta falli bara enn einn hluturinn sem ég þarf að hlaða og sinna og kaupa hulstur og töskur fyrir. Ég næ varla utan um þá hugmynd að snjallsíminn sé eitthvað meira en hlutur. En hér má samt alveg setja fram tilgátu. Kannski er snjallsíminn stökkbreytingin stóra, það sem mun snúa heiminum á hvolf, breyta hugmyndum okkar um sjálfan eignarréttinn. Kannski þurfum við ekki að eiga neitt nema snjallsíma, ef við þurfum þá að eiga hann.

En hvað er ég að segja? Að eftir nokkrar kynslóðir muni allir standa naktir úti á túni með snjallsíma? Ekki alveg. Það verða að sjálfsögðu til hús, skíði, skautar, bílar, espressó-vélar og örugglega slatti af dóti sem er ekki ennþá búið að finna upp. Heimurinn verður stútfullur af drasli, eins og áður, en einstaklingurinn mun ekki móta sjálfsmynd sína eftir því hversu mikið af þessu dóti hann *á* heldur eftir því hversu miklu af þessu dóti hann hefur *aðgengi að*.

Lykilhugtakið hér er sjálfsmynd. Eins langsótt og það kann að hljóma þá er fólk enn með áskrift að heimasíma því þeir tengjast sjálfsmyndinni. Það er mikil breyting á sjálfsmynd einstaklings að ganga um með tæki í vasanum sem gefur fólki óheftan aðgang að viðkomandi. Flestir hafa tekið þetta skref en sumir vilja halda í gamla heimasímann líka, til minningar um gamla tíma, þegar símar voru ekki einstaklingstæki heldur hluti af heimilinu; eitthvað sem öll fjölskyldan notaði saman. Heimasímar gætu auðveldlega lifað í tuttugu ár í viðbót vegna þessarar þátíðarþrár og það er engin ástæða til að horfa framhjá því afli. Við skulum aldrei vanmeta hversu samviskusamlega úreltum hugmyndum er sinnt.

**En hvað er ég að segja? Að eftir nokkrar kynslóðir muni allir standa naktir úti á túni með snjallsíma? Ekki alveg. Það verða að sjálfsögðu til hús, skíði, skautar, bílar, espressó-vélar og örugglega slatti af dóti sem er ekki ennþá búið að finna upp. Heimurinn verður stútfullur af drasli, eins og áður, en einstaklingurinn mun ekki móta sjálfsmynd sína eftir því hversu mikið af þessu dóti hann á heldur eftir því hversu miklu af þessu dóti hann hefur aðgengi að.**

**Eden brennur**

Ég skal ekki segja um ykkur, kæru lesendur, en sjálfur er ég þjakaður af úreltum hugmyndum. Ég eyði bróðurparti orku minnar í að fylla tuttugu kílóa ritvél af leiðréttingarvökva og ég sinni því samviskusamlega. Ég er hræddur við að krukka í heimsmynd minni því kannski gætu smávægilegar breytingar látið allt burðarvirkið hrynja. Það er reyndar ekki bara úreltur eignarréttur sem þjakar mig heldur líka hálf-úreltar hugmyndir um þjóðerni, trú, syndir forfeðranna og allskonar rugl sem hvílir á herðum mínum.

Ég vona að þú kæri lesandi skynjir þessa hugleiðingu sem eitthvað meira en hefðbundið sjálfshjálpar-apakattartal. Ég eftirlæt ykkur þá pynt að uppgötva með mér að upp er runnin stund lífvarðaskipta og er það nema von að sá réttláti gráti á akrinum þegar féð uppgötvar að það þarf engan hirði. Og eitt að lokum varðandi töskur. Það er hægt að kaupa svoleiðis undir sjálfan sig þó að sífellt fleiri kjósi reyndar að brenna sig.

# Aðför að opinberum starfsmönnum



Guðríður Arnardóttir
formaður Félags framhaldsskólakennara

Formaður fjárlaganefndar hefur ítrekað gagnrýnt réttarstöðu opinbera starfsmanna eins og þar sé um verulegt vandamál að ræða. Ekki er annað að heyra en formaðurinn vilji heimildir til þess að reka opinbera starfsmenn án ástæðu og að geðþóttaákvarðanir geti ráðið för.

Um opinbera starfsmenn gilda lög nr. 70/1996 og stjórnsýslulög nr. 37/1993. Stjórnsýslulög eru reyndar almenn löggjöf um stjórnsýslu og vinnureglur stjórnvalda og falla allir borgarar undir þau lög í samskiptum sínum við hið opinbera, sama hver þau samskipti eru.

Það má til gamans geta þess að flokksbróðir formanns fjárlaganefndar, forsætisráðherra á þeim tíma, Steingrímur Hermannsson, lagði frumvarpið fram.

Setning stjórnsýslulaga var gífurleg réttarbót fyrir almenning og felst í lögunum öryggi fyrir því að stjórnsýslan starfi í anda jafnræðis og að hlutlæg sjónarmið ráði afgreiðslu mála.

Formaðurinn telur helsta galla laganna vera að ekki sé hægt að reka opinbera starfsmenn án ástæðu. Þannig virðist formaðurinn vilja haga því þannig að geðþóttaákvarðanir stjórnenda hjá hinu opinbera geti ráðið för við ákvarðanir um brottrekstur.

**Meðalhófs sé gætt**

Í rauninni byggja starfsmannalögin á stjórnsýslulögunum, þar sem rauði þráðurinn er meðalhóf. Þannig ber stjórnvaldi að leita allra leiða til þess að milda íþyngjandi ákvarðanir, hvort sem um er að ræða í starfsmannahaldi eða öðrum samskiptum við almenna borgara.

Ég bendi á að ekkert er því til fyrirstöðu að segja upp lélegum starfsmönnum hjá hinu opinbera, við uppsögn þarf bara að fylgja settum leikreglum þar sem meðalhófs er gætt eins og ávallt í samskiptum hins opinbera við almenning.

Eða er ekki eðlilegt að starfsmaður sem brýtur af sér í starfi fái eitt tækifæri til að bæta ráð sitt áður en til brottvikningar kemur? Starfsmaður sem til dæmis er ítrekað staðinn að óstundvísi getur þannig fengið áminningu og hefur þá eitt tækifæri til þess að bæta ráð sitt áður en til brottrekstrar kemur. Dómar og úrskurðir Umboðsmanns Alþingis er varða áminningar og brottrekstur opinberra starfsmanna hafa langflestir snúist um tæknilega framkvæmd og verklag þar sem settar leikreglur hafa verið brotnar.

Það er ekkert því til fyrirstöðu að fækkað sé í starfsliðinu vegna til dæmis samdráttar í verkefnum eða fjárveitingum opinberrar stofnunar. Þá verður val þeirra sem er sagt upp störfum að byggja á málefnalegum sjónarmiðum og sem betur fer eiga stjórnsýslulög að koma í veg fyrir að geðþóttaákvarðanir ráði för.

Við viljum að hið opinbera gæti meðalhófs í hvívetna gagnvart almennum borgurum og það á við alla, þar með talda opinbera starfsmenn. Það væri verulegt afturhvarf til fortíðar að breyta þeim lögum í grundvallaratriðum enda eru fáar raddir sem heyrast úr þingsölum þess efnis, sem betur fer.





Stormur í sápukúlu? Reykur sígarettu drepur, skaðlegur umhverfinu. Gufa rafrettu er skaðlaus notandanum og fólki í umhverfinu. Rafgufan er álíka varasöm og loft í sápukúlum. Nikótíni fylgir fíkn, en hættulaus og ámóta og kaffidrykkja í skaðsemi fyrir heilsu fólks. Hvað ber þá að varast? Reyktóbakið og sígarettureykinn.

# Stærstu mistök heilbrigðismála í uppsiglingu?



Guðmundur Karl Snæbjörnsson
læknir

Engin vísindaleg rök eru fyrir því að setja rafrettur í fjötra laga og reglugerða eins og til stendur að gera ef Ísland fer að tilskipun Evrópusambandsins (EU/ESB, TPD 2014/40/EU)(1). Þessari tilskipun er ætlað að vera komin í lög hjá aðildarríkjum EU fyrir 20. maí 2016 og síðar hjá EFTA (EES) ríkjunum.

Röng hugmyndafræði „tóbaksvarna“ er þar látin ráða þvert á staðreyndir byggðar á vísindalegum rannsóknum.

Margir helstu vísinda- og fræðimenn á þessu sviði hafa því sent WHO/FCTC kröftug mótmæli við tilskipuninni og ásakað WHO um að hafa rangfært og snúið út úr rannsóknum þeirra og að WHO hafi ekki haft almannaheill að leiðarljósi (2, 5).

Þessir fræðimenn halda því fram að rafrettan sé eitt það mikilvægasta sem komið hefur fram í heilbrigðismálum á seinni tímum. Gæti orðið til þess að hægt væri að bjarga miljónum mannslífa í Evrópu á þessari öld, en um 700.000 manns deyja árlega í Evrópu af völdum reykinga (WHO). Hér á landi um 400 manns og sem veldur aukalega um 20 miljarða árlegum kostnaði (17).

Eftir að ný tilskipun WHO/FCTC var birt hefur aldrei komið fram eins mikil gagnrýni á nokkra tilskipun. Eru greinarnar orðnar yfir 90.000 talsins.

Einn fyrrv. framkvæmdastjóra WHO, Dr. Derek Yach (cabinet director, stýrði myndun FCTC-nefndarinnar, sem ákveður stefnu WHO í tóbaksvörnum), hefur gagnrýnt harðlega sína fyrrverandi samstarfsfélaga. Tilskipun sem skaðar okkur og deyðir ef vitnað er í ummæli hans og hann segir rafrettuna gefa fólki betri heilsu og líf sitt tilbaka (8, 16).

Fyrrv. landlæknir Bandaríkjanna, Dr. Richard Carmona (9), hefur talað í sama tón svo og fyrrv. framkvæmdastjóri Alþjóðalæknasamtakanna (WMA), Dr. Delon Human (10), sem sagði nýlega að með rafrettunni væri komið stórkostlegt tækifæri fyrir okkur til að ljúka baráttunni við sígarettuna og losa okkur við skaðsemi hennar og bjarga þannig ómældum fjölda mannslífa.

Dr. Robert West, einn þessara fræðimanna, sagði nýlega að ef okkur mistækist að nýta tækifærið sem fælist í notkun og aðgengi að rafrettunni þá mætti líkja því við að við værum að dæma fólk til dauða, sem annars hefði lifað tóbakslaust. Um þetta snýst málið, segir hann (13).

Skv. rannsóknum þá næst 60% betri árangur meðal fólks við að hætta að reykja með hjálp rafrettunnar umfram það sem næst með nikótínlyfjunum, plástrum, tyggjói, töflum og af eigin viljastyrk (11, 13, 18).

Það vekur athygli að rafrettan, sem þó er ekki einu sinni tóbaksvara, inniheldur ekkert tóbak, hefur þrátt fyrir það verið flokkuð undir tóbaksvörur samkvæmt tilskipun EU (TPD).

Ekki heldur er vökvinn í rafrettunni lyf, ekki frekar en að tóbakið væri flokkað sem lyf.

Er einhver ávinningur af því nema fyrir lyfjafyrirtækin?

Er ekki nægileg alvara fylgjandi því að helmingur neytenda deyr af völdum tóbaksreyksins? Af hverju er þá ekki búið fyrir löngu að banna reyktóbakið, sér í lagi sígaretturnar? (15).

### Gríðarlegur heilsufarslegur ávinningur

Heilsufarslegur ávinningur reykingafólks með því að skipta yfir í rafrettur er gríðarlegur. Rafrettur eru metnar 95% skaðlausari en sígarettur (6, 7). Þessi 5% eru auk þess aðeins fyrirvari, ekki staðfesting á skaðlegum áhrifum. Margir fræðimenn meta hugsanlegan skaða þeirra jafnvel miklu minni, ef þá nokkurn.

Er því virkilega þörf á að mismuna rafrettum gagnvart sígarettum á markaðinum? Tóbaksreykur drepur, rafrettur bjarga.

Í ofanálag á að leyfa, skv. hinni nýju tilskipun, að sígaretturnar verði áfram í nánast í óheftri sölu sem neytendavara. Aðeins með eins konar sýnileikabanni, takmarkandi nafnamerkingum og nýjum myndum á pökkunum til að reyna að draga úr notkun þeirra!

Við gætum allt eins sleikt frímerki eða álíka á pakkana og kassadaman svo bara ullað á viðskiptavinina til að hræða fólk frá kaupunum.

Það er harla gagnslítið í samanburðinum, þar sem jafnræðisregla framboðs og samkeppni á markaði er ekki til staðar, millis þess sem veldur dauða og þess sem gæti bjargað (14). Hver hefur hag af slíkri mismunun? Auðvitað framleiðendur sígarettanna, ekki almenningur.

Að innleiða hina nýju tilskipun EU er röng ákvörðun stjórnvalda og ekki réttlætanleg með nokkrum vísindalegum rökum eða lögmálum siðfræðinnar (12).

Við verðum að treysta á að Alþingi og þingmenn okkar hafi almannaheill og heilsu almennings hér í algjörum forgangi og hafni tilskipuninni alfarið, þegar og ef frumvarp um slíkt verður lagt fram af heilbrigðisráðherra. Annað væri alvarleg mistök og almannaheill með því fyrir borð borin.

Veljum bætta heilsu, dauðinn getur beðið, með leyfi Alþingis.

Greinina með heimildum sem vísað er í má lesa á **Vísi**

# Gunna er fædd frjáls



Þorsteinn Siglaugsson
hagfræðingur

„Maðurinn er fæddur frjáls, en alls staðar er hann í hlekkjum,“ segir franski heimspekingurinn Jean-Jaques Rousseau í frægri ritgerð sinni um samfélagssáttmálann. Hugmyndafræði Rousseau, ásamt kenningum annarra frumkvöðla nútíma stjórnmálaheimspeki grundvallast á þeirri afstöðu að hið náttúrulega ástand mannsins sé frelsið, og að það megi aðeins skerða á grundvelli augljósra almannahagsmuna.

Þessi afstaða er grundvöllur frjálsra vestrænna lýðræðissamfélaga: Í stað þess að konungar, keisarar, einræðisherrar, eða þess vegna þingmenn, skammti þegnum sínum réttindi úr hnefa, er frelsi einstaklingsins útgangspunkturinn. Enginn maður hefur rétt til að skerða frelsi annars nema almannahagsmunir krefji. Sönnunarbyrðin liggur hjá þeim sem vilja hafa forræði yfir öðru fólki, ekki hjá þeim sem vilja lifa frjálsir.

Orð Rousseau koma óneitanlega upp í hugann þegar fylgst er með umræðu um hvort leyfa skuli sölu áfengis á almennum markaði. Svo virðist sem andstæðingar hins sjálfsagða réttar fólks til að eiga viðskipti sín á milli líti svo á að þeim sem verja frelsið beri að sanna með einhverjum hætti tilkall sitt til þess. Sýni ekki stuðningsmenn þess fram á það, sé valdboðið og hömlurnar hið eðlilega, náttúrulega fyrirkomulag. Þannig fullyrðir til dæmis leiðarahöfundur Fréttablaðsins mánudaginn 1. febrúar að þar sem stuðningsmenn frumvarps um sölu áfengis hafi ekki sýnt fram á að frumvarpið styðji við „siðmenningarlega framþróun og hagsmuni hinna dreifðari byggða“ séu rök þeirra einskis virði.

> **Er ekki fráleitt að skotvopn séu seld í almennum verslunum, en ekki af ríkisstarfsmönnum í bláum sloppum? Og hvað um sykur? Er ekki sykur heilsuspillandi og sjálfsagt að stofna Sykureinkasölu ríkisins, í nafni lýðheilsu?**

Hér er hlutunum rækilega snúið á hvolf. Hugsum okkur nú að enn væri við lýði bann við sölu mjólkurafurða nema í sérstökum mjólkurbúðum, bann við að aðrir en Bifreiðaeinkasala ríkisins seldi bifreiðar, bann við stofnun útvarps- og sjónvarpsstöðva svo fátt eitt sé nefnt. Væri það þá eðlilegt að þeir sem njóta vilja sjálfsagðs réttar til að selja mjólk eða bifreiðar eða stofna ljósvakamiðla yrðu að sýna fram á að krafa þeirra styddi við „siðmenningarlega framþróun og hagsmuni hinna dreifðari byggða“ til að fá henni framgengt?

### Hvað með skotvopn og sykur?

Slíkt væri auðvitað fráleitt. Að öðrum kosti gætu forsjárhyggjumennirnir, sem telja sig hafa guðlegan rétt til að ráðskast með samborgara sína, snúið sér næst að öðru því, sem þeir eru andvígir. Hvað um sölu skotvopna svo dæmi sé nefnt? Er ekki fráleitt að skotvopn séu seld í almennum verslunum, en ekki af ríkisstarfsmönnum í bláum sloppum? Og hvað um sykur? Er ekki sykur heilsuspillandi og sjálfsagt að stofna Sykureinkasölu ríkisins, í nafni lýðheilsu?

Væri það þá eðlileg krafa að þeir sem andmæltu þessum nýju stofnunum sýndu fram á „siðmenningarlega framþróun“ sem af því hlytist að halda áfram að selja haglabyssur í veiðiverslunum og sælgæti í sjoppum? Myndu 2/3 hlutar þjóðarinnar láta linnulausan áróður forsjárhyggjupostulanna blekkja sig til að lýsa stuðningi við frelsisskerðinguna? Eða myndum við einfaldlega hlæja að þeim?

Yrði okkur ekki ljóst, að sönnunarbyrðin hvílir einfaldlega ekki á Gunnu í Vesturbænum, sem langar að stofna sælkeraverslun á Högunum, svipaða þeirri sem hún vann í á námsárunum á Ítalíu, og selja þar hráskinku (já, hún var bönnuð á sínum tíma), melónur og rauðvín? Sönnunarbyrðin hvílir á Jóni, sem vill banna henni að láta drauma sína rætast. Það er sama þótt Jóni þyki draumar Gunnu ómerkilegir, sama þótt honum hafi til þessa tekist að hindra að hún léti þá rætast, sama þótt Gunnu hafi ekki tekist að sanna með óyggjandi hætti að búðin hennar leiði af sér „siðmenningarlega framþróun“ og sama hvað Jónarnir eru margir, frekir og háværir. Gunna er nefnilega fædd frjáls.

# Katrín, VG og fullveldi ríkja



Þröstur Ólafsson
hagfræðingur



Nú er það svo að mér koma ritsamskipti annarra ekki mikið við. Held mig almennt fjarri þeim. „Bréf“ Katrínar Jakobsdóttur í Fréttabl. 2. febr. sl., þótti mér hins vegar byggt á svo rangsnúnum málflutningi að rangt væri að láta eins og ekkert væri. Um hugarfar eða afstöðu ætla ég ekki að ræða. Það verður hver að eiga við sjálfan sig. Viðskiptaþvinganir eru vissulega ekkert skemmtiatriði. Þeim er beitt þegar gefist hefur verið upp á samningum.

Þær koma vissulega ekki í staðinn fyrir pólitískar lausnir, en geta leitt til þeirra, eins og í deilunni við Íran. Kannski má segja að þær séu mildur staðgengill stríðsyfirlýsingar. Á 19. og 20. öld voru þær mun sjaldgæfari. Það var þá helst aðflutnings- eða hafnbönn sem beintengd voru stríði. Yfirleitt var þó vaðið beint í stríð. Ætli Evrópusagan hefði orðið mildari, ef viðskiptaþvingunum hefði verið beitt markvisst á fyrri hluta 20. aldar? En það er bara vangavelta sem engin leið er að færa sönnur á.

### Fullveldi ríkja

Það er í seinni hluti greinar K.J. sem mér finnst örla á misskilningi eða röngum upplýsingum. Katrín segir VG vilja „...standa vörð um fullveldi þjóða og erum ekki sátt við að landamærum sé breytt í skjóli hervalds“. Gott er það. Þetta er þó meginástæða þess að viðskiptaþvinganir voru settar á Rússland Pútíns. Niðurstaða Helsinki-ráðstefnunnar 1976, sem ítrekuð var í samningunum um sameiningu Þýskalands 1990/91, var sú að óheimilt væri að breyta landamærum fullvalda ríkja í Evrópu, nema með fullu samþykki viðkomandi ríkja. Þetta voru samningar sem Sovétríkin og síðar Rússland undirrituðu. Rússland gerði sérstakt samkomulag við Úkraínu (1992) um viðurkenningu á fullveldi þess ríkis og óbreytanleika þáverandi landamæra Úkraínu. Þegar þetta samkomulag var undirritað var Krím hluti af Úkraínu. Þegar Pútín tók landsvæði af Georgíu, í fullri andstöðu við ríkisstjórn þess lands, brugðust Vesturlönd við með því að mótmæla, án þess þó að annað fylgdi í kjölfarið, sem kannski varð til þess að Rússar færðu sig upp á skaftið og innlimuðu Krím og hófu hernað í austurhluta Úkraínu. Þá var mælirinn fullur.

> **Misskilningur Katrínar liggur í því, að hún virðist réttlæta að nokkru verknað Rússa með því að atkvæðagreiðsla, sem þeir framkvæmdu hjá íbúum Krím, undir eigin hervernd, hafi sýnt fram á vilja Krímverja.**

### Óbreytanleiki landamæra

Misskilningur Katrínar liggur í því, að hún virðist réttlæta að nokkru verknað Rússa með því að atkvæðagreiðsla, sem þeir framkvæmdu hjá íbúum Krím, undir eigin hervernd, hafi sýnt fram á vilja Krímverja. Helsinki-samkomulagið og samkomulag Rússa og Úkraínu hljóðuðu upp á, að ríkin sem slík yrðu að samþykkja breytt landamæri, ekki einstaka þjóðflokkar innan landamæra ríkja. Það var nákvæmlega þetta sem koma átti í veg fyrir í Helsinki, minnugir m.a. innlimunar Súdetahéraðanna í Þýskaland, sem samþykkt var af meirihluta Þjóðverja í héraðinu. Ef slíkt yrði heimilt, væri hætta á að öll Evrópa myndi aftur loga í ófriði.

Með vopnaskaki Rússa við landamæri Eystrasaltsríkjanna og hernaði þeirra í austurhluta Úkraínu var það mat leiðtoga og þjóðþinga á Vesturlöndum að rétt væri að setja á viðskiptaþvinganir, þó ekki viðskiptabann, þar sem diplómatískar viðræður og samningaumleitanir höfðu engan árangur borið. Hvað varðar „útþenslu Atlantshafsbandalagsins“ þá er það staðreynd að þessar austur-evrópsku þjóðir, sem áður höfðu verið undir áratuga áþján Sovétmanna, óttuðust um fullveldi ríkja sinna, ef þær kæmust ekki undir verndarvæng NATO. Þær sóttu um aðild að NATO með þeim orðum, að vilja með því standa vörð um fullveldi sitt. Það getur varla verið ásteytingarsteinn hjá VG, sem einmitt vill „standa vörð um fullveldi ríkja“.

# ÖSKUDAGUR

SPARIÐ 30% af útvöldum búningum

Fylgihlutir seldir sér




1. 4.199
2. 4.199
3. 4.899
4. 7.699

Tilboðin gilda til og með 21.02.2016. VSK er innifalinn í verði.
Fyrirvarar eru gerðir vegna mögulegra prentvillna.

Toys Я Us
IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!

Markhönnun ehf

# netto

KJÖTSEL

# Saltkjöt og ba



-35%

KJÖTSEL - ÓDÝRT SALTKJÖT
**493**
ÁÐUR 759 KR/KG




-20%

KATLA - BAUNASÚPUGRUNNUR
**398**
ÁÐUR 498 KR/PK



Fylltu frystinn

-40%

HAMBORGARHRYGGUR - FROSINN
**899**
ÁÐUR 1.498 KR/KG



-50%

GULRÓFUR
**139**
ÁÐUR 278 KR/KG



SS fremstir fyrir bragðið

Fylltu frystinn

-22%

LAMBAHRYGGUR
**1.778**
ÁÐUR 2.279 KR/KG



-25%

KALKÚNABOLLUR - FULLELDAÐAR
**1.499**
ÁÐUR 1.998 KR/PK




ÓDÝR ÍS - 3 TEG
**298**
ÁÐUR 359 KR/STK




-41%

NICE'N EASY PIZZUR - 3 TEG
**259**
ÁÐUR 439 KR/STK




-26%

COCA COLA LIGHT - 2L
**199**
ÁÐUR 269 KR/STK

**Tilboðin gilda 4. – 7. feb 2016**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.




www.netto.is

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss




# Næstu tvær verða sögulegar

**Stoðsendingamet Jóns Arnars Ingvarssonar fellur að öllum líkindum í beinni útsendingu Stöðvar 2 Sport í kvöld þegar Stjörnumenn heimsækja Grindvíkinga í Röstina í Domino's-deild karla í körfubolta. Justin Shouse, leikstjórnandi Stjörnuliðsins, stendur á tímamótum á sínu tíunda tímabili í úrvalsdeildinni.**

**KÖRFUBOLTI** 209 leikir eru að baki á tæpum tíu árum og Justin Shouse á nú möguleika á því að komast á topp stoðsendingalista úrvalsdeildar karla. Kappinn hefur gefið 6,7 stoðsendingar að meðaltali í leik á þessum næstum því tíu tímabilum.

Jón Arnar Ingvarsson er búinn að eiga metið síðan hann fór upp fyrir nafna sinn Jón Kr. Gíslason tímabilið 2002 til 2003 en hann var þá leikmaður Breiðabliks. Jón Arnar bætti metið í leik á móti KR 5. desember 2002 og er því búinn að eiga það í rúm þrettán ár. Jón Arnar endaði á því að senda 1.392 stoðsendingar á ferli sínum í úrvalsdeildinni.

### Vantar fimm tímabil hjá Jóni Kr.

Jón Kr. Gíslason er í þriðja sætinu með 1.359 stoðsendingar en það segir þó ekki alla söguna. Jón Kr. var nefnilega búinn að spila fimm tímabil og 93 leiki í deildinni áður en menn fóru fyrst að skrá stoðsendingar tímabilið 1988-89.

Jón Kr. Gíslason gaf flestar stoðsendingar á fimm af sex fyrstu tímabilunum sem stoðsendingarnar voru teknar saman í úrvalsdeildinni og eina tímabilið sem vantar upp á var tímabilið sem hann lék ekki í deildinni heldur spilaði með SISU í Danmörku.

Eiríkur Sverrir Önundarson og Sverrir Þór Sverrisson náðu líka að gefa yfir 1.300 stoðsendingar en lögðu skóna á hilluna áður en þeir ógnuðu meti Jóns Arnars fyrir alvöru.

Þrír aðrir leikmenn hafa náð að komast yfir þúsund stoðsendinga markið en það eru Teitur Örlygsson, Friðrik Ragnarsson og Tómas Holton. Næsti meðlimur þúsund stoðsendinga klúbbsins gæti orðið Keflvíkingurinn Magnús Þór Gunnarsson. Magnús þarf þó að gefa 38 stoðsendingar í viðbót til að ná því og það gerist því væntanlega ekki fyrr en á næsta tímabili í fyrsta lagi.

### Fyrsta stoðsendingin á móti KR

Leið Justins að fyrsta sætinu hófst í Vesturbænum 20. október 2006 þegar hann lék sinn fyrsta leik í úrvalsdeildinni. Justin gaf þá 7 stoðsendingar á liðsfélaga sína í Snæfellsliðinu sem urðu þó að sætta sig við tap fyrir KR. Justin hafði tímabilið áður leikið með Drangi frá Vík í Mýrdal í 1. deildinni en fékk nú tækifæri hjá Geof Kotila.

Justin lék tvö tímabil í Stykkishólmi en samdi svo við Stjörnuna sumarið 2008. Justin hefur spilað í Garðabænum síðan þá og er nú orðinn leikjahæsti leikmaður félagsins í úrvalsdeildinni.

### Tíu tímabil af stoðsendingum frá Justin Shouse

| Lið / tímabil | Fjöldi stoðsendinga | Fjöldi í leik | Sæti |
|---|---|---|---|
| Snæfell 2006-07 | 121 | 5,5 | 6. sæti |
| Snæfell 2007-08 | 153 | 7,0 | 2. sæti |
| Stjarnan 2008-09 | 170 | 7,7 | 1. sæti |
| Stjarnan 2009-10 | 126 | 5,7 | 4. sæti |
| Stjarnan 2010-11 | 127 | 5,8 | 5. sæti |
| Stjarnan 2011-12 | 160 | 7,3 | 1. sæti |
| Stjarnan 2012-13 | 188 | 8,5 | 2. sæti |
| Stjarnan 2013-14 | 138 | 6,9 | 5. sæti |
| Stjarnan 2014-15 | 118 | 5,9 | 5. sæti |
| Stjarnan 2015-16 | 91 | 6,1 | 2. sæti |

Besta stoðsendingatímabil Justins var 2012-13 þegar hann gaf 188 stoðsendingar eða 8,5 í leik. Það dugði þó ekki nema í annað sætið á stoðsendingalistanum. Justin hefur unnið stoðsendingatitilinn á tveimur tímabilum (2009 og 2012) en hann er búinn að vera tvisvar sinnum í öðru sæti og öll tímabilin meðal þeirra sex efstu. Justin Shouse er eins og er í öðru sæti í stoðsendingum á eftir KR-ingnum Ægi Þór Steinarssyni.

### Hver skorar körfuna?

Það má fastlega búast við því að Justin Shouse bæti met Jóns Arnars í kvöld og verði jafnvel búinn að því strax í fyrsta leikhlutanum. Justin hefur minnst gefið þrjár stoðsendingar í leik á þessu tímabili og er með fimm eða fleiri stoðsendingar í 10 af 15 leikjum sínum

Kannski er meiri spenna að sjá hvaða leikmaður skorar eftir metsendinguna. Ábyrgðin liggur líka á skráningamanni Grindvíkinga að missa ekki af stoðsendingu hjá Justin á þessum tímamótum en það er alltaf mat tölfræðings hvers leiks hvað er stoðsending og hvað er ekki stoðsending.

Leikur Grindavíkur og Stjörnunnar hefst klukkan 19.15 og verður sýndur beint á Stöð 2 Sport.

ooj@frettabladid.is

## Nýjast

**Domino's-deild karla í körfubolta**

**ÍR - Þór Þorl. 75-80**
**Stigahæstir:** Jonathan Mitchell 30, Vilhjálmur Jónsson 13 - Vance Hall 16, Halldór Garðar Hermannsson 14, Ragnar Ágúst Nathanaelsson 14/14 fråk./6 stoðs.

**KR - Höttur 87-78**
**Stigahæstir:** Brynjar Þór Björnsson 24, Michael Craion 21, Þórir Þorbjarnarsson 14 - Tobin Carberry 33/11 fråk., Mirko Stefán Virijevic 16.

**Keflavík - Snæfell 131-112**
**Stigahæstir:** Valur Orri Valsson 27/14 stoðs., Jerome Hill 22/11 fråk./8 stoðs., Magnús Þór Gunnarsson 20 - Sherrod Nigel Wright 33/10 fråk., Austin Magnus Bracey 28, Sigurður Þorvaldsson 23.

FSu-Haukar og Tindastóll-Njarðvík var frestað vegna slæms veðurs.

**Olís-deild karla í handbolta**

**Haukar - Afturelding 26-22**
**Markahæstir:** Adam Haukur Baumruk 9, Elías Már Halldórsson 6 - Gunnar Þórsson 6, Mikk Pikkonen 5.

**FH - Víkingur 27-22**
**Markahæstir:** Einar Rafn Eiðsson 11/2, Jóhann Birgir Ingvarsson 6 - Karolis Stropus 8

**Grótta - Fram 28-25**
**Markahæstir:** Finnur Ingi Stefánsson 7, Daði Laxdal Gautason 6 - Garðar B. Sigurjónsson 6, Stefán Darri Þórsson 5.

**ÍR - ÍBV 25-25**
**Markahæstir:** Sturla Ásgeirsson 7, Ingi Rafn Róbertsson 4, Jón Kristinn Björgvinsson 4, Jón Heiðar Gunnarsson 4 - Agnar Smári Jónsson 10, Theodór Sigurbjörnsson 8.

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Haukar | 32 | Grótta | 18 |
| Valur | 30 | Akureyri | 17 |
| Fram | 21 | FH | 16 |
| ÍBV | 19 | ÍR | 12 |
| Afturelding | 19 | Víkingur | 6 |

**Olís-deild kvenna í handbolta**

**Grótta - Fylkir 25-23**
**Markahæstar:** Eva Björk Davíðsdóttir 8, Þórey Anna Ásgeirsdóttir 7 - Patricia Szölösi 9, Thea Imani Sturludóttir 7.

BRASSI SPILAR MEÐ ÞRÓTTI
Thiago Borges Pinto, 27 ára Brasilíumaður sem hefur leikið í Danmörku stærstan hluta ferilsins, skrifaði í gær undir tveggja ára samning við Þrótt.

Thiago er sókndjarfur miðjumaður og að sögn þjálfarans Greggs Ryder afar spennandi leikmaður.

„Thiago er leikmaður sem getur skapað eitthvað úr engu. Það ætti að reynast okkur mjög vel í jöfnum leikjum og þar getur hann fært liðinu eitthvað sem enginn annar getur eins og staðan er núna. Það er eitthvað sem öll lið vilja," sagði Ryder.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 19.00 | Grindavík - Stjarnan | Sport |
| 22.00 | Körfuboltakvöld | Sport |
| 02.30 | NBA: Mavericks - Spurs | Sport |
| 19.15 | Grindavík - Stjarnan | Grindav. |
| 19.15 | FSu - Haukar | Iða |

KYNNINGARBLAÐ
# FÓLK
## Lífsstíll



Söngkonan Erna Hrönn Ólafsdóttir sýnir uppáhalds fötin og fylgihlutina. SÍÐA 4

Eva Laufey Hermannsdóttir gefur uppskriftir að bollum af ýmsu tagi. SÍÐA 6

Tinna Brá Baldvinsdóttir, eigandi Hríms, er nýflutt og opnar inn í stofuna. SÍÐA 8

# STÍLISERAR STJÖRNURNAR

**Stílistinn Edda Guðmundsdóttir hefur starfað með heimsþekktum stjörnum eins og Taylor Swift, Lady Gaga og Aliciu Keys. Hún ferðast um allan heim vegna starfsins en lítið hefur þó farið fyrir störfum hennar hér á landi.** FRAMHALD Á SÍÐU 2

MYND/NOEL MCGRATH

natures aid®
FJÁRFESTU Í HEILSUNNI ÞINNI
- Gæða ofurfæðisblanda
- 31 innihaldsefni
- Hátt næringargildi
- Aukin orka og úthald
- Ríkt af andoxunarefnum
- Hátt hlutfall vítamína, steinefna, ensíma og amínósýra
- 100% náttúrulegt og lífrænt

OFURFÆÐI í hylkjum
Öflug ofurfæðisblanda sem ásamt skynsamlegu mataræði tryggir að líkaminn fái öll þau næringarefni sem hann þarf til að viðhalda góðri heilsu.

Nýtt




Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaða og verslana



Edda baksviðs á Chromat-sýningu á síðustu tískuviku. MYND/SHOKO TAKAYASU



Stund milli stríða og Edda bregður á leik. MYND/ROXANNE LOWIT



Í sýningarrými Bernhards Willhelm. MYND/RUDEDIGER GLATZ



Búningur sem Edda hannaði með Bernhard Willhelm. MYND/ROXANNE LOWIT




Á æfingu fyrir tískusýningu. MYND/RUDEDIGER GLATZ

» FRAMHALD AF FORSÍÐU

Edda Guðmundsdóttir stílisti hefur starfað sem slíkur í Bandaríkjunum í fjölda ára. Hún datt óvænt inn í bransann og fór í raun bakdyramegin þangað inn því dans var ástæðan fyrir því að hún flutti út. „Ég flutti fyrst út þegar ég var unglingur til þess að dansa ballett. Ég eignaðist svo kærasta sem var fatahönnuður og þar sem ég hef alla tíð haft mikinn áhuga á fötum leiddist ég smám saman inn í tískuheiminn. Út frá því að vinna með kærastanum í fatalínunni kynntist ég ljósmyndurum, stílistum og öðru fólki í þessum heimi," lýsir Edda sem hefur nú búið úti meira en hálfa ævina.

### KOMIN Í HRING

Hún fékk gjarnan að heyra það frá ljósmyndurum að hún ætti að leggja stílistastarfið fyrir sig og stílistarnir voru hrifnir af fatalínunni sem kærasti Eddu hannaði. „Stílistarnir fengu ekki bara lánuð föt úr fatalínunni heldur líka úr mínum eigin fataskáp fyrir myndatökur. Fólk sem stjórnaði verkefnunum fór þá að segja mér að ég ætti að þéna sjálf á þessum bransa í staðinn fyrir að lána fólki fötin mín og hugmyndir ókeypis. Eitt leiddi af öðru og fyrr en varði var ég komin á kaf í bransann og hætt í dansinum. Það skemmtilega við þetta allt saman er svo að á síðustu árum hef ég unnið hér og þar með ýmsum dansflokkum við að hanna búninga og komið að því að stjórna danssýningum og dansmyndatökum. Nýlega hef ég til dæmis unnið með Cedar Lake Contemporary Dance Theater fyrir sýningu í BAM (Brooklyn Academy of Music) og við sýningu NY City Ballet í Guggenheimsafninu. Þannig að ég er eiginlega komin í hring og hef sameinað fata- og dansáhugann," segir Edda og brosir.

### UNNIÐ MEÐ STJÖRNUNUM

Eddu hefur gengið vel síðustu árin og hún hefur unnið að mörgum stórum verkefnum og unnið með hönnuðum á ýmsa vegu, stíliserað myndatökur og sýningar og veitt ráðgjöf. Hún hefur unnið með stórstjörnum í tónlistar- og sjónvarpsbransanum eins og Aliciu Keys, Björk, Taylor Swift, Opruh Winfrey, Diane Sawyer, Arethu Franklin, sjónvarpskokknum Katie Lee, ballerínunni Wendy Whelan, leikaranum James Van Der Beek, leikkonunni Katee Sackhoff, og Lady Gaga. Edda getur lítið tjáð sig um störf sín með stjörnunum því hún hefur skrifað undir þagnareiða. Hún getur þó nefnt að það sé alltaf gaman að vinna með stórum stjörnum. „Hvert verkefni er auðvitað misjafnt en oft þegar stór nöfn eru í myndinni og í mörgum tilfellum margra ára ímyndarvinna á bak við persónuna og miklir peningar í húfi þá er þetta yfirhöfuð allt afskaplega fagmannlegt. Stjörnurnar vita hvað þær vilja og þurfa til að vinna sína vinnu og ég reyni að láta það rætast."

> Hvert verkefni er auðvitað misjafnt en oft þegar stór nöfn eru í myndinni og í mörgum tilfellum margra ára vinna af ímyndarvinnu á bak við persónuna og miklir peningar í húfi þá er þetta yfirhöfuð allt afskaplega fagmannlegt.
>
> Edda Guðmundsdóttir

### GÓÐ Í AÐ VERSLA

Dagarnir hjá Eddu eru ólíkir enda starfar hún „freelance". Hún segir ekki mikla rútínu vera á lífi sínu sem henti henni vel. „Þá daga sem ég er ekki á „setti" reyni ég að vakna ekki seinna en klukkan átta og vera byrjuð að vinna hálftíma síðar. Ef ég er á „setti" hefst vinnudagurinn mjög oft klukkan fimm, sex á morgnana og stendur yfir í tólf til tuttugu tíma. Þegar ég er ekki á „setti" eyði ég miklum tíma á netinu að skoða hvað hönnuðir alls staðar í heiminum eru að gera. Ég reyni líka að fylgjast vel með myndlistar-, tónlistar- og leikhúsheiminum þar sem mér finnst þetta allt tengjast. Ég hef tvo frábæra aðstoðarmenn sem vinna hjá mér í New York og er svo með nokkra aðstoðarmenn sem ég vinn með þegar ég vinn í Los Angeles, París, Miami, London og svo framvegis. Gott aðstoðarfólk er ofboðslega mikilvægt og starfið krefst mikillar samvinnu allra sem að því koma. Ég eyði líka miklum tíma í búðum og versla mikið fyrir vinnuna. Ég veit því alltaf hvað er til í stóru tískuverslununum í New York og hvar best er að finna hlutina út um allan heim."

### MARGT Í PÍPUNUM

Draumaverkefni Eddu eru mörg og segir hún sum þeirra vera að rætast á þessu og næsta ári. „Ég verð að gera búninga fyrir bíómynd með leikstjóranum Joseph Kahn í Los Angeles á næstu mánuðum. Ég er líka að hanna búninga fyrir Broadway-sýningu sem er í samvinnu við Cirque de Soleil. Mig langar að gera meira af bíómyndum, leikhúsi og vinna meira með dönsurum, leikurum, myndlistarmönnum og sirkusfólki," lýsir Edda. Hún bætir við að hún hafi áhuga á að vinna meira á Íslandi en að hún hafi ekki enn fengið verkefni til að láta þann draum rætast.

### BÝR Í FERÐATÖSKU

Næst á dagskrá hjá Eddu er vinna við stíliseringu á sýningu Chromat á tískuvikunni í New York og sýningu Bernhards Willhelm á tískuvikunni í París, vinna við Grammy-verðlaunahátíðina og nýjan sjónvarpsþátt með kokknum Katie Lee, verkefni með Hildi Yeoman, áðurnefnd bíómynd í Los Angeles, verkefni með dansflokki í París sem verður sýnt á listahátíð í Þýskalandi og búningar fyrir Broadway-sýningu. Fyrir utan auglýsingar og sjónvarpsþætti sem hún vinnur reglulega að. Eins og sjá má af þessu er augljóst að Edda er mikið á ferð og flugi og segist hún yfirleitt ekki vera meira en mánuð í senn heima hjá sér í West Village á Manhattan. „Ég bý í raun í ferðatösku og veitir allt þetta götulíf um allan heim mér endalausan innblástur fyrir vinnuna. Einnig listalífið og spennandi sýningar."

### FJÖLSKYLDULÍFIÐ GLEYMDIST

Edda segir sinn stíl í vinnu vera leiklistarlega blöndu af götustíl og hátísku. „Ég hef gaman af að skapa og vinna í þeim heimi en þess á milli finnst mér líka gaman að setja saman dæmigert bankamannslúkk til að hafa jafnvægi í þessu öllu. Svo er ég spennt fyrir að sameina tísku, tækni og virkni, það er margt spennandi að gerast í þeim geira. Persónulega er ég svolítið veik fyrir „More is More" og síbreytilegum stíl. Mér finnst gaman að ganga í fötum frá hönnuðum sem ég starfa með og frá ungum og upprennandi hönnuðum, ég elska vintage-búðir og flóamarkaði og hef gaman af húmor í fötum og samsetningu."

Edda vinnur oft fram eftir kvöldi og fer mikið í vinnutengd matarboð og á sýningar en þegar hún á frí þykir henni best að vera með vinum og fjölskyldu. „Ég er einhleyp sem stendur. Það er búið að vera svo mikið að gera síðustu árin að fjölskyldulífið hefur svolítið gleymst. Ég stefni á að breyta því og reyna að finna betra jafnvægi. Annars finnst mér gott að borða góðan mat, lesa og liggja í leti í sólbaði, ferðast, læra um nýja staði og hlæja. Þetta veitir mér allt innblástur til að halda áfram."

liljabjork@365.is





FÝLUPOKINN HREINSAR LOFTIÐ!

Eyðir lykt, bakteríum og myglu.

Tilvalinn t.d. fyrir skó, inn í skápa og í bílinn.

ILMEFNALAUS – UMHVERFISVÆNN – ENDIST Í TVÖ ÁR

SVARIÐ BÝR Í NÁTTÚRUNNI

Heilsuhúsið 1979

LAUGAVEGI LÁGMÚLA KRINGLUNNI SMÁRATORGI SELFOSSI AKUREYRI
NETVERSLUN HEILSUHUSID.IS



**Da Vinci steinaslöngva**
Gerð eftir teikningu Leonardo Da Vinci. Þú setur slöngvuna saman sjálfur. Litlir mjúkir leirboltar fylgja með og þeim slöngvar þessi vígvél eina 5 m.
Kr. 4.100



**Hurðastoppari**
Heldur hurðinni í skorðum
Kr. 1.790



**High Tea**
Hái tebollinn sem ekki síður er skemmtileg dessert skál.
Kr. 3.200




**Róbot armur**
Vökvastýrður armur sem þú setur saman sjálf(ur). Lyftir hlutum og snýst. Ekkert batterí, aðeins vatn. Bæði fyrir börn og fullorðna.
Kr. 5.400



**Tunglskinspúði**
Úr hvítu pluss-skinni. Með fjarstýringu getur þú breytt litum og skyggingu ljóssins. Skemmtileg lýsing í hverju rými.
Kr. 7.500



**Heyrnartól ZIP**
Rennilásinn kemur í veg fyrir flækjur. 3 litir. Snjöll lausn og snilldar útlit.
Kr. 1.490



**Hátalari með LED-ljósum**
Þú leggur símann þinn á hátalarann og hann magnar upp tónlistina með mikilli ljósagleði. Engir vírar, engin blátönn.
Kr. 9.100



**Halfpint glas**
Viltu „halfpint“ eða sem sé bara hálft glas?
Kr. 2.300



**Töskuvigt**
Forðist yfirvigt, hún er kostnaðarsöm
kr. 3.500



**Boombox Mini hátalari**
Þú stingur símanum þínum í raufina á hátalaranum og hann magnar upp tónlistina. Engir vírar, engin blátönn.
Kr. 6.500



**Boombox hátalari**
Þú leggur símann þinn á hátalarann og hann magnar upp tónlistina. Engir vírar, engin blátönn.
Kr. 5.500

minja Design

Skólavörðustíg 12
sími 578 6090
www. minja.is
facebook: minja



Hér er Erna í uppáhaldsflíkinni sinni, samfestingi frá Andreu. Honum klæðist hún við fjölmörg tækifæri og klæðir hann upp eða niður með jökkum og fylgihlutum. MYNDIR/VILHELM

# GLIMMER OG GLYS

**Skoðað í skápinn** Erna Hrönn Ólafsdóttir, söngkona og útvarpskona, hefur margt á sinni könnu. Stærsta verkefnið fram undan er forkeppni Eurovision á morgun. Þar flytur hún dúettinn Hugur minn eftir Þórunni Ernu Clausen ásamt Hirti Traustasyni. Erna Hrönn elskar glimmer og pallíettur og sýnir hér nokkra uppáhaldshluti úr fataskápnum sínum.



„Þetta er júrókjóllinn minn frá því í fyrra. Ég skellti mér til London og keypti efni í kjólinn og lét sauma hann hér heima. Hann er í miklu uppáhaldi hjá mér þó ég hafi ekki farið í hann síðan. Þetta verður erfðagripur fyrir dætur mínar.“



„Mér finnst föt og fylgihlutir ekki þurfa að kosta mikið. Þetta er svartur hringur í hauskúpulíki sem ég greip einhverntíma með mér í skranbúð og hef notað mjög mikið.“



„Þetta er næla sem langamma mín átti og ég fékk eftir hennar dag. Mér þykir ákaflega vænt um hana.“



„Gullskórnir eru frá Mörtu Jónsson. Ég klæðist mikið svörtu og finnst flott að hressa upp á það með flottum skóm. Hinir eru pallíettuskór sem vekja alltaf mikla athygli. Með því að fikta í pallíettunum get ég ráðið hvort þeir eru silfraðir eða svartir.“



„Þetta er veiðikjóllinn minn, svartur gervileðurkjóll með pallíettur á öxlunum. Ég klæddist honum á stefnumóti þegar ég var að kynnast manninum mínum og við erum enn saman, sex árum síðar.“

# MEÐ HVERJUM VILT ÞÚ DEILA CK2?

**Calvin Klein kynnir** CK2 frá Calvin Klein kom á markað í byrjun þessa mánaðar. Það er líkt og CK one fyrir bæði kyn og endurspeglar fjölbreytileika og fordómaleysi.

Flestir þekkja ilmvatnið CK one frá Calvin Klein sem kom á markað um miðjan tíunda áratug síðustu aldar. Ilmurinn sló rækilega í gegn hjá yngra fólki en hann var og er frábrugðinn öðrum að því leyti að hann er fyrir bæði kyn. Nú tuttugu og einu ári síðar hefur Calvin Klein sett CK2 á markað og sem fyrr er ilmurinn markaðssettur fyrir yngra fólk af báðum kynjum.

Ilmurinn stendur fyrir fjölbreytileika og endalausa möguleika í samskiptum manna á milli. Hann endurspeglar fordómaleysi í garð alls kyns ástarsambanda og vináttu. Markhópurinn er ný kynslóð ungs fólks sem kann að meta frelsi og sveigjanleika. „Ilmurinn er eins konar sameiningartákn. Spurningin er með hverjum þú vilt deila honum,“ segir Linda Mjöll Andrésdóttir, markaðsstjóri Calvin Klein á Íslandi.

Ilmurinn kom á markað 2. febrúar um allan heim. Hann er viðarkenndur og mjúkur en um leið frísklegur. Í honum má meðal annars greina wasabi, fjólulauf, mandarínu, rós, Orris-rót og sandelvið. „Ilmurinn kemur í glæru mínimalísku glasi. Það getur staðið á tvo vegu sem undirstrikar fjölbreytta notkunarmöguleika hans enn frekar. Hægt er að velja um tvær mismunandi stærðir en auk þess fæst svitalyktaeyðir, sturtusápa og bodylotion,“ upplýsir Linda.



„Ilmurinn er eins konar sameiningartákn. Spurningin er með hverjum þú vilt deila honum,“ segir Linda Mjöll Andrésdóttir, markaðsstjóri Calvin Klein á Íslandi.

Mikil auglýsingaherferð hefur verið sett á laggirnar í kringum ilminn bæði á vefmiðlum og á prenti. Miðpunktur hennar er fjögur ólík pör og tvinnast sögur þeirra saman með óvæntum hætti. Í hverju sambandi eru tveir einstaklingar sem skilgreina sig út frá því hverjir þeir eru en ekki hvað. Þeir sameinast í ást, losta og vináttu. Fas þeirra endurspeglar frjálslegt hugarfar æskunnar. Samböndin undirstrika þá ánægju og spennu sem lífið hefur upp á að bjóða og hversu einstakt hvert og eitt samband er.

» Glasið getur staðið á tvo vegu sem undirstrikar fjölbreytta notkunarmöguleika.



# RÝMINGARSALA

## Verslunin lokar




Allar vörur á

**70%**

afslætti!

# Verðdæmi:

Dranella leðurjakki ~~69.980kr~~, **20.994kr**

Dranella buxur ~~14.980kr~~, **4.494kr**

Nero Giardini leðurstígvél ~~34.980kr~~, **10.494kr**

Maripé spariskór ~~18.980kr~~, **5.694kr**

Mos Mosh buxur verð ~~23.980kr~~, **7.194kr**

Mos Mosh blaser ~~29.980kr~~, **8.994kr**

Pulz Jeans Aladin buxur verð ~~8.980kr~~, **2.694kr**

---

TUZZI

KRINGLUNNI

SÍMI 5688777



Það er um að gera að prófa ólíkar fyllingar.




# ALLS KYNS BOLLUR Á BOLLUDAGINN

Bolludagurinn er á næsta leiti. Af því tilefni töfrar sjónvarpskokkurinn Eva Laufey Hermannsdóttir fram bollur af ýmsu tagi.

Matargleði



Eva Laufey Hermannsdóttir

**BERLÍNARBOLLUR**

**80 smjör, brætt**
**1 dl mjólk**
**2 egg, léttpískuð**
**300 g hveiti**
**2 tsk. þurrger**
**1 tsk. lyftiduft**
**½ tsk. salt**
**1 tsk. sykur**
**1 tsk. vanillusykur**
**Jarðarberjasulta**
**Ljós olía sem má djúpsteika**
**Sykur**

- Bræðið 50 g af smjöri við vægan hita, takið pottinn af hellunni og bætið mjólk, sykri og þurrgeri saman við þegar blandan hefur kólnað. Um leið og það byrjar að freyða í skálinni er gerblandan tilbúin.
- Setjið þurrefnin saman í hrærivélarskál og blandið, hellið vökvanum saman við hægt og rólega. Hnoðið í 6–7 mínútur, ef deigið er of klístrað bætið þið við smávegis af hveiti. Setjið hveiti á borð og hnoðið örlítið með höndum og mótið kúlu. Færið deigið yfir í skál, setjið viskastykki yfir og látið hefast á heitum stað í rúmlega klukkustund eða þar til deigið hefur tvöfaldast að stærð. Stráið hveiti á borðflöt og fletjið deigið út, gott er að miða við að það sé 1–2 cm þykkt. Skerið kökurnar út með glasi t.d. kampavínsglasi. Bleytið helminginn af kökunum með eggi, teygið þær aðeins og setjið eina teskeið af sultu á deigið. Setjið tvær kökur saman og klemmið kantana vel saman.
- Setjið á pappírsklædda ofnplötu í 30 mínútur og leyfið bollunum að hefast. Hitið olíu í rúmgóðum potti, þegar olían er tilbúin steikið þið bollurnar í 3–4 mínútur, passið að steikja þær á báðum hliðum og færið síðan yfir í skál og veltið upp úr sykri.



Berlínarbollur eru í miklu uppáhaldi hjá Evu Laufeyju.

**VATNSDEIGSBOLLUR MEÐ NUTELLA-FYLLINGU**

**8-10 bollur**
**100 g smjör**
**2 dl vatn**
**2 msk. sykur**
**110 g Kornax-hveiti**
**3 stór egg**

- Hitið ofninn í 200°C (blástur).
- Hitið vatn, smjör og sykur saman í potti og látið suðuna koma upp. (gott er að láta vatn, sykur og smjör sjóða vel saman í 2-3 mínútur áður en hveitið er sett út í.
- Setjið hveiti út í, hrærið saman og látið kólna í 4 mínútur.
- Takið pottinn af hitanum og setjið eggin út í eitt í einu, sláið vel saman á milli. Það er líka ágætt að setja deigið í hrærivélarskál og hræra þannig saman.
- Setjið í sprautupoka og sprautið bollunum á pappírsklædda bökunarplötu en það má auðvitað gera það líka með tveimur skeiðum.
- Bakið bollurnar í 25–30 mínútur, það er mikilvægt að opna ekki ofninn fyrstu 15 mínúturnar af bökunartímanum því þá er hætta á að bollurnar falli.

**NUTELLA FYLLING:**

**4 dl rjómi**
**1 banani**
**3 msk. Nutella**

- Þeytið rjóma.
- Maukið banana og Nutella saman með töfrasprota eða stappið vel saman með gaffli.
- Blandið bananablöndunni varlega saman við rjómann með sleif.

**JARÐARBERJARJÓMI**

**10 fersk jarðarber**
**250 ml rjómi**
**1 væn matskeið af jarðarberjasultu**

- Þeytið rjóma, skerið jarðarberin afar smátt og blandið varlega saman við rjómann. Setjið smá sultu saman við í lokin.

**BRAUÐBOLLUR MEÐ SÓLBLÓMAFRÆJUM**

**7 dl volg mjólk**
**2 tsk. þurrger**
**1 tsk. sykur**
**1 tsk. salt**
**1 kg Kornax-heilhveiti**
**2 msk. ljós olía**
**Ofan á:**
**1 egg**
**Fræ að eigin vali**

- Hellið volgri mjólk í hrærivélarskálina, bætið þurrgeri og sykri saman við. Setjið viskastykki yfir skálina og leyfið gerinu að vakna í rólegheitum. Þetta ferli tekur um það bil fimm mínútur, um leið og það byrjar að freyða í skálinni er gerblandan tilbúin.
- Bætið þá saltinu, heilhveitinu og olíunni saman við og hnoðið í hrærivélinni í 8–10 mínútur. Auðvitað er hægt að hnoða með höndunum líka – ég kýs að nota hnoðarann fyrst ég á hann til (of löt til þess að hnoða sjálf, haha).
- Þegar deigið er orðið þétt og fínt takið þið það upp úr skálinni og hnoðið það smávegis með höndunum. Leggið þið aftur í hreina skál og leyfið því að hefast í um það bil klukkustund á heitum stað.
- Skiptið deiginu í litla bita og mótið bollur. Leggið á pappírsklædda ofnplötu, leyfið bollunum að hefast í tíu mínútur til viðbótar.
- Pískið eitt egg og penslið yfir. Sáldrið gjarnan fræjum yfir og bakið við 200°C í 12–15 mínútur, eða þar til bollurnar eru gullinbrúnar.

# Upplýsingatækni

5. febrúar 2016

**KYNNINGARBLAÐ** Sensa | Annata | Kreativ | KPMG



Framkvæmdastjórn Sensa skipa: f.v. Alexander Picchietti, Guðmundur Stefán Björnsson, Valgerður Hrund Skúladóttir, Sigurður Magnús Jónsson og Ómar Henningsson. MYND/ANTON BRINK

## Viðskiptavinurinn alltaf í fyrsta sæti

**Sensa** tekur þátt í UTmessunni í Hörpu um helgina í fyrsta sinn. Síðasta ár var besta ár fyrirtækisins en hjá því starfa 140 sérfræðingar í rekstri, hýsingu og samskiptalausnum auk 20 starfsmanna hjá dótturfélagi Sensa í Danmörku.

UTmessan fer fram í Hörpu dagana 5.-6. febrúar og er Sensa í fyrsta skipti þátttakandi á þessum viðburði. UTmessan er ráðstefna fyrir fagfólk í upplýsingatækni og hefur verið haldin árlega frá 2011 með góður árangri.

Sensa var stofnað 2002 og hefur áunnið sér gott orðspor á sviði net-, samskipta- og öryggislausna. Árið 2015 var ár mikilla breytinga en þá tók Sensa yfir upplýsingatæknisvið Símans og Basis og jók þar með framboð á sérfræðiþjónustu fyrirtækisins. Sensa getur nú einnig séð um heildarrekstur upplýsingakerfa viðskiptavina í upplýsingatækni, allt frá útstöðvum yfir í stór miðlæg kerfi. Reynsla og þekking starfsmanna Sensa í hönnun, innleiðingu og rekstri kerfa ásamt vali á búnaði er sú mesta hér á landi.

Eftir sameiningu hefur Sensa á að skipa 140 sérfræðingum í rekstri, hýsingu og samskiptalausnum auk þess sem 20 starfsmenn starfa hjá dótturfélagi Sensa í Danmörku. Starfsmannafjöldi hefur því rúmlega þrefaldast á einu ári en rúmlega 80% starfsfólks eru með sérhæfða menntun í upplýsingatækni. Sensa hefur ávallt lagt mikið upp úr menntun starfsfólks sem státar af um 150 Cisco-gráðum, 130 Microsoft-gráðum og tæplega 100 gráðum frá öðrum fagskólum og birgjum.

### Framúrskarandi fyrirtæki

Með samstilltu átaki þessara þriggja fyrirtækja var 2015 eitt besta ár Sensa til þessa. Mikil vinna fór í að sameina innviði en það var ávallt markmið Sensa að viðskiptavinurinn væri alltaf í fyrsta sæti og skapa fyrirtæki sem er framúrskarandi til framtíðar. Með náinni samvinnu er verið að leggja áherslu á lausnir sem skapa virði fyrir viðskiptavininn og að snúa upplýsingatækni úr óþægilegri nauðsyn í tækifæri. Starfsfólk Sensa leggur metnað sinn í að skila góðu dagsverki og hámarka virði þeirra lausna sem boðið er upp á. Sensa er orðin „stór“ en áherslan er áfram á að vera persónuleg enda hafa viðskiptavinir greiðan aðgang að sérfræðingum okkar.

Í vikunni var tilkynnt að bæði Sensa og Basis eru á lista Creditinfo yfir Framúrskarandi fyrirtæki 2015. Bæði fyrirtækin hafa einnig verið ofarlega á lista VR yfir fyrirmyndarfyrirtæki í nokkur ár.

Sensa stefnir í þá átt að vera fyrirtæki sem býður starfsfólki upp á skapandi störf sem ekki aðeins gefa tækifæri til vaxtar, heldur krefjast vaxtar. Mikil og góð samskipti innan sem utan fyrirtækisins eru lykillinn og þannig verður uppbygging fyrirtækisins til þess að styðja við þjónustu og starfsánægju allra starfsmanna.

**Vissir þú að ?**

- Sensa hannaði og sér um að reka eina stærstu diskastæðu í Norður Evrópu.
- Sensa er eini Cisco Gull samstarfsaðili, eini Fortinet Gold og NetApp Platinum samstarfsaðili á Íslandi.
- Gildi Sensa eru áreiðanleiki, fagmennska, metnaður og léttleiki.
- Sensa er einn stærsti söluaðili á netþjónum á Íslandi.
- Sensa setti upp stærsta þráðlausa netkerfið á Íslandi en það telur rúmlega 500 þráðlausa senda og samtímanotendur fara upp undir 5.000.
- Sensa er að bjóða sérsniðnar Office 365 og Azure skýjalausnir.
- Rúmlega 80% starfsfólks Sensa eru með sérhæfða menntun í upplýsingatækni.
- Sensa er með eitt stærsta símkerfi landsins eða rúmlega 800 símtæki.
- Sensa þróaði lausn fyrir Bang & Olufsen sem er í notkun um allan heim en hún tengir saman öll tæki viðkomandi verslunar.
- Sensa þjónustar viðskiptavini í öllum heimsálfum (nema á Suðurskautslandinu!).
- Starfsfólk Sensa státar af rúmlega 150 Cisco gráðum, 130 Microsoft gráðum og um 100 gráðum frá öðrum fagskólum og birgjum.
- Umferðarflæði á sumum netum sem Sensa kemur að er komið upp í 160Gbps.
- Sensa þjónustar yfir 1.000 netþjóna (e.blade server)
- Sensa rekur tvö gagnaver á höfuðborgarsvæðinu.
- Sensa rekur dótturfyrirtæki í Danmörku.
- Sensa hefur að skipta stærsta Linux teymi á Íslandi.
- Tækniborð Sensa þjónustar yfir 8.000 notendur.

# Stefnan sett á að verða fremstir í heimi

**Annata** er íslenskt hugbúnaðar- og ráðgjafarfyrirtæki með yfir 100 starfsmenn, þar af rúmlega 60 á Íslandi. Fyrirtækið starfar í ellefu löndum í dag og hefur selt lausnir sínar til yfir 50 landa. Markmið Annata er að vera með lausnir sínar í 150 löndum á næstu 3-5 árum.

Að sögn Sigurðar Hilmarssonar, framkvæmdastjóra Annata á Íslandi, er starfsemi fyrirtækisins tvískipt. „Annars vegar er einblínt á íslenskan markað í ráðgjöf og þjónustu fyrir Microsoft Dynamics viðskiptalausnir og hins vegar á erlendan markað með sérlausnir fyrir bíla- og vinnuvélagreinina,“ greinir hann frá.

„Á íslenska markaðnum býður Annata alhliða ráðgjöf og þjónustu, sem byggir á Microsoft Dynamics Ax og Microsoft Dynamics CRM fyrir meðalstór og stór fyrirtæki. Lausnirnar telja allt frá fjárhagsbókhaldi, innkaupum, framleiðslustýringu, vörustjórnun, birgðahaldi og síðan því sem snýr að viðskiptavininum; sölustjórnun, markaðssetningu og tengslastjórnun,“ útskýrir Sigurður.

Um áramótin sameinuðust Annata og xRM Software, sem sérhæfði sig í CRM lausnum í Microsoft umhverfi. Með sameiningu fyrirtækjanna varð til eitt öflugasta hugbúnaðar- og ráðgjafarfyrirtæki landsins með yfir 60 starfsmenn á Íslandi, þar af um 35 reynda sérfræðinga sem sinna íslenska markaðnum. „Við stefnum á að útvíkka starfsemina á Íslandi og með tilkomu svokallaðra skýjalausna hafa opnast ný tækifæri fyrir fyrirtæki hér á landi til að nýta hugbúnað á mun betri hátt en áður,“ segir Sigurður.

Áherslur Annata á erlendum markaði byggjast á þróun og sölu á sérhæfðri iðngreinalausn fyrir fyrirtæki sem sýsla með bíla, vinnuvélar og skyld tæki. Ekki einungis framleiðendur heldur einnig söluaðila, leigusala, dreifingaraðila og fleiri.

„Lausnin heitir Annata Dynamics IDMS og fer þróun á henni fram bæði á Íslandi og í Malasíu og sala og innleiðing fer í gegnum 50 samstarfsaðila víðs vegar um heiminn. Við erum með gríðarlega öflugt net samstarfsaðila og erum einnig sjálf með söluskrifstofur í mörgum löndum,“ bætir Sigurður við. Hann segir að markmið fyrirtækisins á erlendum markaði séu háleit en skýr þar sem Annata ætlar sér að verða eitt mikilvægasta hugbúnaðar- og ráðgjafarfyrirtæki heims á sviði hugbúnaðar fyrir bíla- og vinnuvélagreinina.

Fyrirtækið er í eigu lykilstarfsmanna og hefur vöxtur Annata einungis verið fjármagnaður innanfrá þar sem markmið um góða arðsemi hefur alltaf verið ofarlega og hefur fyrirtækið í mörg ár verið meðal Framúrskarandi fyrirtækja samkvæmt CreditInfo.

Fyrirtækið mun flytja höfuðstöðvar sínar í nýja norðurturninn í Smáralind í júní og þar er gert ráð fyrir töluverði fjölgun starfsmanna. Auk þess ætlar fyrirtækið að fjölga starfsmönnum erlendis og opna nýjar skrifstofur meðal annars í Madrid á Spáni.

**Annata verður með flottan bás á UTmessunni í Hörpu um helgina.**




Sigurður Hilmarsson, framkvæmdastjóri Annata á Íslandi, segir að fyrirtækið vaxi hratt enda bjóði það öflugar hugbúnaðarlausnir fyrir smá og stór fyrirtæki. MYND/VILHELM

» **Lausnin heitir Annata Dynamics IDMS og fer þróun á henni fram bæði á Íslandi og í Malasíu og sala og innleiðing fer í gegnum 50 samstarfsaðila víðs vegar um heiminn. Við erum með gríðarlega öflugt net samstarfsaðila og erum einnig sjálf með söluskrifstofur í mörgum löndum.**



Nýherji og Marel styrkja keppnina og veita peningaverðlaun. Fyrsta sætið fær 400 þúsund krónur, annað sætið 300 þúsund og það þriðja 200 þúsund. Frumlegasta hönnunin fær 100 þúsund krónur.



Keppnisdagurinn getur verið stressandi fyrir keppendur enda þarf allt að ganga upp. MYNDIR/ERNIR

# Hönnunarkeppnin haldin í 25. sinn

Einn af skemmtilegri viðburðum sem fylgjast má með á UTmessunni er Hönnunarkeppni véla- og iðnverkfræðinema sem fram fer í Silfurbergi á laugardaginn kl. 13. Keppnin snýst um að keppendur hanna róbóta sem leysir ýmsar þrautir.

„Keppnin í ár gengur út á að keppendur smíða tæki sem kemst sjálft í gegnum nokkrar þrautir. Fyrsta þrautin snýst um að ýta á hnapp sem losar fjórar borðtenniskúlur sem falla niður, þeim þarf að koma fram hjá tveimur veggjum og skila í trekt hægra megin á brautinni. Síðan þarf að fara í gegnum vatnshlið, ýta á bjöllu og loks ýta golfkúlu í gegnum gat. Þá kviknar ljós og þrautin er búin.“ Þannig lýsir Snorri Tómasson, verkfræðinemi á þriðja ári, þrautinni sem keppendur glíma við í ár en Snorri er í undirbúningsnefnd hönnunarkeppninnar.

Hann hefur sjálfur tekið þátt í keppninni síðastliðin tvö ár en spreytti sig nú við að upphugsa skemmtilega en jafnframt þrælerfiða braut ásamt þeim Andra Orrasyni og Kristínu Guðmundsdóttur, samnemendum sínum. „Við fórum af stað strax í haust. Í desember fór brautin í smíði og hún var tilbúin í byrjun janúar,“ segir Snorri en keppendur hafa fengið að æfa sig í brautinni undanfarnar vikur.

Snorri segir afar misjafnt hve langan tíma liðin noti til undirbúnings. „Brautin var tilkynnt í október. Sum liðin nota allan tímann til undirbúnings meðan önnur hafa aðeins verið að í tvær til fjórar vikur,“ segir hann.

> **Þrautin snýst um að ýta á hnapp sem losar fjórar borðtenniskúlur sem falla niður, þeim þarf að koma fram hjá tveimur veggjum og skila í trekt. Síðan þarf að fara í gegnum vatnshlið, ýta á bjöllu og loks ýta golfkúlu í gegnum gat.**
>
> *Snorri Tómasson*

Liðin þurfa að fylgja ýmsum reglum. Til dæmis má tækið ekki kosta meira en fjórutíu þúsund. Þá þarf það að vera undir 40x40x40 cm að stærð við upphaf keppninnar og má ekki vega meira en fimmtán kíló.

Keppnin er nú haldin í 25. skipti. Í ár eru 38 keppendur í 13 liðum skráðir til leiks. Stelpur eru aðeins fjórar en það hefur lengi loðað við keppnina að vera fremur karllæg. Snorri segir kynjahlutfallið þó alltaf að batna.

En hvað er það sem dregur keppendur að? „Það er fyrst og fremst skemmtunin. Það er mjög gaman að taka þátt og kærkomin tilbreyting að láta verkin tala í staðinn fyrir að læra allt af bókum,“ segir Snorri og telur keppnina afar lærdómsríka og talar þar af reynslu.

Ekki er síður skemmtilegt fyrir bæði fullorðna og börn að koma og fylgjast með en keppnin, sem fram fer í Silfurbergi í Hörpu á laugardaginn frá klukkan 13, er öllum opin og fólk getur komið og farið að vild meðan á keppninni stendur. **solveig@365.is**

ÚTGEFANDI
365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301
VEFFANG
visir.is
UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA
Jóhann Waage| johannwaage@365.is | s. 512-5439
ÁBYRGÐARMAÐUR
Svanur Valgeirsson




# Lausnin er Advania

Þegar þú vilt ávinning af upplýsingatækni

Við viljum að fyrirtækið þitt nái samkeppnisforskoti með snjallri notkun upplýsingatæknilausna sem svara kröfum þínum og þörfum.

**Ekki flækja málin.** Þegar kemur að upplýsingatækni er lausnin Advania.

advania.is/lausnin

advania
Welcome to IT




# CURIO Buy

# BEINTENGD VEFVERSLUN VIÐ SÖLU- OG BIRGÐAKERFI

## ÞRJÁR EININGAR Í CURIO-SERÍUNNI LEYSA 9 FORRIT AF

**Heildarlausn sem tengir saman sölu, birgðir og verð og býr til fullgilda reikninga um leið og pöntun er gerð á vefsíðu þinni.**

Við bjóðum fyrirtækjum að halda utan um reksturinn, virðisaukaskattinn, samskiptin, starfsmennina, vefsíðuna, vörulagerinn, vefverslunina o.fl.allt í sama kerfinu.

Nú gerist allt sjálfkrafa eftir að pöntun kemur í kerfið. Þú losnar við tvöfalda vinnu, gamaldags reikningagerð og utanumhald fyrirtækjareksturs, en oft á tíðum þarf 9-10 forrit til að halda utan um svipaða hluti og Curio Buy sér auðveldlega um.

### CURIO Buy

**1. VEFVERSLUN**
Tvö mismunandi vörunúmerakerfi
Breytilegir vsk flokkar
Vörulager / Birgðir
Flokkakerfi
Vörumerkjakerfi
Strikamerkjakerfi
Setja í körfu
Vinsælar vörur
Mest seldu vörurnar
**Notendur stofna sig sjálfir sem viðskiptamenn**
**Beintenging inn í sölukerfi Curio Office**
**Tenging inn í greiðslugátt - Valitor - Borgun - Korta**
Hægt að flytja inn vörur sem CSV-skrár
**Staðlað layout fylgir** en hægt er að sérsmíða útlit á vefi skv. tilboði
Vistun léni vefverslunar innifalin í áskrift en breytilegt verð á diskastærð
ATH - Curio Office og Curio Web er samtengt Curio Buy ( 3 kerfi )

### CURIO Web

**2. VEFUMSÝSLUKERFI**
HTML5 og CSS3 vefsíður sem laga sig að hverju tæki fyrir sig
Skyggnusýningakerfi (Slideshow)
Myndbandseiginleiki í skyggnusýningakerfi
Ljósmyndakerfi
Ritill
Hægt að bæta við tökkum
Bloggsíður
Fréttasíður
Helstu samfélagsmiðlatengingar
Notendakerfi
Hafðu samband síða
Götukort
Vistun á léni innifalið í áskrift
o.fl. o.fl.




### CURIO Office

**SÝNDARSKRIFSTOFA**

**3. STIMPILKLUKKA**
Stimpilkort og tímaskráning
Mættir starfsmenn
Curio Time Pro fylgir frítt með áskrift

**4. VERKEFNASTJÓRNUN**
Verkefnastýring
Verkefnastjórar eru með fulla stjórn
Starfsmenn sjá aðeins sín verkefni
Viðskiptavinir geta stofnað verkefni

**5. VERKBÓKHALDSKERFI**
Tímaskráning
Veggur til að skrá ummæli
Tenging fylgiskjala við verkseðla
Gagnageymsla skjala sem tengjast verkefni

**6. REIKNINGAGERÐ**
Rafrænir reikningar í lit
Vörunúmerakerfi
Falleg og stílhrein hönnun á reikningum
PDF-reikningar sendir rafrænt á viðskiptamenn
Greiddar og ógreiddar kröfur
Sala dagsinns / fylgstu með hvað þú ert að selja
Viðskiptamannayfirlit
VSK yfirlit o.fl.

**7. SAMSKIPTAKERFI - INNRANET**
Spjallkerfi starfsmanna og einkaskilaboð
Fréttaveita um verkefni gerir Facebook óþarfi

**8. DAGURINN ÞINN**
Skoðaðu hversu mikið þú og aðrir starfsmenn hafa unnið í dag og nákvæmlega hve mikill tími hefur farið í hin ýmsu verkefni yfir daginn eða flettu í gegnum mánuðinn til að skoða skráningu og afköst starfsmanna

**9. STARFSMANNA- OG NOTENDAKERFI**
Þrjú mismunandi leyfi fyrir notendur
Verkefnastjórar hafa aðgang að öllum verkefnum
Starfsmenn sjá aðeins sín verkefni
Aðgangur fyrir viðskiptavini
Viðskiptavinir geta fylgst með verkseðlum, stofnað verkefni o.fl.

Við hönnum samhæfðar vefverslanir sem passa á alla vafra í iPad, iPhone og Android-stýrikerfinu og laga sig sjálfkrafa að hverju tæki.

CURIO WEB  CURIO OFFICE  CURIO CONTROL  CURIO BUY  CURIO TIME

# NÝ TÆKNI Í REKSTRI

## MEIRI ÁRANGUR MEÐ CURIO BUY REKSTRARKERFINU

„Draumur allra er að geta unnið hvaðan sem er, hvenær sem er“



Curio Buy hentar sérlega vel fyrir hópvinnu ( teamwork ) og fjarvinnu.

### ÓKEYPIS STIMPILKLUKKA

FRÍ ÁSKRIFT AF CURIO TIME FYRIR ALLA

Ókeypis fyrir allt að 10 starfsmenn

curiotime.com



FRÍ ÁSKRIFT AF CURIO TIME PRO

STIMPILKLUKKUNI FYLGIR FRÍTT MEÐ ÁSKRIFT AF CURIO BUY

PRO = Ótakmarkaður fjöldi starfsmanna o.fl.

### CURIO Buy

Curio Buy hefur þá sérstöðu að vera sérsniðin fyrir stjórnendur en ekki bókara fyrirtækisins! Algengt er að stjórnendur notist við forrit sem eru hönnuð með bókarann í huga og henta því stjórnandanum ekkert sérstaklega vel. Curio-Buy er hannað til að stýra öllum almennum rekstri fyrirtækja og svo fær bókarinn aðgang (með nettengingu). Curio-serían leysir þig undan því að notast við bókhaldsforrit og fjölda annarra smáforrita til að sjá um reksturinn.

### SVONA VIRKAR CURIO BUY !

VEFSÍÐA
**SALA**
Vefverslun
Greiðslugátt
Banki

Verkseðlar
**CURIO OFFICE**
Starfsfólk

VSK
**REIKN**
Yfirlit

VÖRUR
**BIRGÐIR**
O.fl.

Klipptu hér — Klipptu hér

BÓKARI FÆR NETAÐGANG AÐ CURIO BUY

**BÓKARI**
Endurskoðun

BÓKARI OG ENDURSKOÐANDI FÁ NETAÐGANG TIL AÐ SÆKJA GÖGN FYRIR ÁRSSKÝRSLU O.FL.

DK · NAVISION · TOK · OPUSALT · ORACLE · NETSKIL

SPARAÐU TÍMA OG PENINGA OG SKIPTU YFIR Í CURIO BUY

1. ÞÚ GREIÐIR ÁSKRIFT AF CURIO BUY
2. ÞÚ GETUR SLOPPIÐ VIÐ AÐ NOTA SÖMU FORRIT OG BÓKARI ÞINN NOTAR OG SPARAÐ MEÐ NÝRRI TÆKNI
3. BÓKARINN GREIÐIR AF SÍNUM FORRITUM

**A.T.H**
1,2,3 er dæmi um hagræðingu hjá fyrirtæki sem kaupir bókhaldsþjónustu og er ekki með bókara í starfi.

### MEÐ CURIO BUY ÞARFT ÞÚ EKKI AÐ UPPFÆRA VERÐ Á TVEIMUR STÖÐUM.

Flest allar aðrar vefverslanir eru ótengdar við bókhaldskerfi og því þarf að uppfæra vörur, birgðir og verð á tveim stöðum, bæði í vefverslun og í bókhaldskerfi.

### NÁMSKEIÐ – KENNSLA

Eftir kynningu með sölufulltrúa okkar bjóðum við upp á námskeið og kennslu til að auðvelda þér að tileinka þér Curio Buy og Curio Office

Við bjóðum einnig upp að sérsmíða sýndarskrifstofuna þína og aðlaga hana að þínum þörfum og rekstri.

## Án Curio Buy — DÆMI UM HAGRÆÐINGU — Með Curio Buy

**KOSTNAÐUR VEFVERSLUNAR TENGD VIÐ BÓKHALDSKERFI + KOSTNAÐUR REKSTRARKERFA MIÐAÐ VIÐ 15 STARFSMENN**

- √ STIMPILKLUKKA KR. 40.000
- √ VERKBÓKHALDSKERFI KR. 45.000
- √ BÓKHALDSKERFI KR. 25.000
- √ VEFVERSLUN + HÝSING KR. 15.000
- √ TENGING VIÐ BÓKHALD KR. 15.000
- √ NOKKUR SMÁFORRIT
- √ A.M.K. 6-7 FORRIT

KOSTNAÐUR CA. KR. 140.000 PR. MÁN. ÁN VSK.
ÁRLEGUR KOSTNAÐUR KR. 1.680.000 + VSK.
UPPSETNING OG HÖNNUN ER EKKI Í VERÐI

ÞÚ ÞARFT AÐ NOTAST VIÐ MÖRG FORRIT

ca. pr. mán.
**140.000,-**
6-7 forrit

ÞÚ ÞARFT AÐ UPPFÆRA VERÐ Í BÓKHALDSKERFI OG Í VEFVERSLUN

Verð er án vsk.

**KOSTNAÐUR VIÐ REKSTUR Á CURIO SÝNDARSKRIFSTOFU OG CURIO BUY VEFVERSLUN MIÐAÐ VIÐ 15 STARFSMENN**

- √ STIMPILKLUKKA
- √ VERKEFNASTJÓRNUN
- √ VERKBÓKHALDSKERFI
- √ BÓKHALDSKERFI
- √ ÞITT EIGIÐ SAMSKIPTAKERFI
- √ GOTT YFIRLIT YFIR DAGINN
- √ INNRANET + TILKYNNINGAR
- √ VEFVERSLUN + HÝSING
- √ EITT FORRIT

KOSTAÐUR 25.798 KR. PR. MÁN. MEÐ VSK.*
ÁRLEGUR KOSTNAÐUR KR. 309.576 MEÐ VSK.
UPPSETNING OG HÖNNUN ER EKKI Í VERÐI

ÞÚ OG ÞITT STARFSFÓLK NOTIST VIÐ EITT FORRIT

pr. mán
**25.798,-**
1 forrit

ÞÚ LOSNAR VIÐ TVÖFALDA VINNU MEÐ CURIO BUY

Verð er með vsk.

### Nánari upplýsingar í síma:

# 571 7300

Ekki hika við að hringja í okkur
-Við erum aðeins einu símtali frá þér.

Áskriftarupplýsingar eru á heimasíðu okkar, www.kreativ.is

**OPIÐ FRÁ KL. 8:00 TIL 22:00**

Upplýsingar um verð, áskrift og sérsmíði er að finna á heimasíðu okkar www.kreativ.is

### Auðvelt að byrja að nota Curio Buy

Eftir að þú ert búinn að skrá þig sem notandi í vefverslun okkar þá komum við til þín og aðstoðum þig við að færa viðskiptamenn yfir úr öðrum kerfum og setjum upp notendur (starfsmenn), setum inn grunnupplýsingar fyrir reikninga og verkseðla og kennum þér að setja inn vörur og að byrja að nota Curio Buy.

**KREATIV**

SNORRABRAUT 38 | REYKJAVÍK | SÍMI 571 7300 | INFO@KREATIV.IS | KREATIV.IS

# Helstu forrit í einni sýndarskrifstofu

Með **Curio-forritunum** má halda utan um öll verkefni fyrirtækisins á einum stað og losna við gamaldags utanumhald. Curio Office tekur alla þá þætti saman sem stjórnandi þarf til að reka fyrirtæki og býður þannig upp á notendavæna og heildstæða lausn.

Curio Buy og Curio Office er nýr íslenskur hugbúnaður sem heldur á þægilegan og skilvirkan hátt utan um hvers kyns fyrirtækjarekstur. Curio Office hefur meðal annars að geyma einfalt bókhalds- og reikningakerfi, gagnsætt og fjölhæft verkefnastjórnunarkerfi, samskiptakerfi, tímaskráningu og fleira. „Curio-hugbúnaðurinn hentar fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum, einyrkjum sem og stærri fyritækjum. Curio Buy hentar þeim sem vilja reka sjálfvirka vefverslun ásamt því að hafa góða stjórn á fyrirtækinu og rekstrinum,“ segir Baldvin Þór Baldvinsson, framkvæmdastjóri og hönnuður Curio-seríunnar. „Curio-hugbúnaðurinn er hannaður fyrir stjórnendur sem vilja stýra rekstri sínum með hámarksárangri. Með honum er hægt að gera vinnustaðinn rafrænan og í raun stjórna með sýndarskrifstofu. Þar inni getur stjórnandi sem og aðrir nálgast allt vinnutengt efni, svo sem vinnuskýrslur, verkbókhald, reikninga og fleira. Þrjú mismunandi leyfi eru fyrir notendur til að takmarka það sem stjórnandi vill að starfsmenn sínir eða viðskiptamenn sjái á skrifstofunni. Einnig má bæta við vefverslun sem er beintengd sölukerfi Curio Office, stjórna vefsíðu og verkefnum þar inni, deila verkefnum milli starfsmanna og spjalla saman svo eitthvað sé nefnt.“




**Baldvin Þór Baldvinsson, framkvæmdastjóri og hönnuður Curio-seríunnar, segir Curio-hugbúnaðinn vera það nýjasta á markaðnum sem muni létta fólki verulega lífið.**

### Aukin hagkvæmni, minni kostnaður

Með Curio-hugbúnaði má lækka rekstrarkostnaðinn og auka hagkvæmnina. „Hugmyndin að forritinu kviknaði þegar okkar eigin starfsmenn gerðu sér grein fyrir hversu mörg forrit starfsmenn fyrirtækja nota almennt til að halda utan um reksturinn, oft gegn háu gjaldi og með notkunareiginleika sem falla ekki endilega að þörfum stjórnandans. Hann þarf þá yfirleitt að finna nokkur smáforrit eða kaupa sér ótal sérsmíðaðar lausnir til að halda utan um reksturinn. Ekki er óalgengt að dæmigert íslenskt fyrirtæki noti á bilinu fimm til níu mismunandi forrit til að halda starfseminni gangandi og getur mánaðarlegur kostnaður hlaupið á tugum ef ekki hundruðum þúsunda. Í Curio Office er allt á einum stað og með kerfinu þarf ekki alltaf að vera að uppfæra eitt og eitt kerfi í senn. Allur vinnustaðurinn er nú á einum og sama staðnum.“

Bókhaldsforrit eru ávallt hönnuð með þarfir bókarans í huga, þeim er ætlað að létta honum störfin en gagnast síður stjórnandanum. „Stjórnendur þurfa að vita allt aðra hluti en bókarinn. Bókarinn fær svo vefaðgang að Curio-forritunum fyrir ársskýrsluna og fleira.

### Vefverslun beintengd við sölu- og rekstrarkerfi

Undanfarin ár hafa vefsmiðir Kreativ starfað við það að tengja hefðbundnar vefverslanir við bókhaldsforrit og ástæða þess er sú að fyrirtæki hafa rekið sig á að það tekur mikinn tíma að uppfæra verð bæði í vefversluninni og svo í bókhaldsforriti. Að sögn Baldvins eru þeir sem gera örar verðbreytingar á vörum sínum og þeir sem vilja losna við að búa til handgerða reikninga eftir hverja pöntun einmitt þeir sem munu vilja kynna sér kosti Curio Buy. „Með forritinu gerist allt sjálfkrafa eftir að pöntun kemur í kerfið. Þú losnar við tvöfalda vinnu, gamaldags handgerða reikningagerð og utanumhald fyrirtækjareksturs. Gríðarlegur vinnusparnaður er því í því að reka sýndarskrifstofu sem tengir saman verkefni, starfsmenn, samskipti, sölu, birgðir og verð og býr til fullgilda reikninga um leið og pöntun er gerð á vefsíðunni. Þessi lausn léttir fólki því verulega lífið.“

Skrifað í skýið ..

Aukinn sveigjanleiki
Lækkun kostnaðar
Reglulegar uppfærslur
Minni fjárfestingaþörf
Auknir samstarfsmöguleikar
Aðgangur óháður staðsetningu
Skjalastjórnun
Aukið öryggi
Eykur samkeppnishæfni
Umhverfisvænt

Mikil tækifæri felast í að færa upplýsingakerfi í skýið. Sérfræðingar Deloitte eru með víðtæka þekkingu og reynslu af fjölbreyttum verkefnum í upplýsingatækni og skýjalausnum. Við getum einnig aðstoðað við uppsetningu og samningagerð við birgja.

Deloitte.



**Áslaug Eiríksdóttir og Skúli Arnlaugsson forritarar segja nauðsynlegt að virkja forvitni krakka.** MYND/ANTON BRINK

# Þeir sem fikta læra að búa til

Forritararnir **Áslaug Eiríksdóttir** og **Skúli Arnlaugsson** kynna hugmyndir að tæknifikti fyrir foreldrum á örfyrirlestri á UTmessunni í Hörpu á laugardag. Þau segja nauðsynlegt að virkja eðlislæga forvitni krakka.

„Ég skil að fólk verði ekki hrifið þegar krakkarnir rífa í sundur heimilistölvuna en þá er vert að hafa í huga að þeir sem fá að rífa hluti í sundur, eru þeir sem búa þá til í framtíðinni. Þó allt rati ekki rétt saman aftur hjá fimm ára þá fær barnið sjálfstraust og lærdómsfýsn.“ Þetta segir Áslaug Eiríksdóttir en hún mun ásamt Skúla Arnlaugssyni kynna kosti þess að fikta fyrir foreldrum á örfyrirlestri á UTmessunni á morgun. Áslaug og Skúli eru forritarar hjá Azazo og segja nauðsynlegt að nýta og virkja eðlislæga forvitni barna til að gera þau að gerendum í tækni.

*Hvernig virkar þetta?*

„Krakkar eru svo miklir þegar í tæknisamfélaginu í dag, spila tölvuleiki og hlaða niður öppum. Okkur langar til að þau verði gerendur, skilji hvernig hlutirnir virka og taki þátt í að móta þá,“ segir Áslaug og nefnir lyklaborð sem dæmi um hlut sem einfalt og skemmtilegt sé að taka í sundur og skoða. „Það er ekki mikið flóknara en að reima skó. Það geta allir gert. Dætur mínar fylgdust með þegar ég þurfti að þrífa lyklaborð. Við tókum alla takkana af og skemmtum okkur svo við að raða þeim aftur á réttan stað. Lærdómsgildið í því var meira en bara tæknin, stafrófið, talnalínan og ýmislegt fleira. Ef fiktputtinn er mjög virkur er líka hægt að kaupa alls konar tæknikitt og róbota,“ segir Áslaug.

### Jólasveinagildra og umferðarljós

„Fimm ára dóttir mín bjó til dæmis til jólasveinagildru úr tæknikitti sem við keyptum. Þá var batteríkubbur tengdur í hnapp sem falinn var í skónum en hnappurinn var tengdur við hljóðkubb. Þegar jólasveinninn setur eitthvað í skóinn, þrýstist á takkann og þá heyrist hljóð sem vekur barnið. Dóttir Skúla spurði hann eitt sinn hvernig umferðarljós virkuðu og þá smíðuðu þau umferðarljós úr díóðum, batteríum og tökkum sem þau keyptu sér.“

**Örfyrirlestur Áslaugar og Skúla er klukkan 12 á morgun í Kaldalóni, 1. hæð í Hörpu.**

Framtíðin er...

# *Digital Business**




**Framtíðarsýn**

Vinnum með þér kröftuga framtíðarsýn fyrir þinn Digital Business

**Vinnukerfi**

Þróum skipulag með áherslu á nýsköpun og vinnum með þér í nútímalegum hugbúnaðarteymum

**Tæknilegur arkitektúr**

Hjálpum þér að tengja núverandi tæknilegan arkitektúr við aðferðir sem styðja við öra tækniþróun

**Kolibri hjálpar fyrirtækjum að ná árangri með heildarnálgun á stafræna upplifun og snertifleti**

Kolibri

Laugavegi 26
101 Reykjavík

522 8900
hallo@kolibri.is

**kolibri.is**

# Óháð ráðgjöf við val og innleiðingu

**KPMG ráðgjöf** veitir, sem óháður aðili, ráðgjöf við val á viðskiptakerfum, aðstoðar við samningagerð og innleiðingu og tekur beinan þátt í viðtökuprófunum á kerfum eins og Microsoft Dynamics NAV, Microsoft Dynamics AX og SAP.

„Mikil þekking og reynsla hefur skapast hjá KPMG á hinum ýmsu atvinnugeirum og þessi þekking nýtist viðskiptavinum okkar vel þegar kemur að stórum innleiðingar- eða uppfærsluverkefnum,“ segir Sveinn Axel Sveinsson, sérfræðingur hjá KPMG. „Það gleymist oft að innleiðing á viðskiptakerfum hefur mikil áhrif á flesta ef ekki alla lykilferla og ráðgjöf frá óháðum aðila sem skilur þarfir verkkaupa getur verið öflugt tól í að tryggja farsæla útkomu. Okkar aðkoma hefur verið fjölbreytt í gegnum tíðina,“ segir Sveinn og nefnir dæmi:

> **Við stuðlum að trausti og berum kennsl á áhættur snemma í ferlinu. Aukin verkefnastjórn leiðir til lægri kostnaðar og betri nýtingar fjárfestingar.**
>
> *Sveinn Axel Sveinsson*

- Aðstoð við samningagerð sem getur skipt verulegu máli til að tryggja sem best hagsmuni verkkaupa, enda er slíkum samningsdrögum oftar en ekki stýrt af verksala. Með óháðri ráðgjöf er bent á mögulega vankanta sem snúa að verkkaupa og innleiðingunni.
- Viðtökuprófanir notanda eru yfirleitt hluti af innleiðingarsamningi þegar viðskiptakerfi eru innleidd eða uppfærð. Slíkar prófanir eru oft ómarkvissar m.a. vegna reynsluleysis notenda af nýju kerfi. Samt sem áður er ætlast til að viðskiptakerfið sé yfirfarið af starfsmönnum verkkaupa og kerfið samþykkt með þá virkni sem innleiðingarsamningur fjallar um.
- Stöðumat verkefna er í fyrsta lagi að gera óháða úttekt á innleiðingu á hugbúnaðarverkefnum þar sem lagt er mat á stöðu verkefnisins á ákveðnum tímapunkti. Í öðru lagi er um að ræða stöðutöku. Þá er staðan á verkefninu metin á fyrirfram ákveðnum tímapunktum og lagt mat á hvort verkefnið sé tilbúið til að fara yfir á næsta stig. Gott dæmi eru svokallaðir „go live fundir“ þar sem verið er að taka ákvörðun um að taka kerfið í notkun. Í þriðja lagi eru reglubundnar úttektir í boði, til dæmis mánaðarlega, þar sem stöðumat er endurtekið á líftíma hugbúnaðarverkefnisins.

KPMG býður einnig verkefnastýringu fyrir hönd fyrirtækja sem eru að innleiða viðskiptakerfin. „Við komum þá inn og aðstoðum viðskiptavini við verkefnastýringu, erum óháði aðilinn sem þekkir allar hliðar málsins, bæði frá sjónarhorni verkkaupa og verksala. Hlutverk okkar er að styðja stjórnendur og starfsmenn í gegnum innleiðingarferlið,“ útskýrir Sveinn.

Kostnaður vegna leyfismála og uppfærslusamninga er oft umtalsverður. Oftar en ekki eru nokkrir möguleikar í boði hvað varðar notendaleyfi og uppsetningar á kerfum sem hafa sína kosti og galla hvað snertir virkni og kostnað. „Sem óháður aðili veitir KPMG ráðgjöf óháð sölu á leyfum, leigusamningum eða uppfærslusamningum og getur þannig stuðlað að lægri kostnaði og betri nýtingu á viðskiptakerfinu, þar sem hagsmunir verkkaupa eru hafðir að leiðarljósi,“ segir Sveinn.

KPMG hefur á að skipa öflugum hópi sérfræðinga þegar kemur að upplýsingatækniráðgjöf, hvort sem það snýr að stefnumótun upplýsingatæknimála, vali á skýjalausn eða gagnaöryggismálum.



**„Við erum óháði aðilinn sem þekkir allar hliðar málsins, bæði frá sjónarhóli verkkaupa og verksala. Hlutverk okkar er að styðja stjórnendur og starfsmenn í gegnum innleiðingarferlið,“ segir Sveinn.** MYND/VILHELM

# Ákvörðun tekin eftir langan göngutúr

Þrír ungir stórhuga menn settu á fót fyrirtækið **Study Cake** síðasta sumar sem hefur það markmið að auka lesskilning barna með nýjum leiðum. Nýlega kom fyrsta smáforritið á markað og frekari breytingar eru í vændum. Þátttaka þeirra í Startup Reykjavík skipti miklu máli.

Eitt þeirra fyrirtækja sem vöktu athygli á Viðskiptahraðlinum Startup Reykjavík á síðasta ári var Study Cake. Á bak við það standa þrír ungir menn sem hafa smíðað smáforritið Study Cake sem býður foreldrum upp á að verðlauna börnin sín fyrir lestur. Kjartan Þórisson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins og einn þriggja stofnenda þess, segir hugmyndina á bak við smáforritið í raun afar einfalda. „Í dag eru krakkar almennt að lesa minna og minna vegna þess að þeir eru að eyða meiri tíma í heilalausa síma- og spjaldtölvuleiki. Það á stóran þátt í því að lestrarskilningi ungra barna fer hrakandi hér á landi. Lausnin okkar er því sú að hvetja til aukins lestrar með því að nota heimavöll krakkanna, tæknina.“

## Hugmyndin breyttist

Í Study Cake smáforritinu geta krakkar svarað skemmtilegum spurningum um uppáhaldsbækurnar sínar, gefið álit á þeim og þannig unnið sér inn árangurstengd verðlaun að sögn Kjartans. „Börnin fá svokallaðar heilasellur fyrir að leysa ákveðið mörg verkefni. Þegar barnið hefur safnað ákveðið mörgum heilasellum geta foreldrar verðlaunað barnið á einhvern hátt en ekki síður fengið betri yfirsýn yfir lesskilning barna sinna.“

Auk Kjartans stofnuðu Kristján Ingi Geirsson og Hörður Guðmundsson fyrirtækið. Kjartan og Hörður voru saman í Verslunarskólanum en Kjartan kynntist Kristjáni í gegnum önnur verkefni meðan sá síðarnefndi var í Tækniskólanum að læra forritun.

Um þrjár vikur eru síðan smáforritið kom út og þessa dagana eru félagarnir að vinna við ýmsar lagfæringar og bæta við spennandi nýjungum, helst þeirri að gera notendum kleift að lesa bækurnar sjálfar inni í smáforritinu. „Við erum líka mjög spenntir fyrir því að geta leyft hverjum sem er að búa til spurningar sem notaðar væru í Study Cake því það er eitthvað sem margir foreldrar hafa beðið um. Það myndi einnig gera okkur kleift að setja inn fleiri spurningapakka en okkur hafði nokkurn tíma órað fyrir.“

Kjartan segir að upphaflega hugmyndin hafi verið mun stærri, nefnilega að umbreyta öllu skólakerfinu með því að gera heimanámið skemmtilegra. „Það tók okkur þó ekki langan tíma að átta okkur á því að við þyrftum að einbeita okkur að einhverju sértækara. Eftir langan göngutúr sammæltumst við um að einbeita okkur að grunni allrar frekari menntunar, lestrinum. Eftir að hafa unnið í þá átt í tvær vikur fór Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra svo að tala mikið um vandamálið sem felst í minnkandi læsi barna og þá fengum við byr undir báða vængi. Það voru skemmtilegar vikur.“




**Krakkar lesa almennt minna í dag en áður og lestrarskilningi barna fer hrakandi. Lausn Study Cake er sú að hvetja til aukins lestrar með því að nota heimavöll krakkanna, tæknina. F.v. Kristján Ingi Geirsson, Kjartan Þórisson og Hörður Guðmundsson.** MYND/ERNIR

> **Í dag eru krakkar almennt að lesa minna og minna vegna þess að þeir eru að eyða meiri tíma í heilalausa síma- og spjaldtölvuleiki. Það á stóran þátt í því að lestrarskilningi ungra barna fer hrakandi hér á landi.**
>
> *Kjartan Þórisson*

## Dýrmætt tækifæri

Hann segir þátttöku þeirra í Startup Reykjavík á síðasta ári hafa verið ótrúlega dýrmætt tækifæri. „Þátttakan skiptir miklu máli fyrir tengslanetið auk þess sem það getur verið mjög lærdómsríkt að tala við mentorana sem að bjóðast til þess að hjálpa sprotafyrirtækjunum. Þeir geta þó verið eins mismunandi og þeir eru margir og því mikilvægt að vera góður í að sigta út hvað skiptir máli og hvað er einfaldlega bara alger vitleysa. Ég get þó fullyrt að ef við hefðum ekki tekið þátt í Startup Reykjavík þá hefði Study Cake örugglega aldrei orðið til því þá hefðum við aldrei áttað okkur á mikilvægi þess að einbeita okkur að lestrinum. Því erum við Startup Reykjavík mjög þakklátir.“


FERMING
2016
Ótrúlegt
úrval
COSMO
Kringlunni



Sólstofan er einn af uppáhaldsstöðum Tinnu á nýja heimilinu. Þar situr hún oft með gestum. MYNDIR/STEFÁN



„Ef ég kaupi ný húsgögn reyni ég að hafa þau hvít því tekkið er soldið ráðandi hjá mér.“

# ÖSKJUHLÍÐIN Í BAKGARÐINUM

**Tinna Brá Baldvinsdóttir,** arkitekt og eigandi Hríms, kvaddi nýlega 101 og færði sig yfir í 105. Þótt hún sakni miðbæjarlífsins er hún hæstánægð með nýja bakgarðinn. Fram undan eru talsverðar framkvæmdir við húsið.

**Hvernig ertu að fíla 105?** Ég verð að viðurkenna að það var erfitt að flytja úr 101. Þar var ég nær búðunum mínum og öllu því góða sem 101 hefur upp á að bjóða en ég er mjög sátt. Ég þarf að keyra aðeins meira en núna erum við meira miðsvæðis við skóla stráksins míns og nær Hrími í Kringlunni. Svo er æðislegt að hafa Öskjuhlíðina í bakgarðinum.

**Þurfti mikið að gera áður en þið fluttuð inn?** Við fluttum inn bara eftir að hafa málað. Við munum leggjast í framkvæmdir um páskana. Eldhúsið verður flutt yfir í eina stofuna og þvottahúsið stækkað.

**Uppáhaldshornið heima?** Arinninn gerir sólstofuna sjúklega aðlaðandi. Þar sitjum við mikið og hlustum á tónlist og spjöllum við gesti. Keypti langþráðan barhnött og er búin að safna í hann í heilt ár. Gott að eiga koníak handa pabba þegar hann kemur í heimsókn.

**Stíllinn á heimilinu?** Bara mjög notalegur stíll og frekar retró sem einkennist af gömlum munum frá ömmu og afa ásamt nýjum húsgögnum sem ég hef keypt í gegnum árin. Ef ég kaupi ný húsgögn reyni ég að hafa þau hvít því tekkið er svolítið ráðandi hjá mér. Svo elska ég að hafa nóg af ilmkertum blómum og bókum. Það gerir svo hlýja stemningu.

**Uppáhaldshúsgagn?** Hægindastóllinn sem ég fékk í 30 ára afmælisgjöf er í miklu uppáhaldi. Gamall retró stóll sem fékk nýtt áklæði.

**Uppáhaldshönnuður?** Það er erfitt að gera upp á milli en Ferm Living er með marga flotta hönnuði og er í miklu uppáhaldi hjá mér. Bæði hvað varðar gæði og nýjungar. En húsgagnahönnuðir eins og Verner Panton eru mér ofarlega í huga, allt sem er litríkt og retró elska ég.

**Hvað gerir hús að heimili?** Að hafa hluti með sál í kringum sig, hlusta á góða tónlist og hafa fjölskyldu hjá sér. **heida@365.is**



Tinna Brá Baldvinsdóttir, arkitekt og eigandi Hrím-verslananna, er ánægð með Öskjuhlíðina í bakgarðinum.

> Ef ég kaupi ný húsgögn reyni ég að hafa þau hvít því tekkið er svolítið ráðandi hjá mér. Tinna Brá Baldvinsdóttir



Uppáhaldshúsgagnið er hægindastóllinn sem Tinna fékk í 30 ára afmælisgjöf.



Tinnu hafði lengi langað í barhnött. „Gott að eiga koníak handa pabba þegar hann kemur í heimsókn.“



„Allt sem er litríkt og retró elska ég,“ segir Tinna. Guli liturinn lífgar sannarlega upp á vetrardrungann.

HANNAÐU ÞINN EIGIN COFFEE SÓFA

ÓTAL MÖGULEIKAR Á ÚTFÆRSLUM

ÞÚ VELUR; SÆTAFJÖLDA, ARMA, FÆTUR, LEÐUR EÐA ÁKLÆÐI

- VIÐ TEIKNUM UPP DRAUMA SÓFANN FYRIR ÞIG -





LÍNAN

BÆJARLIND 16 - KÓPAVOGUR - SÍMI 553 7100 - WWW.LINAN.IS - OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16

Samtök iðnaðarins | ICELANDIC STARTUPS | UTmessan | SI

Aldin Dynamics
Algalíf
CCP
Fjölblendir
Gracipe
Karolina fund
Kúla 3D
Literal streetart
Locatify
Lumenox
Meniga
Pegasus
Pink Iceland
Plain Vanilla
Radiant Games
Regla
Strimillinn
Study Cake
Kass
Vizido

ÞAÐ NÝJASTA Í SÝNDARVERULEIKA

ÖPP SEM KENNA ÞÉR AÐ FORRITA OG HVETJA TIL LESTURS

Verið velkomin að skoða 20 af áhugaverðustu nýsköpunar- og tæknifyrirtækjum landsins í Hörpu á laugardaginn kl. 10–17.

# Tæknistiginn

06.02.16 í Hörpu

NÝJUNGAR Í LÍFTÆKNI

**Taktu þátt í Quizup leik um UT í Tæknistiganum.**
Þú getur unnið gjafabréf með Icelandair til Evrópu.

WWW.TAEKNISTIGINN.IS

## BÍLAR & FARARTÆKI

### Snjómokstur

**SNJÓMOKSTUR**
Tökum að okkur snjómokstur fyrir einstaklinga, húsfélög og fyrirtæki.
www.facebook.com/gottverk
GOTT VERK EHF
S. 897 3057 • 770 7133

PLANIÐ bílasala
Stofnað 1990
5170000



BMW X5 4.8i 4,8is. Árgerð 2007, ekinn 90 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.690.000. Rnr.106890. Á staðnum.

**Bílasalan Planið**
**Korputorgi, Reykjavík**
**Sími: 517 0000**
**Opið 10-18. Lau 12-16**
**www.planid.is**

BORGARBÍLASALAN
580 8900 • borgarbilasalan.is



**2014 LANGUR HÁPEKJA**

Benz Sprinter 313 . Árgerð 2014, ekinn 68 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 5.500.000. + vsk Rnr.450902.sími 6952015



**2015 EKIN 17 Þ KM**

FORD Transit háþekja . Árgerð 2015, ekinn 17 Þ.KM, dísel, 6 gírar. 4280.000. + vsk Rnr.450903. sími 6952015



**KLÁR Í FJALLIÐ**

SKI-DOO freeride 146 800r. Árgerð 2015 ónotaður Vel útbúinn Besta verðið 2.890.000. Rnr.450582. sími 6952015

**Borgarbílasalan**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 580 8900**

VAKA



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

BILO.IS
HÖFÐAHÖLLIN



SUBARU FORESTER 08/2008, ekinn 46 Þ.km, bensín, sjálfskiptur, nýjar álfelgur og dekk. Verð 2.590.000. Raðnr.254636 á www.BILO.is



MAZDA 3 02/2004, ekinn 132 Þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.090.000. TILBOÐ 890.000 kr. 100% kortalán. Raðnr.286849 á www.BILO.is

**Höfðahöllin**
**Funahöfða 1, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.bilo.is**

100bilar.is bílasala



VW Passat Comfortline, 4/2013, ek 76 þús km, dísel, sjsk, ásett verð 3.390 þús, tilboðsverð 2.890 þús, raðnr 151190.

**100 bílar ehf**
**Í miðbæ Mosfellsbæjar,**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00 virka daga og laugardaga 11-15**
**www.100bilar.is**

### Bílar til sölu



**FRÁBÆRT EINTAK Á 590Þ**

MMc Pajero Sport v6 '02 Ekinn aðeins 161þkm ssk Leður, lúga, dráttarbeysli Nýskoðaður '17 Verð 590þ 100% visa/euro lán í boði Uppl. s. 777 3077

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

### Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.



CHEVROLET

**Captiva dísil**
Nýskráður 3/2013, ekinn 86 þús.km., dísil, sjálfskiptur.
**Verð kr. 4.250.000**



DODGE

**Grand Caravan SE**
Nýskráður 12/2007, ekinn 93 þús.mílur, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.650.000**



HONDA

**CR-V Executive**
Nýskráður 9/2007, ekinn 96 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.750.000**



LMC/FORD

**Liberty 694G**
Nýskráður 6/2009, ekinn 75 þús.km., dísil, 6 gírar.
**Verð kr. 7.690.000**



NISSAN

**X-trail SE dísil**
Nýskráður 8/2007, ekinn 122 þús.km., dísil, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.390.000**



PEUGEOT

**308 Comfort**
Nýskráður 4/2008, ekinn 122 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.490.000**



PEUGEOT

**5008 Active**
Nýskráður 5/2014, ekinn 99 þús.km., dísil, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.490.000**



SUBARU

**Legacy Wagon**
Nýskráður 11/2005, ekinn 194 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.150.000**



SUZUKI

**Grand Vitara Premium**
Nýskráður 6/2014, ekinn 66 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 4.390.000**



VOLKSWAGEN

**Polo Comfortline**
Nýskráður 11/2010, ekinn 46 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.850.000**

## Vegna mikillar sölu undanfarið óskum við eftir bílum á skrá

**Opnunartími**
**Mánudaga - föstudaga**
**milli kl. 10:00 og 18:00**
**Laugardaga milli**
**kl. 12:00 og 16:00**

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR

**Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is**

## Varahlutir




## Bílaleiga

**TIL SÖLU LÍTIL EN ÖRT VAXANDI BÍLALEIGA**
Tvær heimasíður - tvöfaldur sýnileiki. Léttur og þægilegur rekstur. Tilvalinn stökkpallur inn á vaxandi markað. Gott tækifæri, auðveld kaup. Upplýsingar í S: 776-6001

# PJÓNUSTA

## Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

**REGNBOGALITIR**
Málningarþjónusta, vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. Sími 891 9890 malarar@simnet.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




**HÚSAVIÐGERÐIR - NÝBYGGINGAR**
Nýbyggingar og allt viðhald fasteigna inni og úti. Viðhaldsverk ehf S. 618 7712 verk@vidhaldsverk.is

**HÚSASMÍÐAMEISTARI**
getur bætt við sig verkefnum.

Uppl. í s. 897 4720

eða bragi@boga.is

Kjarnaborun og steypusögun. Múrbrot, raufar í gólf fyrir hitalagnir og rafmagn. S: 7778371/ 8923553

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar

**SPÁSÍMI 908 6116**
Ástir, fjármál og heilsa. Einkatímar í s. 823 6393 Sirrý.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Viðgerðir

Heimilistæki - Viðgerðarþjónusta - Viðhald. Sækjum og skilum. Casa-Raf ehf S. 845 5976

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**FERÐAÞJÓNUSTA/ ATHAFNAMENN**
2x20 fet, gámahús, vinnuskúr, innréttað, einangrað, rafmagn, ofnar. Verð 2.250. með vsk. Uppl. 820-5181

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin )**

**Upplýsingar í síma 661 7000**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/ öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

# HEILSA

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Rvk. S.698 8301 www.tantra-temple.com

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Hestamennska

**HELDRI FÁKSMENN (60 ÁRA OG ELDRI)**
Eru boðaðir á fund í Guðmundarstofu laugardaginn 6. febrúar kl. 10:30 Léttar veitingar.
**Allir velkomnir.**

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði óskast

**ÓSKA EFTIR 3-4 HERB. ÍBÚÐ**
3ja manna fjölskyldu, hjón á sextugsaldri og 19ára sonur bráðvantar 3-4 herb íbúð frá 1.mars. Erum mjög róleg, reglusöm og skilvís. Mjög góð meðmæli fylgja. Íbúðin þarf að vera á fyrstu hæð eða lyftuhúsi (sérhæð eða lítið raðhús) fastar tekjur
**Uppl. í s. 8926912 eða gillagh@simnet.is**

Par á fertugsaldri m. 2 börn óskar eftir ódýrri 3-4 herbergja íbúð. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. S. 7841285/7748186

## Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU GLÆSILEGT 250 M2 SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI Í HAFNARFIRÐI.**
Stórt opið rými, tvær sér skrifstofur, fundarherbergi og kaffistofa. Getur legist með húsgögnum. Möguleiki á viðbótarrými á sömu hæð. Laust nú þegar. Hagstætt leiguverð.
**Upplýsingar í síma 898 7820 og á www.leiga.webs.com**

**GÓÐ FJÁRFESTING**
Til sölu mjög góð 50 m2 atvinnubil í Steinhellu 14, Hfn. Góð lán - auðveld kaup. Verð frá: 10,3 m S: 661-6800

**HAFNARFJÖRÐUR - SKRIFSTOFUR -VINNUSTOFUR**
Nokkrar einingar til leigu í snyrtilegu húsnæði í Hafnarfirði, frá 22 til 65 m2. Laust strax. S. 898 7820 www.leiga.webs.com

## Geymsluhúsnæði

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**GULLNESTI GRAFARVOGI**
Óskum eftir röskum, íslenskumælandi starfskrafti virka daga frá 9-5.
25 ára eða eldri og helst vanur grilli og afgreiðslu.
**Upplýsingar í síma 898-9705 Daði**

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Tek að mér minni verkefni og lagfæringar í íbúðum. S. 5540496




**Klukkurima 7**
íbúð 102

**OPIÐ HÚS**
**laugardag 6. Febrúar frá kl 14:00 – 14:30**



Góð 2ja herbergja íbúð að stærð 67,8 m²
Sérinngangur / afgirtur sérafnotaréttur
Falleg viðar innrétting í eldhúsi
Vel skipulögð - Nýtist vel
Þvottahús innan íbúðar með glugga



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir**
löggiltur fasteignasali
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Verð: **25,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -



**Nesbali 10**
Seltjarnarnesi – glæsilegt raðhús

**LAUS STRAX**



Húsið er 247,1 m² að stærð
Endurnýjað eldhús sem er opið inn í stofu
Ný rennihurð út í garð, gluggar niður í gólf
Garðurinn sunnanverðu, stór afgirtur pallur
Fjögur svefnherbergi, bílskúrinn innréttaður
Töluverðar endurbætur hafa átt sér stað
Frábær staðsetning á nesinu, í botnlanga



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir**
löggiltur fasteignasali
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Verð: **72,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.
Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is




Cafe Catalina
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

**Leikir helgarinnar**
**Laugardaginn 6. feb**
12:35 Man. City - Leicester City
14:50 Liverpool - Sunderland

**Sunnudaginn 7. feb**
13:20 AFC Bournemouth - Arsenal
15:50 Chelsea - Man.United

**Hljómsveitin Klettar**




Rúnar Þór, Rúnar Villa Valla, Tryggvi Hubner, og Siggi Árna spila um helgina.

Allir velkomnir

http://www.facebook.com/cafecatalina
Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn

» Ráðningarþjónusta

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.




## » Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

■ **Vinnusparnaður**
Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

■ **Markviss leit**
Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

■ **Þriggja mánaða ábyrgð**
Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

■ **Ekkert staðfestingargjald**
Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

■ **Fjöldi hæfra umsækjenda**
Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

■ **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

■ **Reynsla og þekking**
Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

■ **Sanngjarnt verð**
Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

# á sjalfsalinn.is

**Nú býðst 30 daga áskrift og smáauglýsing með mynd í FRÉTTABLAÐIÐ á 4.990kr.-**

* Helgarblað Fréttablaðsins kemur út í 90.000 eintökum



SJÁLFSALINN.IS

LED SJÓNVÖRP

OLED SJÓNVÖRP

24“ LÍTIL SJÓNVÖRP

98“ STÓR SJÓNVÖRP

49“ SJÓNVÖRP

48“ SJÓNVÖRP

60“ SJÓNVÖRP

# ÚTSÖLULOK Á MORGUN

# ÚTSALA

## ALLT AÐ 67% AFSLÁTTUR

65“ SJÓNVÖRP

79“ STÓR SJÓNVÖRP

ÚTVÖRP

HLJÓMTÆKI

84“ STÓR SJÓNVÖRP

HEIMABÍÓ

BLU-RAY SPILARAR

HEYRNARTÓL

BÍLGRÆJUR

SKJÁVARPAR

HÁTALARAR

SJÓNAUKAR

# ÚTSÖLULOK Á MORGUN

LG PHILIPS THOMSON Panasonic

YAMAHA KENWOOD Nikon GRUNDIG UNITED EPSON JBL

harman/kardon OLYMPUS Dantax tasco TOSHIBA JVC SanDisk

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18 OG LAUGARDAGA 11-16 | SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS

Alltaf gæði og góð kaup!

STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

LG Life's Good

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
5. FEBRÚAR 2016 FÖSTUDAGUR

## Merkisatburðir

**1936 Charlie Chaplin gerir síðustu þöglu kvikmyndina, Nútímann (Modern Times).**
**1947** Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands, fæðist á þessum degi.
**1967** Snorri Hjartarson hlýtur Silfurhestinn, bókmenntaverðlaun dagblaðanna, er hann er veittur í fyrsta sinn.
**1971** Apollo 14 lendir á tunglinu.
**1972** María krónprinsessa Dana fæddist á þessum degi.
**1984** Snjódýpt í Reykjavík mælist 43 sentimetrar.
**1985** Portúgalski knattspyrnumaðurinn Cristiano Ronaldo fæddist á þessum degi.
**1988** Jóhann Hjartarson skákmaður sigrar Viktor Kortsnoj í undankeppni einvígis um réttinn til að skora á heimsmeistarann í skák.
**1994** Keflavík, Njarðvík og Hafnir samþykkja í kosningum að sameinast í eitt sveitarfélag sem síðar hlýtur nafnið Reykjanesbær.
**1992** Brasilíski knattspyrnumaðurinn Neymar da Silva Santos Júnior fæddist á þessum degi.
**2001** Tom Cruise og Nicole Kidman tilkynna að þau séu skilin.





Á myndinni eru þær Una Björg, Sigrún Hlín, Ragnheiður Maísól, Halla og Steinunn Lilja en á hana vantar þær Ragnheiði Hörpu og Katrínu.
MYND/BIRKIRBRYNJARSSON

# Þráhyggja mannverunnar í leitinni að sálufélaga

**Sýningin Ástarsameindir verður opnuð í dag en á henni takast fimm listakonur á við hið margumrædda viðfangsefni ástina. Verkin eru af ýmsum toga og boðið verður upp á ástarkokteil og gjörningar fluttir við opnunina í SÍM salnum í kvöld klukkan 19.00.**

„Við höfum verið að hittast í morgunkaffi síðastliðið eitt og hálft ár rúmlega og þaðan sprettur þetta. Við hittumst og ræðum hvar við erum í ferli með verkin okkar eða ef við erum í krísu með eitthvað,“ segir Ragnheiður Harpa Leifsdóttir en hún er ásamt Steinunni Lilju Emilsdóttur sýningarstjóri sýningarinnar Ástarsameindir sem verður opnuð í SÍM salnum í dag.

Sýnendur eru þær Halla Birgisdóttir, Katrín Eyjólfsdóttir, Ragnheiður Maísól Sturludóttir, Sigrún Hlín Sigurðardóttir og Una Björg Magnúsdóttir.

Ragnheiður segir hópinn hafa í talsverðan tíma stefnt að því að setja upp sýningu saman og slegið til þegar þær ráku augun í auglýsingu frá SÍM.

Sýningin ber líkt og áður sagði heitið Ástarsameindir. Nafnið má rekja til örleikrits eftir Eyþór Gylfason en í verkum sínum takast listakonurnar fimm á við hið stóra og margumrædda viðfangsefni ástina.

„Ástin kom bara til okkar,“ segir Ragnheiður Harpa og skellir upp úr. „Við vorum í kaffi hjá Ragnheiði Maísól og ég held að það hafi verið Katrín sem stakk upp á þessu,“ segir hún og bætir við að viðfangsefnið sé vissulega risastórt. „Þetta er líka svo hættulegt viðfangsefni en það hefur líka verið svo mikið fjallað um það.“

Verkin á sýningunni eru af ýmsum toga og er meðal annars fjallað um þráhyggju mannverunnar í leitinni að sálufélaga, sýnileika ástarinnar og ást annarra en elskenda.

„Við erum allar eitthvað svo ástfangnar af listinni og þaðan koma þessir hittingar okkar og að vilja vera saman í þessu föruneyti okkar,“ segir Ragnheiður Harpa og bætir við að þó að verkin séu ólík þá megi finna í þeim samhljóm.

Og þó viðfangsefnið hafi verið listamönnum um allan heim hugleikið um áraraðir þá segir Ragnheiður Harpa áhugavert að enn sé svo lítið vitað um nákvæmlega hvað ástin er. „Þetta er svo skrýtið. Hvað er þetta? Við erum svo ótrúlega upptekin af henni en vitum í rauninni ekkert um hana, alveg eins og við vitum ekkert hvað við erum að gera hérna. Ástin er bara eitthvað sem við skynjum.“

Sýningin verður opnuð klukkan 19.00 í kvöld í SÍM salnum að Hafnarstræti 15 og verður þar mikið um dýrðir þar sem opnunina ber upp á Safnanótt. Gestum verður boðið upp á ástarkokteil og meðlæti auk þess sem gjörningar og textar verða fluttir. **gydaloa@frettabladid.is**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigrún Kristjánsdóttir**
Herjólfsgötu 38, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum í Fossvogi þann 29. janúar. Útför hennar fer fram frá Víðistaðakirkju mánudaginn 8. febrúar kl. 13.

**Kristjana Guðbergsdóttir** **Sumarliði Rútsson**
**Halldór Guðbergsson** **Sigurlaug Grétarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Innilegar þakkir fyrir veitta samúð og hlýhug við útför okkar kæra eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Sverris Jónatanssonar**
húsasmíðameistara.

Sérstakar þakkir til starfsfólks dvalar- og hjúkrunarheimilisins Grundar fyrir góða umönnun.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Sigrún Árnadóttir**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**Ólafía Dröfn Hjálmarsdóttir**
Grundarfirði,

lést í faðmi fjölskyldunnar á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi, laugardaginn 30. janúar síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Grundarfjarðarkirkju laugardaginn 6. febrúar kl. 13. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið Von, Grundarfirði, reiknr. 0321-13-700101, kt. 650107-0200.

**Bjarni Jónasson**
**Heiðar Þór Bjarnason** **Erna Sigurðardóttir**
**Helga Hjálmrós Bjarnadóttir** **Guðmundur T. Friðriksson**
**Jóna Lind Bjarnadóttir** **Einar Franz Ragnars**
**og ömmubörnin.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

ÞETTA GERÐIST: 5. FEBRÚAR 1917

## Carranza kynnir nýja stjórnarskrá

Eftir sjö ára byltingu og umrót í þjóðfélaginu kunngerði Venustiano Carranza forseti nýja stjórnarskrá Mexíkó, sem fól í sér loforð um að innfæddir Mexíkóbúar myndu endurheimta lönd sín. Einnig að komið yrði á aðskilnaði ríkis og kirkju auk umfangsmikilla umbóta á hagkerfi og menntakerfi landsins. Stjórnarskráin var samþykkt af sérstöku þingi sem Carranza kallaði saman en hún þótti mjög framsækin og sameinaði kröfur byltingarsinna land og þróaðar félagskenningar. Hins vegar liðu margir áratugir þar til mörg þessara loforða urðu að veruleika.

Ekki voru allir sáttir við umbótatilraunir Carranza. Bardagar héldu því áfram og að lokum var forsetanum steypt af stóli og hann myrtur árið 1920 og sá stöðugleiki sem virtist vera í augsýn var fyrir bí. Það var ekki fyrr en eftir síðari heimsstyrjöldina að nokkur stöðugleiki komst á að nýju, þegar iðnhyggjan, sem fékk byr undir báða vængi í stríðinu, fór að leika stórt hlutverk í hagkerfi landsins. Þá varð Miguel Alemýn hinn fyrsti af mörgum borgaralegum forsetum Mexíkó.



Venustiano Carranza

HB HÚSGAGNA BANKINN

# LAGERSALA

## FAXAFEN 10, 108 REYKJAVÍK - 511 0030


Sófaborð 4 skúffur - verð 84.000
Tilboð **67.000**


Hliðarborð - verð 63.000
Tilboð **47.000**


Ashton svefnsófi - verð 198.000
Tilboð **138.000**


Náttborð - verð 46.000
Tilboð **34.000**

VÆNTANLEGUR


Bow Front stofuskápur - verð 267.000
Tilboð **225.000**


Melissa svefnsófi - verð 98.000
Tilboð **68.000**


Colonial hornborð verð 49.000
Tilboð **36.000**


Chippendale skenkur - verð 197.000
Tilboð **157.000**


Snyrtiborð - verð 129.000
Tilboð **105.000**


Lampaborð - verð 37.000
Tilboð **27.000**


Fatastandur - verð 34.000
Tilboð **27.000**


Glerskápur - verð 279.000
Tilboð **212.000**


Chipp. stóll - verð 55.000
Tilboð **41.000**


Glerskápur - verð 212.000
Tilboð **169.000**



Hægindastóll leður - verð 139.000
Tilboð **99.000**


Hægindastóll áklæði - verð 89.000
Tilboð **69.000**


Teborð - verð 66.000
Tilboð **49.000**


Skrifpúlt - verð 129.000
Tilboð **97.000**

**WWW.HUSGAGNABANKINN.IS**



# FERSKASTI NAMMIBARINN

Ávextir eru mjög ríkir af vítamínum, andoxunar- og steinefnum. Í þeim er líka að finna mikið af trefjum og mörgum öðrum hollum efnum. Rannsóknir benda til þess að neysla á grænmeti og ávöxtum geti dregið úr líkum á ýmsum sjúkdómum.




798 kr/pk

**Calinda jarðarber**
400 g. Sæt og safarík.



1.499 kr/pk

**Bláber 500 g.**



ávöxtur mánaðarins

599 kr/kg

## MANGÓ

Mangóið okkar er fullþroskað þegar það kemur í búðirnar og því hægt að borða það strax!

Mangó er ríkt af C-vítamíni. Einnig inniheldur það talsvert af A- og B-vítamínum, steinefnum og járni. Mangó er tilvalið eitt og sér sem og í salöt og eftirrétti.

### Vissir þú?

Að til eru mörg hundruð afbrigði af mangó og er hann einn mest notaði ávöxturinn í heiminum.

## Bollurnar eru komnar!

Rjómabollur 449 kr/stk

Lúxusbollur 499 kr/stk





**Katla bolluglassúr**
Toppurinn á bollurnar.




**Häagen-Dazs ís**
Hver er þinn uppáhalds?

Gildir til 7. febrúar á meðan birgðir endast.

499 kr/stk
verð áður 557




**Drekkum í okkur íslenska náttúru!**
Íslensku jurtadrykkirnir eru sneisafullir af íslenskum jurtum, íslensku vatni og annarri hollustu.

**Magnolia officinalis**
Betri svefn og andleg líðan.

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa

**Curcumin**
Gullkryddið.
Liðir - bólgur - gigt.




**Caralluma**
Eyðurmerkur brennsla.
Minnkar ofát, sykurlöngun og eykur brennslu.

**Natural Health Labs**
Bætt heilsa og betri líðan með Natural Health Labs.
100% náttúruleg bætiefni.

## PORTLEBAY POPCORN

### Uppgötvaðu ný brögð sem fá þig til að brosa




Cappucchino | Cinnamon Swirl | Very Berry | Chilli & Lime | Wasabi & Sweet ginger | Sweet & Salty | Orchard Wood Smoked Cheddar | Crispy Bacon & Maple Syrup

**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Spöng & Eiðistorg




Holta KJÚKLINGUR

TILBOÐ 25% afsláttur á kassa



KJÚKLINGA-LEGGIR
749 kr/kg
verð áður 999

ÍSFUGL

TILBOÐ 30% afsláttur á kassa



KALKÚNA-LUNDIR
2.395 kr/kg
verð áður 3.422

Holta KJÚKLINGUR

TILBOÐ 20% afsláttur á kassa



KALKÚNA-BOLLUR
1.119 kr/kg
verð áður 1.399

ÍSLANDS LAMB
*Stolt kjötmeistarans*



## 45% MINNA SALT -SAMA BRAGÐ

Hófleg saltneysla er mikilvæg fyrir alla og sér í lagi þá sem hafa hækkaðan blóðþrýsting og/eða eru yfir kjörþyngd. Kjötmeistarar Hagkaups mæla með sérverkuðu saltkjöti frá Íslandslambi, þar sem verulega er dregið úr notkun matarsalts án þess að það komi niður á bragðgæðum.

SALTKJÖT BLANDAÐ
1.098 kr/kg

SALTKJÖT VALIÐ
2.298 kr/kg

ÞÚ GETUR VALIÐ SALTKJÖT ÚR KJÖTBORÐUM HAGKAUPS Í KRINGLUNNI, GARÐABÆ, Á EIÐISTORGI OG AKUREYRI.

HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Föstudagur




Austan og norðaustan 18-25 m/s norðan til á landinu í morgun og talsverð snjókoma, en lægir og léttir til norðanlands undir hádegi, en norðvestan til seint í dag. Suðaustan 8-15 m/s í öðrum landshlutum og dálítil él. Hiti 0 til 5 stig sunnan til á landinu, en annars vægt frost.

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -0° | -1° | -7° |
| ← 12 | ↙ 13 | → 2 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -3° | -1° | -7° |
| ↗ 2 | ↙ 10 | ↙ 3 |

### Sunnudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -2° | -3° | -2° |
| ↙ 9 | ↙ 15 | ↓ 5 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -4° | -3° | -5° |
| ↘ 4 | ↓ 7 | ↙ 9 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. aldinlögur
6. hæð
8. liða vel
9. kvk. nafn
11. pípa
12. lægsta hitastig
14. hljóðfæri
16. málmur
17. dolla
18. blóm
20. sjó
21. lítill

**LÓÐRÉTT**
1. drepa
3. tveir eins
4. snæleiftur
5. hestaskítur
7. blóm
10. keyra
13. mein
15. slagæð
16. tímabils
19. dreifa



**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. must, 6. ás, 8. una, 9. lóa, 11. æð, 12. alkul, 14. banjó, 16. ál, 17. dós, 18. rós, 20. sæ, 21. smár. **LÓÐRÉTT:** 1. kála, 3. uu, 4. snæljós, 5. tað, 7. sólblóm, 10. aka, 13. und, 15. ósæð, 16. árs, 19. sá.

### Skák Gunnar Björnsson

Paoli átti leik gegn de Angelis í Genf árið 1989.

**Hvítur á leik**

**1. Hxg7+! Kxg7 2. Hg1+ Kf7 3. Dh7+ Kf8 4. Dxc7** og svartur gafst upp. Vachier-Lagrave og Nakamura komu efstir í mark í Gíbraltar og þurftu að tefla til úrslita.

**www.skak.is** Allt um Nóa Síríus-mótið.



## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | 1 | 2 | | 7 | | 8 |
| | | | 6 | | 7 | | 4 | |
| | | 5 | | 8 | 9 | | 2 | 6 |
| | 9 | | | | | | | |
| 7 | 8 | 6 | | | | 5 | | |
| 5 | | 3 | | | 4 | | 9 | 2 |
| 2 | | | 8 | | | 3 | | |
| | | 9 | | | 3 | | | |
| 1 | 3 | | | 4 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 4 | 7 | | | |
| 6 | 7 | | | | | | 5 | |
| 9 | | | 1 | | 5 | | 6 | |
| 3 | 6 | 2 | | 7 | | 5 | | |
| | | | 9 | 6 | | 1 | | |
| | | 1 | | | | 3 | | |
| | | | | | | | | 5 |
| | 1 | | 8 | | | 7 | 9 | |
| | 5 | 6 | 3 | 1 | | 8 | 4 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | | 8 | | 4 | | 2 | |
| | | 8 | | | 5 | 6 | | |
| 5 | | 9 | | 1 | | | 3 | 4 |
| | | 7 | | | | | | 3 |
| | | | 9 | 8 | | | 5 | |
| | 1 | | | | | | | 2 |
| 3 | | | | 6 | | 1 | | |
| | | 6 | 2 | 4 | 1 | | | |
| 8 | | | | | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 4 | 7 | 2 | 6 | 1 | 9 | 8 | 3 |
| 6 | 1 | 3 | 4 | 8 | 9 | 5 | 2 | 7 |
| 8 | 9 | 2 | 3 | 5 | 7 | 1 | 4 | 6 |
| 7 | 5 | 1 | 8 | 9 | 2 | 3 | 6 | 4 |
| 9 | 6 | 8 | 1 | 3 | 4 | 7 | 5 | 2 |
| 2 | 3 | 4 | 5 | 7 | 6 | 8 | 9 | 1 |
| 1 | 7 | 5 | 6 | 4 | 8 | 2 | 3 | 9 |
| 3 | 2 | 6 | 9 | 1 | 5 | 4 | 7 | 8 |
| 4 | 8 | 9 | 7 | 2 | 3 | 6 | 1 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 5 | 7 | 8 | 1 | 4 | 2 | 9 | 3 |
| 3 | 8 | 2 | 5 | 9 | 6 | 1 | 4 | 7 |
| 4 | 9 | 1 | 2 | 3 | 7 | 8 | 5 | 6 |
| 7 | 6 | 5 | 3 | 2 | 9 | 4 | 8 | 1 |
| 8 | 2 | 4 | 1 | 7 | 5 | 6 | 3 | 9 |
| 9 | 1 | 3 | 4 | 6 | 8 | 5 | 7 | 2 |
| 5 | 7 | 9 | 6 | 8 | 2 | 3 | 1 | 4 |
| 1 | 4 | 6 | 9 | 5 | 3 | 7 | 2 | 8 |
| 2 | 3 | 8 | 7 | 4 | 1 | 9 | 6 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 8 | 2 | 1 | 9 | 3 | 7 | 5 | 4 |
| 3 | 4 | 9 | 2 | 5 | 7 | 6 | 8 | 1 |
| 1 | 7 | 5 | 6 | 4 | 8 | 9 | 2 | 3 |
| 8 | 9 | 3 | 7 | 1 | 2 | 4 | 6 | 5 |
| 7 | 1 | 4 | 9 | 6 | 5 | 8 | 3 | 2 |
| 2 | 5 | 6 | 8 | 3 | 4 | 1 | 7 | 9 |
| 4 | 2 | 1 | 3 | 7 | 6 | 5 | 9 | 8 |
| 5 | 3 | 7 | 4 | 8 | 9 | 2 | 1 | 6 |
| 9 | 6 | 8 | 5 | 2 | 1 | 3 | 4 | 7 |






## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# FRÉTTABLAÐIÐ

# 59,9%

**íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 12–80 ára lesa Fréttablaðið daglega.***

Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.






Skv. prentmiðlakönnun Gallup, okt.– des. 2015.




Allt sem þú þarft ...



Ólöf Kristín sýningarstjóri fyrir framan verkið Lífshlaupið sem Kjarval málaði á árunum 1929-1933 á veggi vinnustofu sinnar í Austurstræti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Viljum kveikja áhuga út frá rýminu og verkunum

**Hugur og heimur kallast sýning á verkum Kjarvals sem verður opnuð á Kjarvalsstöðum undir stjórn Ólafar Kristínar Sigurðardóttur í dag en í kvöld fer fram Safnanótt í yfir fjörutíu söfnum víða um Reykjavík.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Kjarvalsstaðir eru fallegt hús og skemmtilega staðsett enda fara tugir þúsunda gesta hér í gegn á hverju ári. En því fylgir líka álag og við erum að opna aftur í dag eftir endurbætur þar sem við löguðum gólf og loft í sýningarsölunum,“ segir Ólöf Kristín Sigurðardóttir, sýningarstjóri og safnstjóri Listasafns Reykjavíkur, en í dag kl. 18 verður opnuð á Kjarvalsstöðum stór sýning á verkum Jóhannesar S. Kjarvals undir heitinu Hugur og heimur.

„Sýningin er tvískipt og samanstendur annars vegar af verkum í eigu Listasafns Reykjavíkur og hins vegar af verkum í eigu Ingibjargar Guðmundsdóttur og Þorvaldar Guðmundssonar í Síld og fisk. Við förum ekki þá leið að setja verkin í sögulegt samhengi og sýningin byggir ekki á einhverri sérstakri rannsókn á verkunum.“ Ólöf staðnæmist og dæsir: „Mér leiðist alltaf aðeins þegar fólk segir hvað hlutirnir eru ekki.“ Og fer svo að skellihlæja að vandræðaganginum í sér.

### Persónuleg upplifun

„En það sem sýningin er hins vegar er framsetning á verkum Kjarvals byggð á upplifun. Við leitumst við að gera umhverfi safnsins þannig að það ýti undir upplifun hvers og eins af verkunum. Við erum að horfa á ákveðin þemu sem ganga í gegnum feril Kjarvals; bæði hvernig hann horfir á landið sem og fantasíuverkin og síðan renna þau saman í ákveðinni upplifun. En það er dálítið erfitt að tala um þetta því við byggjum bæði á ákveðinni upplifun af rýminu og upplifun af einstökum verkum.

Eins og t.d. þegar ég geng til móts við þetta verkefni að gera Kjarvalssýningu á Kjarvalsstöðum einu sinni enn, þá hugsa ég óneitanlega hvort að það einfaldlega dugi fyrir okkur að flytja Blómakörfur frá BSR frá austurveggnum og yfir á vesturvegginn? Eða þurfum við að gera eitthvað meira? Þess vegna fékk ég Axel Hallkel Jóhannesson til liðs við okkur við að búa verkunum þannig skilyrði að samtímamaðurinn fái sterka upplifun af hverju og einu verki. Við viljum kveikja meiri áhuga á Kjarval út frá rýminu og hverju og einu verki.“

### Afstaðan til landsins

Aðspurð hvort hún telji landslagið í verkum Kjarvals hafa verið ríkjandi í hugum Íslendinga þá segir Ólöf Kristín að sér finnist það nú ekki endilega vera tilfellið. „Ég held að mjög margir þekki líka fantasíuverkin sem byggja á því hvað Kjarval hafði þjálfaða sjón og með því á ég ekki við færni til að greina það sem fyrir augun ber heldur hæfileikann til þess sjá það sem er handan við þetta augljósa. Hvernig hann t.d. horfir á náttúruna. Þegar hann er að byrja sinn feril þá er t.d. virði landsins kannski meira fólgið í því hvernig við nýtum það, hvernig við yrkjum jörðina, en í dag er viðhorfið allt annað og við horfum allt öðruvísi á þetta sama land. Er þetta fegurðin fegurðarinnar vegna eða erum við að hugsa um nýtingarmöguleikana? Það er mjög gaman að velta fyrir sér verkum Kjarvals í þessu samhengi án þess að ég ætli að fara að taka einhverja afstöðu fyrir hans hönd.



Verkið Skjaldmey frá 1961 eftir Kjarval er að finna á sýningunni að Kjarvalsstöðum.

Á sýningunni er nálgunin að þetta er framsetning á verkum sem er ætlað að styðja hvert annað en síðan er það bara áhorfandinn sem upplifir verkin hver og einn á sínum forsendum.“

### Veggfóðrað lífshlaup

Stærsta verkið á sýningunni er verkið Lífshlaupið og Ólöf Kristín segir að það eigi sér forvitnilega sögu. „Þetta er verk sem Kjarval málaði innan í vinnustofu sinni uppi í risi í Austurstræti 12. Þar málaði hann þetta verk á gólf, loft, veggi og innanstokksmuni og það má eiginlega segja að þetta sé fyrsta innsetningin eða rýmisverk íslensks listamanns. Í verkinu er landslag og fantasía og öll þau umfjöllunarefni sem maður getur greint í verkum hans.

Verkið var lengi þarna á háaloftinu en var tekið niður á níunda áratugnum og sent til Kaupmannahafnar í forvörslu. Þaðan rataði verkið svo í safnaeign Ingibjargar og Þorvaldar. Verkið er málað á efni sem er eins og veggfóður en Kjarval sagði í viðtali 1936 að hann hefði málað hvítt yfir veggfóðrið og svo lét hann að því liggja að þetta væri nú líkast til með hans skárri verkum.

**ER ÞETTA FEGURÐIN FEGURÐARINNAR VEGNA EÐA ERUM VIÐ AÐ HUGSA UM NÝTINGARMÖGULEIKANA?**

Við sýnum það aðeins öðruvísi en áður hefur verið gert þar sem við tökum þetta rýmisverk og fletjum það aðeins út, sýnum á dökkum fleti og lyftum því svo aðeins. Að mínu mati gerir það upplifunina af verkinu enn þá sterkari enda er það sýnt sem heildstætt listaverk.“

### Safnað eftir smekk

